



KOSMÍSKA KENNINGIN

THE COSMIC DOCTRINE

DION FORTUNE

FRÆÐSLA UM ALHEIMINN

Það efni sem birtist í þessari bók mun gefa dulspekinemum dýpri skilning á kosmískum lögmálum og leiða til verulegrar vitundarvikkunar og aukinnar dulrænnar þekkingar.

KOSMÍSKA KENNINGIN

Í tveim hlutum

Endurskoðað og með viðbótarefni frá sama uppruna.

DION FORTUNE

Endurskoðuð og aukin prentun LONDON. 1957

Fyrsta útgáfa 1949

Öll réttindi áskilin

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR

I : KOSMÍSK ÞRÓUN.

1. Dögun birtingar.
2. Fyrsta þrenningin.
3. Bygging atómsins.
4. Þróun atómsins.
5. Upphaf sólkerfisins.
6. Kosmísk áhrif á sólkerfið.

II. ÞRÓUN LOGOS OG DROTTNA HANS.

7. Þróun hinnar miklu veru.
8. Kosmísk tengsl hinnar miklu veru.
9. Þróun sólkerfis.
10. Tengsl sólkerfis og vitundar Logos.
11. Viðbrögð og kosmískt minni.
12. Vitundarbirting í sólkerfi.
13. Upphaf hugar og hópvitundar.
14. Bygging fræ-atóms á sjöunda sviðs líkama.
15. Þróun plánetumyndunar.

16. Þróun Loga,-Forms-og Hugardrottna.

17. Áhrif Drottna á hnettina.

18. Þróunartakmark Lífsveima.

III. ÁHRIF Á ÞRÓUN MANNKYNS.

19. Áhrifaþættir.

20. Kosmísk áhrif.

21. Tengsl Logosar á birtingu sólkerfis.

22. Áhrif af birtingu sólkerfis.

23. Önnur þróun á plánetu.

24. Eigin áhrif mannkyns.

25. Lögmál virkni og gagnvirkni.

26. Lögmál takmarka.

27. Lögmál hinna dauðanna sjö.

28. Lögmál áhrifa/flutnings virkni milli sviða.

29. Lögmál aflþátta eða pólunar.

30. Lögmál aðdráttarafls ytri geims.

31. Lögmál aðdráttarafls miðjunnar.

INNGANGUR

Þessi hluti fræðslunnar var mótttekinn af innri sviðunum 1923 og 1924. Sá sem gaf hana er mjög þroskaður maður. Persónubirting hans í síðustu jarðvist er þekkt en verður ekki gefin upp, en þá var hann heimsþekktur heimsspekingur og kennari. Hann er einn hinna miklu meistara.

Tilgangur þessarar fræðslu er að koma á framfæri dýpri skilningi á kosmískum lögmálum og víkka vitundina svo hún megi lyfta hugsunum til þess sviðs sem þær eiga uppruna í. Þessi fræðsla mun einnig mynda grunn sem hægt er að byggja á verulega andlega þekkingu og hefur að geyma útskýringu á miklu efni sem ekki hefur verið aðgengilegt hingað til fyrir hinn almenna lesanda. Vegna umfang efnisins sem er ofar takmörkun efnishuga okkar er nauðsynlegt að notast við mikil líkingartengsl.

Lesandanum er ráðlegt að gefast ekki upp í viðleitni sinni til að fá sem mest út þessari fræðslu með skoðun og íhugun.

Orðið „Meistari“ sem notað er í andlegum ritum er ekki það orð sem ég vildi hafa kosið að nota þar sem það hefur tengingu við „meistari og þjónn“ og eins og gefið er hér í skyn, „meistari og nemi“ Hins vegar tókum við í arf þessa hefðbundnu tjáningu á Vesturlöndum í leit að „Gömlu viskunni,“ og verðum því að gera okkur það að góðu, það er þó mögulegt og æskilegt að fella út erlend tökuorð (venjulega úr Sankrit og Hindu) eins mikið og hægt er og nota venjulegt mál sömu merkingar. "Logos" (gríska) er þó notað í efninu það sem það hefur vel skilgreinda

merkingu í stað orðsins „Guð“ sem oft hefur frekar ólíka merkingu í hugum fólks og mjög tengt sannfæringu safnaðar.

Hvað varðar orðið „Meistari“ eða fullnumi á innri sviðunum vil ég taka skýrt fram að slíkir eru mun þroskaðir en þeir tengiliður „að handan“ sem lýsa „sumarlandinu“ þ.e. þeirra persónulegum sviðum að handan. Þeir síðastnefndu hafa lítið að segja hinum almenna upplýsta manni, þeir fyrrnefndu geta gefið mikið, en vinna aðeins með vel völdum og þjálfuðum einstaklingum, sem geta haft „samband“ við hvern og einn okkar til að ná árangri sem kemur fram í innsæislegum skilningi. Þetta ætti þó að taka með allri varúð og ef efnið virðist ekki traust ætti ekki að taka því sem sannleika.

Fullnumar innri sviða hafa svarað spurningum um tilveru sínar og aðstæður nokkru sinnum og þrír úrdrættir hér að neðan geta gefið þeim sem ekki eru kunnir efninu nokkra innsýn. Þessir miklu hugar hafa þroskast umfram þörf á endurfæðingu og kjarni reynslu þeirra úr öllum lífum þeirra á jörðunni er samandreginn í núverandi tilveru. Það þarf ekki að taka það fram að þeir munu ekki endurfæðast aftur og allar sögur um hvar þeir lifuð eru tilbúningur, fyrir þá sem vita hvaða þroski fellst í „Fullnuma/Meistara“ segir sig sjálfst að slíkir eru ekki í birtingu í dag á jörðunni. Það eru að sjálfsögðu mjög þroskaðir og upplýstir menn í birtingu, en þeir eru ekki enn „Meistarar.“ Það má vera að í framtíðinni eftir því sem þróunin heldur áfram að það verði „upplýstir menn“ á „Meistarastigi“ á jörðunni í stað þess að halda á innri sviðin, en með full tengsl við innri og ytri sviðin til þess að vinna að ákveðnum verkum svo lengi sem efnislegi líkaminn er fær um það.

Úrdrættir:

(1)

" Ef maður leitar „Leiðarinnar“ sýnir hann skýra löngun. Þessari löngun er veitt eftirtekt á innri sviðunum og hann mun verða setur í „bekk“ í samræmi við skaplyndi hans. Eftir ákveðin tíma undir leiðsögn er hann settur undir leiðsögn leiðbeinanda, það er fyrstu verk sálna sem þeim eru fengin á þessum sviðum. Leiðbeinandinn mun reyna að halda fræðslu að nemanum með fjarhrifum og neminn verður að reyna að ná því sem „sagt“ er.

Síðar mun neminn verða tengdur við „lægri“ meistara og verður einn af mörgum nemum sem slíkur meistari ber ábyrgð á. Leiðbeinandi hefur aðeins einn nema í hvert sinn, en meistari hefur marga. Eftir því sem neminn þroskast mun hann komast undir leiðsögn meistara af hærri stigum. Vandamál nemans verður ávallt það að ná því sem meistari hann „segir“. Því hærra sem stig meistarar er, því „fjarri“ eru þeir jörðunni.“

(2)

„Hvað eru Meistarar? Menn eins og við, en eldri. Þeir eru ekki guðir, englar né náttúruöfl, en þeir eru einstaklingar sem hafa náð þeim markmiðum sem þú hefur sett þér sjálfum. Hvað þú ert núna, voru þeir einu sinni. Hvað þeir eru nú, getur þú orðið.“

Hefur þú svo litla trú á að lifa líkamlegan dauða og skilur því ekki tilveru meistaranna? Hefur þú svo litla trú á þróun mannsins að þú geti ekki skilið að til eru menn sem eru svo mikið þroskaðri en þú sjálfur ert ofar skepnum? Hefur þú svo litla þekkingu á afli hugans að þú trúir ekki að hægt sé að hafa samskipti við meistaranna? Ef það er ekkert til hærra en þú sjálfur, hvaða von hefur þú þá? Ef þú viðurkennir möguleikann, því þá ekki að reyna? Ef þú reynir, er þá ekki nokkuð

víst að fyrstu tilraunir verði grófar, ófullkomnar og ónákvæmar? Ef þú byrjar ekki, nærðu aldrei árangri. Alveg eins og barn talar slitrótt áður en það fer að tala reiðbrennandi. Ef þú reynir ekki, nærðu aldrei að tala. Við skulum kenna þér tungutakið.“

(3)

„Meistarar eins og þú sérð þá, er „ímyndun“. Takið eftir að ég sagði ekki að meistarar væru ímyndun. Ég sagði „*Meistarar eins og þú sérð þá.*“ Þú getur ekki skilið hvað við erum og það er tímasóun að reyna það, en þú getur ímyndað okkur á tilfinningasviðinu og við getum tengst þér gegnum þína ímyndun og þó hugmynd þín sé ekki raunveruleg þá er árangurinn raunverulegur.

Meistarar eins og þeir eru álitnir vera í ýmsum andlegum hópum er algjör uppspuni, svo lengi sem þú ert í „þéttri“ vitund verður þú að nota tilfinningasviðið til að ná til afstæða sviðsins. Það eru lögmál hugforma tilfinningasviðsins sem eru kennd í dulfræði.

Munurinn á manni sem snertir ímyndanir tilfinningasviðsins og manns sem með tilfinningaímyndun snertir andlegan raunveruleika er sá að hinn fyrri rís ekki upp fyrir tilfinningasviðið, en sá síðari hefur andlega viðleitni og skilning sem hann færir í gegn um „heilavitundina“ með tilfinningaímyndun.“

Meistarinn sem er ábyrgur fyrir þessari fræðslu sagði í upphafi fyrsta fyrirlestrar í þessari bók. „Ég hef áhuga og læt mig varða fræðslu og hef ávallt verið tengdur nemum. Það er ekki það auðveldasta að koma á framfæri greinagóðri kosmólógíu og vísindum um manninn og það má vera að það skiljist ekki allt, en það er nægilegt að þið hafið efnið. Það eru til ýmsar bækur um hina „Fornu Visku“, en þær bækur eru aðallega fyrir þá sem fylgja ákveðinni þróunarbraut því bækur

tala ekki aðeins til vitundarhugann, heldur einnig til undirvitundinna. Þær ýta hugsunum inná upprunasvið hugtakanna.

Þekking fellur í tvo flokkar—staðreyndir og skýringar á þeim. Þekking samanstendur aðeins af því sem er til staðar í heilanum. Það sem kemur ekki í heilann er ekki hægt að þekkja. Þess vegna getur þú aðeins vitað það sem skilningsvitin segja þér. Þegar ný skilningsvit opnast fyrir þér verða fleiri tilverusvið þekkt. Það eru þó takmörk fyrir mögulegri þekkingu — endanleikinn. Skilningur hættir við landamæri birtingarinnar. Það sem liggur handan hennar getum við aðeins þekkt með samlíkingum.“

Í þessa flókna efni verður erfitt fyrir sérhvern lesanda að tengjast því og hafa verður í huga að móttakandi efnisins hefur reynt að finna orð og líkingar sem hæfa þessum mótteknu hugmyndum sem best. *Hver og einn ætti að nota ímyndun sína og innsæi við lesturinn, því þetta er ekki einföld yfirlýsing sem lausn á eðli efnisins, heldur tilraun til að ná utan um þessar afstæðu hugmyndir niður í skiljanlegt form fyrir þá sem eru enn í efnislegri birtingu frá þeim sem hafa fyrir löngu hætt að hafa þörf fyrir efnislíkama.*

The Society of the Inner Light, stofnað af Dion Fortune, hefur námskeið fyrir þá sem hafa alvarlegan áhuga á að nema vestrænar andlegar hefðir.

I. hluti. Kosmísk þróun

I Kafli.

DÖGUN BIRTINGAR

Hið Óbirta er skýr tilvist. Við getum ekki sagt um að það sé *ekki*. Þó það sé ekki í birtingu er það. Það er uppruni alls sem er.

Það er hinn eini „raunveruleiki.“ Það eitt er efnið. Það eitt er stöðugleiki, allt annað birtist og verður til. Um þetta Óbirta getum við aðeins sagt, „Það ER.“ Það er sögnin að „að vera“ snúið til baka til sjálfs síns. Það er hrein tilvera að „vera“ án eiginleika og án sögu. Allt sem við getum sagt um Það, er að það er ekki eitthvað sem við þekkjum, því ef við vissum eitthvað, þá hefur það birst okkur til að þekkja það og ef það er í birtingu þá er það ekki hið Óbirta. Hið Óbirta er því hin mikla andstæða, en á sama tíma er Það óendanleiki sem enn hefur ekki átt sér stað. Það er best skilið undir viðáttu himingeimsins eins og við sjáum hann.

Í þessari dulfræði verður þér gefnar ákveðnar myndir og undir áhrifum þeirra ráðlagt að hugsa um ákveðna hluti. Þessar myndir eru ekki eiginlegar heldur táknrænar, og eru gerðar til að þjálf hugann, en ekki að upplýsa hann. Þess vegna ættir þú að hugsa hið Óbirta sem himingeiminn, eða öllu heldur rýmið milli stjarna og hugsa Logos sem sólina með allt sólkerfið umhverfis sig og útstreymi hans sem geisla. Hið óbirta er hin eina eining. Birtingin byrjar þegar tvíeðlið verður til.

Grunnur tvíeðlis er „rými“ og „hreyfing.“ Fyrsta birtingin var hreyfing í rúmi (geimnum)—þessi líking sem ég verð að nota kann að hafa lítil áhrif í huga þér. Allt sem ég get sagt til að lýsa þessu er, „rýmið var á hreyfingu“, þau orð gefa þér vísbendingu að mörgu.


Þegar rýmið hreyfðist hefur það þessa sérstöku eiginleika,—vegna mótstöðuleysis missir það aldrei hröðun og heldur því áfram að flæða fram. Þegar rýmið hreyfist eru tvö öfl að verki:—

- (a) Aflið sem veldur hreyfingunni, —löngun rýmis til að hreyfast.
- (b) Aflið sem hingað til hélt aftur af því að rýmið hreyfðist, —löngun rýmis fyrir kyrrstöðu.


Þessi tveir þættir eru til staðar í allri hreyfingu, en þar sem löngunin til að hreyfast var sterkari, yfirvinnur hún löngunina fyrir kyrrstöðu, en löngunin til kyrrstöðu hefur áfram áhrif sem nokkurskonar fyrirstaða.

Þessi ístaða kyrrstöðunnar togar örlítið í hreyfinguna. Þess vegna er ekkert sem heitir bein lína í geimnum. Öll hreyfing hefur því örlitla kúrfustefnu upp á við og því mun hún að lokum enda á upphafstað sínum og hefur því myndað spinnandi hringferill.

Frumhreyfingin, Hring-Kosmos er aðeins flæði rýmisins sem snýr aftur á upphafstað eftir óralanga tíð og heldur enn á ný áfram ferðalagi sínu í nýjan hringferill. Þetta myndar spinnandi belti með gífurlegu ummáli. Þetta belti snýst á einu sviði á óralöngum tíma og snýst án afláts.




Hring-Kosmos



En tilhneiging þess er að tengja hreyfingu sína við rýmið umhverfis það, sem leiðir til þess að meira rými flæðir með og inni þessa spinnandi hringhreyfingu. (Munið að allt þetta eru líkingar)

Hringhreyfingin á einu sviði heldur áfram þar til spennan sem hún myndar, vekur upp nýja hreyfingu, annan straumur í geimnum verður til hornrétt á þá fyrstu og sami gangur endurtekur sig eins og í þeim fyrri.




Þessi spinnandi aflsviðum má líkja við Hringi Satúrnusar.


Nú höfum við tvö spinnandi svið, annað innan hins og við ættum að muna að það seinna er utan um það fyrra og hefur því meira þvermál.

Um ómunatíð snúast þessi beltí hornrétt hvert um annað og öll þróun ræðst af stærðarmuninum milli sviðanna. Þegar sá stærri hefur náð sama snúningshraða eins og sá minni og eldri, leitast hann til að draga til sín þætti þess minni, afleiðingin er að eldri hringurinn dregst að þeim nýrri.

Gerum ráð fyrir að fyrri hringurinn hafi efra og neðra yfirborð. Efra yfirborðið á útflæðisboganum má gefa sér að sé jákvæður (+) og neðra yfirborð neikvætt (-). Öfug formerki eru í tilfalli innflæðisbogens. Sama á við seinni hringferilinn.



Þessir hringir dragast að og hrinda frá sér hvor öðrum, svo þú séð fyrir þér að efra yfirborð útflæðisbogans (fyrri hringins) er jákvæður þar sem hann rís upp til neikvæðs þáttar í seinni hringnum og neðra yfirborð innflæðisbogans (seinni hring) pressast niður og þannig miðlar seinni hreyfingin til hringferils disksins. Þegar þessi seinni hreyfing hefur lokið sinni fyrstu hringrás og náð stöðugri hringrás er nýr alheimur í móttun. Þetta er besta mögulega myndlíking sem hægt er að gefa af upphafi alheims.



Hring-Takmörk


Önnur afleiðing þessarar fyrstu hringrásar er Hring-takmörkin (Ring-Pass-Not) og hringrás seinna sviðsins setur mörk að Óreiðu (Kaos). Við ytri mörk þeirrar hringhreyfingar alheimsins er önnur afleiða hennar, frumkyrrðin, óhreyfanleikinn sem hann á uppruna sinn í, þar verður endurkast krafta Alheimsins, það sem heldur á móti, það sem gerir skriðþungan mögulegan, við getum kallað þessi mörk Hring-Kaos (Ring-Chaos)—„Frummótstöðuna.“ Hún varð til vegna

viðbragða frumkraftsins við mótstöðu hennar og snýst hornrétt á frumsnúninginn. Hún andsvarar þeim fyrri. Þar var aðdráttarafl Hring-Kaos sem setti Hring-Kosmos í seinni hreyfingu og myndaði seinni hringferilinn sem við köllum Hring-takmörk, (Ring-Pass-Not), frumtakmörkin. Því er það að í grunninn er það Frum-mótstaðan (Prime Evil) gerir alheimi kleyft að birtast.

Áður en við höldum lengra, verðum við að útskýra hugtakið um hið illa. Hér á undan var sagt að fyrsta hreyfingin skapaði þá seinni hreyfinguna í samræmi við lögmálið um gagnvirkni og seinni hreyfingin andstæð hinni fyrri skapaði stöðugleika. Það er ávallt virkni andstæðna að skapa stöðugleika. Hið illa er í þessum skilningi einungis andstaða hornrétt á frumhreyfinguna. Það er seinni hringferilinn sem rís sem andstaða við frumhreyfinguna. Þú munt heyra meira síðar um hugtakið hið illa. Hið illa eða mótstaðan felur í sér endanleika—takmörkun og þess vegna staðnar það og því nauðsynlegt að skilja það til fullnustu því þá má nota afl þess á réttan hátt sem þrýstiafl. Það er þegar tilraun er gerð til að vinna kröftuglega með öflum Hring-Kaos sem hið illa verður til eins og það er þekkt í þeim skilningi. Hið illa verður að skiljast í andlegum skilningi sem takmörkun sem gerir mögulegt að mynda spennu—eins og þegar höfnun auðveldar okkur að ná einbeitingu.

Ég skal gefa ykkur dæmi; „Saurlífi“ segir þú, „er af hinu illa og ber að forðast“, og því er lífsorkunni beint að efri sviðunum því ákveðinni tjáningu er hafnað þar. Ef engin væri neitunin, heldur aðeins frjáls flæði fullkomins samræmis, þá yrði engin einbeiting og því engin vinna. Þú getur ekki náð neinu afli úr opnum katli. Virkni mótstöðunnar (hins illa) verður að ígrunda vandlega. Þér munt ávallt verða ýtt af leið af hinu illa. Allur þroski til hærri sviða er vegna mótstöðu hins illa. Ef engin er mótstaðan, illskan, væri engin ástæða til þroska, þá yrði engin vöxtur, engin þróun.

Við skulum draga saman fræðsluna: Við höfum upphafshringsnúning Hring-Kosmos; viðbrögð við honum veldur upprisu Hring-Kaos; aðlöðun að Hring-Kaos veldur seinni hringsnúningi Hring-Kosmos sem myndar Hring-takmörkin (Ring-Pass-Not).



Hreyfingin í Hring-Kosmos sem hringsnúst á einu sviði og snýst eins og um öxull setur mörk sem lífið á því sviði getur ekki farið yfir, jafnvel í hugsun. En þetta svið er líka umhverft af tveim aflmörkum—Hring-Kosmos og Hring-Kaos, sem snúast hornrétt hvort á annað. Snúningur Hring-Kosmos er uppruni aflsins sem þróunin fær hreyfiafl sitt frá og snúningur Hring-Kaos er uppruni afls þess sem afþróunin fær hreyfiafl sitt frá.

Þróun er þrýstikraftur frá ummálinu til miðju.

Afþróun, eða upplausn sem sogast að ytri geimnum.

Hring-Kaos tilheyrir ekki sviðinu sem það umhverfist, heldur ytri geimnum. Þetta er mikilvægt að atriði að hafa í huga.

Hring-Kosmos laðast að sviðinu sem það umliggur.

Hring-Kaos laðast að sviðinu sem umliggur það.

Hring-Kosmos leitast við að víkka út miðjuna.

Hring-Kaos leitast við að víkka út ummálið.

Hring-Kosmos leitast við að þéttast með aðlögun.

Hring-Kaos leitast við að snúa til baka til þess Óbirta og því, ef áhrif þess væru óheft myndi það minnka sviðið sem það umlykur í ekkert.

Ef áhrif Hring-Kosmos yrðu óheft, myndi allt verða fast í núinu.

Áhrif þessara tveggja afla er uppruni allra afla í Alheimi. Vegna þess að Hring-Kosmos þéttir, —byggir upp. Vegna þess að Hring-Kaos leysir upp —vex ekki.

Þessa tvo hringi viljum við kalla það góða og það illa. Líf og dauða. Ljós og myrkur. Anda og efni. Tilvera og ekki tilvera. Guð og Djöfull, vegna þess að hvert þessara möguleika á rætur í samsvarandi hring. En það þarf að vera réttilega skilið að hringirnir eru hvorki „Góður“ né „Illur“ eins og þessar skilgreiningar á þessum þáttum eru skildir, heldur einungis hringferlar sem snúast hornrétt á hvorn annan og þar afleiðandi í andstöðu. Það er einungis að sá fyrri sem myndaðist er kallaður „góður“ og hornandstaðan við hann er kallað „Illur“ og það gæti alveg eins verið að að í öðrum Alheimi að fyrri sviðið mundi byrja að spinna með öðru hallahorni—hallahorni sem hér er kallað „Illt.“ Það yrði engu að síður að vera „gott“ fyrir þann Alheim, því „gott“ og „illt“ snúast ekki um hornafstöðu heldur einfaldlega að vera afstæð hvort við annað. Fyrsta aflið sem rís er kallað „gott“ vegna þess að frá því rísa aflmörkin sem við köllum þróun. Allt sem kemur á eftir er mælt frá stöðu þess.

Svo lengi sem þau hreyfast með sama horninu eru þau þekkt sem „góð.“ Þau sem koma hornrétt þar á eru þekkt sem andstaða og kölluð „ill.“ Mótstaða er einfaldlega það sem hreyfist í andstæða stefnu við þróunina. Mótstaða er það sem nálgast hreyfingarsvið Hring-Kaos og þess vegna hefur það tilhneigingu til snúa til baka til þess Óbirta. Öll mótstaða sem byggist upp í sólkerfi dregst að Hring-Kaos og er sjálfeyðandi, vegna þess að sjálf hugmyndin „illt“ felur í sér afl sem hneigist til að vera án tilveru.

Þannig getur þú nýtt hið „illa“ með tvennum hætti:—

- a) Það sem hjálpar þér til að læsa afl þess góða með andstöðu og tryggja þannig stöðugleika—fótfestu. Mótstaða gerir þér kleyft að hafa tak á umráðasvæði.

- b) Mótstaða hreinsar upp fyrir guðina ef hún fær að starfa óáreitt. Þess vegna sagði hin mikli „Standið ekki gegn hinu illa.“ Þegar þú stendur gegn mótstöðunni þá læsir þú afl þess góða. Þú læsir afls þess góða sem sem heldur mótstöðunni í skefjum. Það þjónar engum gagnlegum tilgangi, nema að þú hafir ótæmandi góðvild sem endist og sem stígur þaðan upp til hæstu hæða.

Þess vegna er ekki nóg að mæta hatri með kærleika—mæta illu með góðu. Ástæðan er fáfræði og þess vegna hafa hefðbundin trúarbrögð haft svo lítil áhrif í heiminum. Þú verður að mæta hatri með nægilegu hatri til að valda læsingu á afl þess. Þú verður að hata hatrið, og þegar tekist hefur að gera það illa óvirkt með andstöðu getur kærleikurinn risið upp og notað það sem þrýstiafl.

Þú mætir aðeins mætir mótstöðu þegar þú vilt skapa uppbyggjandi verk—þegar þú vilt skapa eitthvað nýtt. Þú stendur ekki gegn henni ef þú vilt eyða einhverju. Þú skapar tómarúm kringum það. Þú hindrar að mótstaðan snerti það. Þegar það er án mótstöðu, er það frjálst að að fylgja sínu eigin eðlislögmáli, sem

er að fylgja hreyfingu Hrings-Kaos. Það færir út til endimarka sólkerfisins þar til það kemur að hringhreyfingu Hring-takmarkanna sem það kemst ekki í gegnum, en það er komið á stað með svo frumstæðan einfaldleika að það leysist upp í sín eigin frumefni og þau dragast að næstu hreyfingu, sem er Hring-Kosmos og er í gott í eðli sínu.

Því leysist hið illa upp í frumefni tilverunnar þegar henni er ekki veitt mótspyrna—fyrsta form birtingarinnar. Það hættir að vera skipulegt. Það hættir að hafa eiginleika. Það byrjar á upphafsreit að nýju, umbreytt með óvirkni í gott eðli.

Það er hringsnúningur þessara tveggja hringja sem skapa áhrifin sem spila svo á sköpunina.

Þú ert nú í stöðu til að skilja af hverju dulúð hins illa er leyndardómur þeirra Innvígðu,* það hefur mikið notagildi að skilja hið illa. En óagaður maður sem vissi um það og nýtingu þess til góðs, mundi nota það kröftuglega á hina jákvæðu hlið birtingarinnar en hafa ekki þann stöðukraft til að takast á við neikvæðu eiginleika þess sem hinir Innvígðu hafa. Athugið að þetta er rúmfræði. Þess vegna eru tölur svo mikilvægar og munum að tölur í dulspeki vísa í gráður hornanna. Stærð-horna í Hvíragaldri eru tengdar Hring-Kosmos. Stærð horna í Svartagaldri eru tengdar Hring-Kaos. Hugsið ávallt um tölurnar sem tilvísun gráðufjölda horna í þessum samtengdu orkulínum, munið að þegar þið vinnið á fleiri en einu sviði fáði þið hornið þar sem tengilínur sviðanna mætast. Þið fáði fleiri leiðbeiningar en það. Hvert svið hefur þrjá hringi, eins og Kosmosinn. Þið náði einnig tengingu milli mismunandi hreyfingabátta, eins og tíma og rúms. Við komum að því síðar.

* Þar sem „Innvígður“ kemur fyrir í þessari bók, með stórum staf er átt við upplýstan meistara.

Leiðrétting síðari útgáfu:

Eftirfarandi kom frá uppruna efnisins til að eyða öllum vafa um nafngiftina „Neikvæða Illsku“:

„Að kalla Hring-Kaos „Neikvæðan Illsku“ er óviðunandi. Orðið 'Illska' ætti ekki að hafa verið notað þar sem það getur valdið ruglingi og til þess valdið að misskiljast jafnvel af þeim sem eru vel að sér í hugtökum okkar. Án breytinga og spennu sem skapast af vexti getur Alheimurinn ekki þróast til eigin endaloka. Hring-Kaos er ekki ólíkt Hring-Kosmos, heldur vex af honum og er að eilífu tengt því.“

II. KAFLI

Fyrsta þrenningin.

Þér finnst eflaust að fræðslan sé tyrfín, en trúðu mér að það er erfiðra að setja hana fram en að skilja, því sem á að lýsa er svo mikla ofar því sem tungumál getur lýst og myndum þess verður að byggja upp í vitundinni áður en hægt er að kalla þær fram með mæltu máli.

Þú verður að geta séð fyrir þér alheim í upphafi sem þrjá hringferla. Allt sem er, er aðeins hreyfing—hreyfing í geimnum—einungis hreyfing, frumhreyfing sem myndaði allt sem er, áður var ekkert til að hreyfa. Alheimur er bundinn af þeirri hreyfingu sem kölluð er Hring-takmörk. En auk Hring-takmörkunnar er hreyfing í tvær áttir. Þær eru Hring Kosmos og Hring-Kaos, „gott“ og „illt“ og þau eru uppruni aflanna sem eru þekkt undir þessum nöfnum. Áhrif þessara aflanna eru innan Hring-takmarkanna og geta ekki farið út fyrir þau mörk.

Þessar þrjár hreyfingar eru hin þrjú miklu „frumhöf“ Alheimsins,—fyrsta Þrenningin. Þess vegna er æðsta vera í þessari birtingu ávallt skilin sem Þrenning og því er „þrír“ grundvallartalan. Allt hverfur að lokum til þessara þriggja áhrifa. Allt sem síðar kemur, varðar jafnvægið milli þessara þriggja aflanna

: —

- (a) Afl Hring-Kosmos, sem leitar til miðjunnar.
- (b) Afl Hring-Kaos sem leitar út til ytri geims.
- (c) Afl Hring-Takmörkunnar sem heldur jafnvæði milli þeirra og kemur í veg fyrir að annað hvort þessara afla vaxi um of.

Hring-Takmörkunin er þó uppruninn frá Hring-Kosmos og hefur eðli sitt þaðan frekar en frá Hring-Kaos.

Hring-Kaos verður ávallt að svo líta á að hafi uppruna sinn í ytri geimnum, í því Óbirta og hafi tilhneigingu til að snúa til baka úr birtingu. Það lítur til fortíðar og leitar ávallt að aðstæðum fortíðar.

Hring-Kosmos leitast við að draga saman, en Hring-Kaos til að leysa upp. tilhneiging Hring-Kosmos er til framtíðar.

Hring-Kaos getur aldrei byggt upp, því hvaða afl sem það nálgast mun leysast upp.

En afl Hring-Kosmos viðhelst vegna samtengingar við Hring-takmörkin. Því aflið sem Hring-Kosmos geislar út í geiminn innan ummáls síns kemst ekki út vegna áhrifa Hring-Takmarkanna. Með þessu samhengi í virkni þeirra mynda þau stærri og meiri áhrif.

Snúum aftur að því er Hring-Takmörkin luku sínu fyrsta hringferð og Alheimur myndaðist þar með.

Hvaða aflmyndun sem er, myndar aðra hreyfingu þegar hún nær hámarki í hröðun, seinni hreyfingin er framlenging af umframafli fyrri hreyfingarinnar, því afl getur af sér afl þegar það hreyfist í mótstöðuleysi.


Frumathafnasemin er HREYFING.

Önnur athafnasemin er LJÓS.

Þriðja athafnasemin er HLJÓÐ.

Hreyfing Hring-Kosmos setur af stað annan sveim innan áhrifasviðs síns, tilhneig-
ing þess er að draga meiri og meiri geim inní hringhreyfingu sína. Það getur ekki
vaxið í ummáli því það er takmarkað af Hring sviði Hring-Kaos, það vex því í
staðinn að innan svo að hringbeltið verður að lokum eins og snúningsdiskur með
miðjuna staðbundna.



Snúningsdiskurinn sem snýst af seinni hreyfingunni, sem er Hring-Tak-
mörkunin, verður að hring snúandi kúlusviði.



Samspil þessara tveggja hreyfisviða verður eðlilega hlutlaust, tiltölulega ein-
föld hreyfing hefur breyst í röð málamiðlanna. Helsta athafnasemin hættir að vera
um málið en verður þess í stað miðjan.


Þó Hring-Kosmos, Hring-Kaos og Hring-Takmörk haldi áfram hver á sínu
sviði og snúist sjálfstætt, gefur samræmd hreyfing þeirra af sér röð af bylgjur.
Þessar bylgjur eru Geislarnir.

Þú verður að sjá fyrir þér röð af spírölum sem snúast og ná frá miðju og út að
um málinu :—



- (a) Áhrif Hring-Kaos beinir aflinu út til ummálsins.
- (b) Áhrif Hring-Kosmos beinir aflinu inn að miðjunni.
- (c) Miðjan er samræming allra krafta og jafnar þá.

Það sýnist því, að á kosmíska sviðinu myndi geislarnir Miðju-sólina.



Við erum nú komin þar í þróuninni, að til viðbótar hinum þremur miklu “frumhöfum“ sem standa algjörlega óháð Alheiminum sem þau mynda, höfum við hreina kosmíska hreyfingu—hreyfingu flæðandi geisla—Geislanna sem flæða út og aftur til baka.

Þessa geislar—þessir hringsnúandi geislar sem endurkastast frá Hring-Takmörkunum—verður að ímynda sér í þorum, hver þeirra í sérstöku sambandi við sitt andstæða númer, þannig er hver hreyfing táknið ∞ , útlæðið í efri hluta


hringsins en neðar er hinn helmingur hringflæðisins. Í þessu eru falin djúp sannindi, nátengd raunhæfri dulspeki.

Þessar nýju hreyfingar skapa spennu sín á milli sem vekur upp röð af hjámiðjuhringum sem hreyfast, þannig að alheimurinn eins og skiptist uppí mismunandi áhrifasvæði. Þessir spinnandi geislar og hjámiðjuhringarnir eru þekktir sem hinir miklu „Síðari“. Það eru tólf geislar og sjö hjámiðjuhringir.

Innan áhrifasvæða hvers geisla verða til hreyfingar sem kallaðar eru „Snertlar“ ("Tangentials.") Sú samsvörun sem kemst næst er Brownian hreyfing atómanna (árekstur atóma), afstaða Hringanna og Geislanna mynda horn á milli sín og snögg snertihreyfing myndar því öðru hvoru nýjan þátt í alheiminum.

Við höfum farið yfir þrjár tegundir hreyfinga.

- (a) Samspil frumhringanna.
- (b) Samspil þá seinni, Geisla og Hringja.
- (c) Snertihreyfing vegna afstæðra horna Geisla og hjámiðjuhringjanna.



Í þessum snertihreyfingum krossast stöðugt aflínur þeirra í tiltölulega litlum hluta alheimsins. Þar sem þær krossast myndast hvirflar með andstæðum áhrifum sem breyta hreyfingu hvers annars. Þannig, að í stað þess að halda áfram sínum sveigðu kúrfum sem ganga í gríðarstóra hringi, færast þeir í nýja hreyfingu og

snúast hver um aðra og verða tiltölulega stöðugir og mynda þannig samsetta einingu— tveggja aflanna sem eru ekki lengur með sjálfstæð áhrif vegna aðdráttarafls stærri aflanna, heldur eru áhrif þeirra samþætt. Þannig verða atóm til —tvö samsett öfl mynda hvirfill og snúast um hvert annað í stað þess að snúast um takmörk alheimsins.

Ég hef lýst myndun „frumatómsins.“ Þessi atóm vinna sem eining en verða einnig fyrir aðdráttarafli hreyfinga umhverfis þau og byrja að hreyfast í snúningi sínum og sami gangur á sér aftur stað. Atóm á hreyfingu hittast og hringsnúast um hvert annað og svo heldur gangurinn áfram. Tilhneiging samsettra atóma er að ferðast út að ummáli en einföldu atómin halda sig að miðjunni. Þannig þróast svið alheimsins.

Við skulum fara yfir þetta: —

1. Hreyfing Hringjanna.
2. Hreyfing Geisla og Hjámiðjuhringa.
3. Hreyfing „Snertilínanna“ innan geiranna.'
4. Hreyfing hvirflana.
5. Hreyfing samsettra atóma.

Þú munt sjá þessa töluröð síðar.

1. Vísar í hið Altæka.
2. Vísar í Birtinguna.
3. Vísar í Þróunina.
4. Vísar í Formið.
5. Vísar í Lífið.

III. KAFLI

BYGGING ATÓMS.

Lýst hefur verið fyrir þér þeim hreyfingum sem mynda alheiminn (kosmosinn). Frumhringirnir, geislarnir og hjámiðjuhringirnir. Það eru grunnþættir alheims og áhrif þeirra móta þann alheim. Það er snúningur þeirra sem myndar hinar miklu umferðir—„Daga og Nætur“ birtingarinnar—Dagur, tíminn er sá hluti alheims sem er innan þess sem kalla mætti jákvæða hlið segulsvæðisins og verður til við snúning Hringjanna.

Með þekkingu á þessum kosmísku föllum getur upplýstur maður haft gagn af kröftum þeirra. Þá er vísað til þekkingu á tölum í leynda dagatalinu. Þetta eru upprunalegu áhrifaöflin, það má líta á þau sem byggingarform alheims.

Snertilínukraftarnir; innan þeirra myndast hvirflar og þessir hvirflar eru Frumatómin. Þú getur séð af þessu, að við byggingu atóms eru sömu lögmál að verki eins og við að Hring-Kosmos og Hring-Kaos mynduðu alheim. Þar er Lögmál andstæðra afla sem koma á stöðugleika. Þegar þessi andstæð öfl hafa myndað atóm, verða atómin sjálf að afli, því þau hreyfast í snúningi sínum og því eiga sér stað snertilínur—hreyfing sem fær áhrif af fleiri en einu aðdráttarafli. Svo að frá einni einfaldri hornréttri hreyfingu sem varð til af einföldu andstæðu afli, varð til hvirfill sem er lýst sem margflötungi. Hægt er að sjá slíkt form í mismunandi gerðum efniskristala.

Atóm sem myndast af snertilínum við samsett öfl geta myndað allt frá þríhliðung til fjölhliðungs. Þú verður að skilja fullkomlega að frumatómið samanstendur af tveim andstæðum hreyfingum sem snúast hver um aðra. Þetta eru einfaldir hvirflar, en hvirflarnir geta hreyfst gegnum geiminn líkt og vatnshvirflar hreyfast yfir sjóinn og þessa hvirfla er hægt að líta á sem seinni hreyfingu. Það eru þessar seinni hreyfingar sem ég er að vísa til sem hafa hornlægan ferill.

Það koma fram mismunandi gerðir atóma frá frumatóminu, sem fyrst og fremst spinnast, sum innan þríhyrnings; önnur innan ferhyrnings, enn önnur innan fimm-horna, sexhorn og svo framvegis.

Þessi atóm laðast hvert að öðru, dragast saman og fylgja hvert öðru með því sem í líkingu mætti kalla „brautarfleti“ þeirra. Þannig mynda þau samband sín á milli.

Þessi mismunandi atómgerðir verða til í alheimi og byrja að safnast saman í samsettar einingar. Hver samsett eining sem stækkar, eykur aðdráttarafl sitt svo að tilhneiging alheims er því að þetta sig og þessi form laga sig hvert að öðru, og þannig myndast ný öfl reglulega. Við munum skoða það betur síðar.

Hér höfum við lýst til viðbótar hinum miklu snúningsöflum í alheiminum, myndun óteljandi smáum stöðugleikamiðjum af mismunandi gerðum, og áframhaldandi skipulagi viðbragða þeirra á milli.

Þú sérð af þessu að langur ferill hefur liðið í þessari þróun, því hvert nýtt afl sem varð til, varð að ferðast gegnum alheiminn og út að Hring-Takmörkum og til baka þaðan sem það var upprunnið, og það var aðeins þá sem það varð stöðugt afl í Alheiminum.

Innan takmarka Geislanna og Hringjanna voru þessi nýju atóm á endalausum ferðalag fram og til baka um ómunatíð áður en nokkur samvinna átti sér stað á milli þeirra. Ef tvö eða fleiri hreyfðust samhliða efdust kraftar þeirra hver við annan og drógu að sér því meira inná umferðabraut sína, þessi samruni gat þannig af sér skiplagða endurtekningu áhrifa og þess vegna á tiltekna braut. Hinar miklu mótuðu kraftlínur í alheiminum sem við köllum geisla og straumar þeirra, hafa smásaman áhrif á hreyfingu þessa mikla atómhafs sem flæðir í stefnu þeirra. Smásaman verður því hið óskipulagða komið í skipulag hinna miklu öldufalla alheims og þó atómin skapi sínar eigin snertilínur, hreyfast þau með þessum miklu ölduföllum.

Ég mun nú setja fram hugtak sem gæti verið þér ókunnugt, en sem er grunnur að miklu í dulfræði. Í upphafi þessarar fræðslu sagði ég við þig, „Rýmið hreyfist.“ Hvenær sem hreyfing á sér stað í rými, mun hún haldast áfram. Rými sem sett er á hreyfingu flæðir ávallt áfram, því það er móttöðulaust. Kraftar hafa verið settir af stað sem haldast áfram. Þessir kraftar geta blandast öðrum kröftum og hætta því að vera sjálfstæðir, en halda upprunalegum einkennum sínum og ef við gætum sundurgreint eininguna sem þeir er orðin hluti af myndum, við finna þá krafta óskerta hvern og einn.

Munið þetta—rými sem sett er á hreyfingu, flæðir endalaust áfram. Gerum ráð fyrir með samlíkingu; að þú hreyfir penna yfir blað um nokkra sentímetra myndar sú hreyfing flæði í rýminu í jákvæðu formi í einum þætti hreyfingarinnar og til baka í neikvæðu formi í öðrum þætti hreyfingarinnar. Þetta mun haldast svo og hvað sem breytir þeirri hreyfingu í rýminu, breytir athöfninni sem setti hana á stað í upphafi. Þetta er grunnurinn að minni og er ástæðan fyrir því að auðveldara er að endurtaka hreyfingu en að setja upphafshreyfingu af stað og því oftast sem hún er endurtekin er hún auðveldari í endurtekningu, því skriðþungi rýmis er uppsafnaður

og mun að lokum auðvelda að flytja hreyfingu í flæði sitt. Þetta ætti að útskýra margt fyrir þér.

Þú hefur útbreiddan alheim frammi fyrir þér sem varð til í rýminu með hreyfingu og er ekkert annað en hreyfing og þú hefur séð hvernig spennukraftar verða til af þessum hreyfingum og mynda ótölulegan fjölda hvirfla, byggða á nákvæmlega sömu grundvallarþáttunum sem mynduðu hinn mikla hvirfill, kosmos, því sömu lögmál gilda á öllum sviðum birtingarinnar, lögmál tengsla. Þú munt því sjá að tengsl eiga sér stað milli nýrra kraftahvirfla sem myndast með þessum hætti og leitast við að mynda nýjan kosmos saman, byggða á sömu grundvallarþáttum.

Dans atómanna myndar nýjan Hring-kosmos og sagan endurtekur sig, þessir nýju heimar, eins og þeir eru kallaðir ráðast af sömu lögmálum og lýst hefur verið um alheim, en eru undir áhrifum af þeim grunni hans sem fyrir er þegar þeir myndast. Þú munt sjá að sömu lögmál ráða í allri birtingu.

KAFLI IV

ÞRÓUN ATÓMS

Við skulum rifja upp fræðsluna um geislanna, hringina og hvirflana.

Geislarnir og hjáhringirnir eru hluti af frumhreyfingu kosmos. Þeir ásamt hringjunum eru óbreytanlegir og kallast straumar kosmos.

Hvirflarnir eru annars eðlis. Frumhreyfingin gengur í hring. Hvirflarnir byrja sem beinar hreyfingar sem verður fyrir mótstöðu og kalla fram aðra hringlaga hreyfingu.

Það eru því ávallt tveir kraftar að verki sem mynda frumatóm og þetta grunnstef, tvíund, heldur áfram í allri samsetning þar sem atómið er grunnurinn.

Þú tekur eftir að hvenær sem sérstök söfnun eða hópeining í reglubundinni hreyfingu á sér stað mun þessi hópur bregðast við sem ráðandi grunnþáttur þó aðrir þættir eða sameiningar bætast við þann grunnþátt.

Gerum ráð fyrir, t.d. að frumhreyfing atóms sé þríhliða snertilínur — A til B, B til C og C aftur til A, og að önnur hreyfing sem myndast (munum að hreyfing í beinni línu helst aldrei eftir að upprunakrafturinn deyr út) dragi úr frumhreyfinguna og breytir henni í boguferil, þannig mun atómið, sem upphaflega hélt sig í þríhyrningsbraut endanlega falla í hreyfingu þriggja spírala innan þríhyrnings.

Hver spíralhreyfing mun gerast undir áhrifum aðstæðnanna sem réðu, A til B hlutanum, þá B til C hlutanum og C til A hlutanum. Því, ef þú vissir hver áhrif A

til B hlutans væru, myndir þú vita hvert væri eðli frumhreyfingarinnar sem réði spíralnum sem væri einungis sýnilegur í yfirborðslegri athugun. Þetta grundvallaratriði er á bak við stjörnuspeki og einnig ástæðan fyrir því af hverju talnávísindi eiga mikilvægan þátt í öllum rannsóknum á kosmískum grundvallaratriðum.

Atómið er hvirfilhreyfing—ekkert annað, hringhreyfinga umhverfis hreyfingarlaust lofttæmi. Atómið sem lýst var hér að framan, á ekki við um frumatóm, heldur margþætta samsetningu. Það er aðeins þegar frumatómin safnast saman að slík seinni hreyfing myndast.

Atóm sem hefur þríhyrnda byggingu getur myndað einingu við eins mörg önnur atóms og hliðar þess eru. Þegar hver hlið hefur tengst atómi er einingin fullkomin og hefur náð stöðugleikaspennu innan sjálfs síns. Það getur ekki lengur vaxið með viðloðun heldur verður að starfa sem eining og getur aðeins tengst öðrum líkum einingum sem hafa svipaða hornaspennu.

Frumatóm er einfaldur hvirfill eins og ég sagði og samsett atóm af mismunandi gerð, verða til vegna fjölda snertilínuhorna sem hvirflarnir verða fyrir við mótstöðuáhrif. Munum að hvirflarnir mynduðust fyrst við hornin sem geislarnir mynda við Miðjustilluna. Það eru þessi krossun krafta sem myndar seinni hreyfingarnar. Þess vegna finnast frumatómin á sviðinu næst miðjustillunni. Þau verða fljótt fyrir áhrifum annarra sem mynda snertilínuhreyfingar eins og lýst var áður.

Eins og áður hefur komið fram, til viðbótar hreyfingu geislanna, eru hreyfing hringjanna um Miðjuna. Sú hreyfing skapar miðflóttaafsvirkni og atómin leita út til jaðarsins. Því flóknara sem atómið er því sterkar verkar miðflóttaaflið á þau, svo í hringjunum eru atóm sem hafa vaxið og orðið flóknari. Þessi atóm sem

mynduðust af geislunum og verða fyrir áhrifum miðflóttaaflsins ferðast þannig eftir geislalínunni. Hvert atóm hefur því í sér krafta tveggja geisla sem mynda frumatóm og ferðast því eftir leiðum þessara geisla.

Þróun á kosmískum sviðum má líta á sem vaxandi fjölda atóma á hringsviðum geimsins á þeim óralanga tíma sem liðið hefur.

Frumatóm eru í Hring eitt.

Fyrstu samsettu atómin í—Hring tvö.

Sambland af samsettum atómum í—Hring þrjú, og svo áfram.

Þessar efnisgerðir, eins og við getum kallað þau, eru þannig dreifð í sammiðja sviðum um alheiminn, allt út til marka Hring-takmarkanna og ganga eftir línunum geislanna, svo að meðan fyrsti hringurinn geymir aðeins atóm af sömu gerð, hefur næsti hringur í kjarna sínum innri spegilmynd af þeim fyrri og þannig áfram og því hafa atómin í ystu hringjunum í sér spegilmynd allra úr fyrri hringjum í kjarna sínum og eru orðin mjög þróuð.

Þegar atómin ná ysta sviðinu verða þau fyrir nýju afli, þau hafa hitt fyrir mótstöðu Hring-takmarkanna. Atómin sem eru á ysta sviðinu eru orðin mjög flókið kerfi, hreyfingar innan hreyfinga. Eftir að hafa ferðast frá miðju með miðflótta-rafli, er þeim nú endurkastað af Hring-takmörkunum og vegna þess snúið til baka með spíralhreyfingu. Það er þetta sem gefur þeim sérstaka aðlögun að geislunum.

Þegar þessi atóm hafa náð að miðju, dreifast þau aftur út með miðflóttaafli, núna í geisla andstæðum þeim sem þau komu inn á að miðjunni, þegar þau koma aftur til baka á sama hátt breytist hornið minni háttar, sem gerir það að verkum að þegar þau fara aftur frá miðjunni munu þau fylgja næsta geisla við þann sem þau voru á frá miðjunni síðast og þannig áfram til þess næsta o.s.f.v. Þegar þau fá

endurkast frá Hring-takmörkun fara þau í hringferð um svið ysta hringsins og finna kraft þess frá öllum hliðum. Þetta gera þau á hverju sviða þegar þau fara til baka.

Eins og áður sagði heldur hver hreyfing í geimnum áfram og því setja öll áhrif sem atómin verða fyrir á ferð sinni mark sitt á þau og þau snúa aftur til miðjunnar mun flóknari eftir hverja hringferð, hver geisli sker Hringina við mismunandi hornstefnu og veldur því að atómin verður fyrir mismunandi áhrifum á ferð sinni, og endanleg gerð þeirra er orðin mun flóknari þegar þau hafa lokið ferð sinni, hugsanlega er hægt að skoða gerð þeirra stærðfræðilega, en alls ekki hægt að útskýra að fullu fyrir jarðneskum vitsmunum, en ef þú gætir skilið rúmfræði þessara atóma og talnalega útreikninga, hefðir þú lykkill að samsetningu alheims.

Hér vísum við enn í byggingamyndun atóma—ekki eins og í efnafræðinni, þar sem kenningin er að ekki sé hægt að leysa þau upp í einfaldari form ef þau eru samsett,—heldur á þeim grunni, að ef þau eru samsett, sé ekki hægt að leysa þau upp, því þau séu orðin varanleg einnig.

Það er því hægt að sjá að ferð atómanna út til jaðarsins og til baka til miðjunnar markar skeið í þróun alheims og hringferð atóms um geislanna markar þróunar-skeið fyrir atóm. Þegar það hefur lokið hringferð sinni, hefur það þá reynt alla krafta alheimsins og þegar öll atómin hafa lokið hringrás sinni (þróun atóms á slíkri bylgju er takmörkuð, því eftir að ákveðið hlutfall aflsins hefur takið við snertilínuformi er jafnvægi náð innan alheimsins, því þróun heldur áfram frá fyrstu hreyfingu óbeislaðs afls þar til jafnvægi er náð), þetta er endir þróunar—jafnvægisstaða og því afstæð kyrrð.

Þú sérð kannski að við höfum lýst þremur skeiðum í kosmískri þróun. Þróun Hringanna var fyrsta skeiðið. Þeir mynduðust fyrir áhrif hvers annars þar til jafnvægi var náð. Þó þeir væru stöðugir hver við annan, þ.e.a.s., hver þeirra á stöðugri

hreyfingu en héldu stöðugri afstöðu hvers til annars og munu gera það, því að engir kraftar munu trufla þá afstöðu, hvirflar mynduðust vegna hreyfinga Hringanna sem aftur mynduðu aðrar hreyfingar— Geislanna og Hringsviðin. Þau þróuðust einnig þar til þau voru orðin stöðug gagnvart hvert öðru og öðru skeiði þróunarinnar var lokið. Þriðja skeiðið var þegar áhrif þeirra mynduðu snertilínu-hreyfingarnar sem mynduðu atómin.

Þannig sést að af þróunarskeiðum tekur við jafnvægis skeið og það sem hafði þróast er viðhaldið óbreyttu. Þau skeið eru þekkt undir nöfnunum „Dagar“ og „Nætur“ guðs—Dagur þróunar— Nótt stöðugs jafnvægis, en sem mun taka enda þegar einn krafturinn nær yfirhöndinni sem leiðir til að jafnvægið raskast og kraftarnir líða inní birtingu að nýju.

Jafnvægið fer úr skorðum og nýir kraftar fara af stað.

Þessi öfl byggjast á tengslum eininganna sem áður voru byggðar upp og undir áhrifum frumhvatanna—Hringanna, Geislanna, og seinni hringanna. Innan þessara takmarka og eðli eininganna sem verka á þau, mynda þau nýja samsetningar og hrynjanda í verkun og gagnverkun þar til hin nýju öfl hafa fundið jafnvægi sitt, og í endanlegri samsetningu og þróun verða jafnvægi ávallt náð að nýju í alheimi, þar til jafnvægið raskast að nýju.

Þau öfl sem raska jafnvæginu eru þau sem settu á stað Frumhringina—sú staðreynd að hreyfing getur af sér hreyfingu og myndar hringsvið utan um sína eigin braut. Því er það svo að jafnvel ný öfl sem sett eru á hreyfingu verða að ná sínu lokajafnvægi sem ræðst af eðlisþáttum þess, slíkt jafnvægi er viðhaldið af afstæðri stöðu hreyfinganna hverrar til annarrar og ná því „afstæðri“ kyrrð, en því mun ávallt verða raskað og mynda ný skeið í þróuninni, því þetta er alheimur sem byggður er á hreyfingu og hreyfing getur af sér hreyfingu.

KAFLI V

UPPHAF SÓLKERFIS

Þú hefur nú fyrir þér skýra mynd af því sem hefur verið kallað grunnvirki alheims—Hringirnir, Geislarnir og minni hringirnir. Þeir hafa fyrir löngu lokið þróun sinni og hafa myndað stöðugt ástand og eina breytingin sem átt hefur sér stað er að alheimurinn hefur farið gegnum áhrif jákvæðra og neikvæðra skeiða, fjögur í hringferlinu. Þetta eru mikil skeið— skeið þar sem uppbyggileg áhrif eru aukin og skeið niðurbrota efld. Hringirnir og geislarnir flæða stöðugt á braut sínum, en þegar jákvætt skeið er í gangi eru útstreymi hraðara og þegar neikvæð skeið ráða eru innstreymi hraðara.


Stóru Hringirnir—þrír að tölu—eru Frumþrenningin, einnig þekkt sem „Hið algilda,"(Absolute) þó að merking hugtaksins sé aðeins þekkt af fáum, þ.e.a.s. að skilgreining á hugtakinu „Hið algilda“ hafi verið notuð í fræðslu án þess að nemar hafi skilið það til fullnustu. "Hið algilda" er þrígreint afl Hringanna þriggja sem vinna órjúfanlega saman og eru Þrír sem Einn og Einn sem Þrír. Í Aþana-síusarjátningunni er vísað í þessa þrenningu og af henni munt þú skilja merkingu hins Innvígða sem lagði það til.

Geislarnir mynda saman flókið kerfi sem vísað er til undir nafninu „Stjörnu-merkjahringurinn“ (Zodiac).

Minni hringirnir eru Kosmísku sviðin. Miðju-Sólin er sá staður í geimnum sem hægt er að finna ef lína er dreginn frá okkar sólu í stjörnuna " Alpha Centauri" og þaðan áfram.

Þú hefur séð hvernig atómið verður til—hvirfill að hornum geislanna og hvernig þau í sinni einföldu mynd bíða á fyrsta kosmíska sviðinu þar sem þau urðu til. En þegar þau mynda samband milli sín og verða samsett, verður þungi þeirra meiri, í óeiginlegri merkingu, þ.e.a.s. næmni þeirra fyrir áhrifum eykst og sá þungi þarf að skilja dulfræðilega. Sú staðreynd er takmörkun þeirra á ferð um geiminn. Ef þú sleppir næmni þinni fyrir áhrifum, munt þú geta verið frjalsari.

Þegar atómin verða samsett, knýr miðflóttaaflíð þau út þar sem þau finna braut geislanna og halda áfram á þeim, það er leið minnstu mótstöðu fyrir þau. Þegar þau ná næsta sviði finna þau sitt þyngdarafllsvíð og stöðvast þar. Þar mynda sum þeirra sameiningu við önnur til viðbótar og sveiflast aftur af stað út á geisla-brautina. Af þessu má ráða að aðeins mjög flókin atóm sem sameinast á sjöunda hring sveiflast til baka að miðju-sólu.



Þú hefur nú séð hvernig þessi atóm ganga á ferð sinni upp og niður geislanna, þau eru of þroskuð og of flókin til að geta dvalið á neinu sviði. Þegar atóm hins-vegar hefur lokið hringferð sinni um geislanna og leitast við að fara út að nýju, finnur það ekkert pláss, því að það er frátekið af minna þróuðum atómum. Það kemst ekki inní þann straum, því hann er fullsetinn og því verður það að halda kyrru fyrir í Miðjustillunni. Ekkert atóm fer tvisvar í hringferðina og þau sem eru komin heim hvílast af pílagraímaferð sinni og þegar síðasta atómið hefur snúið heim fellur öll birtingin í svefn (hvíld) og kosmísku föll falla inn á við þegar Hring-Kosmos sveiflast í neikvæðan (niðurbrot) fasa.

Meðan Geislarnir flæða fram og til baka og Minni Hringirnir snúast á brautum sínum, eru atómin kyrr, þó hvert þeirra hafi í sér óendanlega stöðuga hreyfingu. Þegar hins vegar Hring-Kosmos fer inní nýtt skeið, mun aðdráttarafl jaðarsins fá aukin kraft.

Við verðum að skilja til fulls hver áhrif Hring-Kosmos og Hring-Kaos eru. Þegar Hring-Kaos er ráðandi eru til staðar öfl sem ekki eru í jafnvægi, þ.e.,a.s, þegar Hring-Kaos eru í jákvæðum fasa og þegar Hring-Kosmos er ráðandi, eru til staðar öfl sem jafna, þau lægja áköf öfl óreiðunnar.

Þannig leitar Kaos út í geiminn en Kosmos jafnar það þar til stöðugu ástandi er náð.

Við höfum séð að fyrsti fasi atómískrar þróunar er lokið með fullum þroska allra atóma (í þeim fasa) og þau hafa safnast saman af ytri hjáhringjunum í hópa umhverfis Mið-sólina. Hring-Kosmos hefur skilað hlutverki sínu. Allt er í jafnvægi, stöðugt og í dáí, en hringirnir snúast áfram og við að Hring-Kaos fer í nýjan fasa raskast jafnvægið sem hefur verið náð og við það finna þessi flóknustu atómin fyrir miðflóttafli sem togar í þau og þau leita aftur út, svo að hinar miklu sérverur (flóknustu samsettu atómin) fara aftur á stað eftir brautum geislanna, en þau fara

ekki gegnum tóman geiminn, því hver hringbraut hefur að geyma atóm á mismunandi þroskastigum, þar sem þyngdaraflíð heldur þeim í þessari mismunandi fjarlægð frá Miðjunni.

Þessi samsettu atóm finna sig umhringd minna þroskaðri atóma á þessum sviðum og sem þau draga að sér með snúningskrafti sínum þegar þau halda áfram og þannig tekur hvert þeirra með sér efni af hverju sviði á ferð sinni.

Nú eru þessar samsettu miklu verur fram komnar, byggðar upp af frumatómum sem hafa mismunandi snertihliðahorn og þau, allt eftir fjölda samsetninga, eru mismunandi að stærð og þunga og hafa stöðvast af sínu sérstaka þyngdarafli á hinum ýmsu hringsviðum. Geislinn getur ekki borið þau lengra.

Fyrsti fasinn í atómískri þróun var einungis við geislanna, annar fasinn í ferðalagi þessa mikla hópatóm var gegnum hringsviðin og þær fara ekki lengra en á hringsviðin er þær stefndu á.

Þess vegna hefur þróunin byggt upp til viðbótar frumstöðugleikanum — Hringunum, Geislunum og Hjáríngjunum — tvö viðbótarstöðuleika— atómið, hvert á sínu sviði, allt eftir gerð og eðli og sem hefur stöðvast og fundið sína sérstöku stöðu og hin miklu hópatóm sem hafa líka stöðvast, hvert þeirra með sína eigin radíushreyfingu. Atómin snúast um sjálft sig, en þessar miklu verur snúast um Miðju-sól og fara því í gegnum áhrif geislanna á snúningi sínum og eru tiltölulega stöðugar, aðeins háðar breytingum á hringsviðunum sem og áhrifum geislanna sem þær ganga í gegnum.

Hver þessara miklu vera laðað að sér eins mikið efni á hverju hringsviði og það getur haldið að sér þegar þau fara gegnum sviðin í sinni annarri þróunargöngu og þær fara eins langt frá Miðju-sólu og þungi þeirra leyfir, sú staðsetning er ákvörðuð af formmyndun frumatómsins sem hún byggði upphaflega á. Þ.e.a.s. að

ef hvirfilinn sem snerti geislanna hreyfðist í þriggja hliða braut, fer það ekki lengra en á fyrsta hringsvið frá Miðjunni, það þyrfti að hafa verið tíu hliða formmyndun til að geta náð á sjöunda hringsvið og snúið þaðan.* Þú sérð af þessu að hver hinna miklu vera hefur sitt lyklnúmer sem byggt er á upprunalega atómi þeirra. Það myndar takmörk þeirra og ákvarðar aðdráttaráhrif þeirra. Þetta er það sem ákvarðar þeirra eigin Hring-takmörkun.

* *Sjá lok Kafla V.*

Við höfum því ákveðin fjölda mikilla hópatóma eða lífvera, sem eru háð áhrifum af Hringunum, Geislunum og Hringsviðunum og hafa sjálf þróast á svipaðan hátt og þrenningin. Þ.e.a.s., hver þessara samsöfnuðu atóma greinast eftir eðli atómanna sem að þau eru samansett úr. Þau hafa þróast undir áhrifum frumatómsins og þau áhrif sköpuðu eðli þeirra af virkni og gagnvirkni sem þau urðu fyrir og mynda einskonar smámynd af hinum mikla Alheimi, þessir miklu atómhópar, þ.e.a.s. þeir sem eru á sjöunda hringsviði þekkir þú sem Sólkerfi.

Í stuttu máli þá er þetta sagan um tilurð sólkerfis, sólkerfa almennt og –þitt sérstaklega.

Það eru mörg önnur sólkerfi á sjöunda sviði auk okkar. Sum þekkir þú sem stjörnur, en þau eru aðeins fá og örlítið brot af þeim fjölda á þessu sviði sem eru óþekkt. Það eru einnig kerfi á öðrum sviðum sem eru ekki í núverandi þróunarfasa. Þér mun skiljast að hver þróunarfasi birtir mikla heild, en flóknari.

Fyrst var Hringakerfið, "Hið Algilda"

Síðan Geislarnir og Hjáringsviðin, sem mynda Alheiminn.

Síðan hinar miklu Verur sem við köllum Heima, hver á sínum sviðum.

Við höfum því næst númeraðar raðir. Ef við gefur þeim númer sjáum við hvernig þau raðast. Heimarnir eða Sólkerfin eru fjórði fasi þróunarinnar.



Í þessum heimum á sér stað innri þróun eins og í Alheiminum og þessir innri þróunarfasar halda áfram þar til stöðugleika er náð innan þeirra og samsettu atómin þeirra flæða inní Miðju-sólu sína, hvert í sínu kerfi og hvíla þar.

Þegar svo áhrif Hring-Kaos raska kosmíska jafnvæginu fer hin mikla lífvera sem þróast hefur í hverju sólkerfi aftur af stað og brýst út úr Hring-takmörkun þess sólkerfisins og hringsnýst þar fyrir utan eins og fylgihnöttur. Við það á sér stað upplausn sólkerfisins og það byrjar aftur á nýjum fasa í þróun sinni, en einingar þessu eru samsettu atómin er voru í fyrri þróun þess og ganga að nýju gegnum alla þróunarfásanna og kasta burt " stjörnukjarnanum."

Hin mikla vera sem er fyrst sundruð þarf að endurtaka allt ferlið, hver á sínu sviði svo að sólkerfið verður aftur heimur fyrir þau, enda sköpuðu þau hann, þetta ferli sem við getum kallað " Stjörnuþróun," heldur áfram þar til stöðugleiki verður með hinum miklu verum og afspringi þeirra og þá koma áhrif Hring-takmarka fram og hið mikla kerfi er sent aftur til miðjunnar og kemur aftur fram þegar áhrif Hring-Kaos kallar þau fram. Slíkur gangur endurtekur sig þar til Alheimur er orðin svo öflugur að hann brýtur Hring-takmörk sín og hina miklu verur ryðjast fram inní hið Óbirta og með hringsnúningi sínum safnar „geimi" umhverfi sig og byrja að byggja nýja „Alheim." Slík er saga kosmískrar þróunar.

Þú hefur séð að hver fasi þróunarinnar getur af sér skipulega kerfi nýrri afla. Þessi öfl bregðast við öllum áhrifum sem þau verða fyrir og skrásetur þau í hreyfingu sinni í geimnum. Þau eru því skyni gædd, því þau bregðast við og skrásetja við reynsluna. Þannig eru hinir þrír Frumhringir skyni gæddir og geta þróast, en þeir eru svo gífurlega viðáttumiklir og einfaldir (vegna þess að áhrif sem þeir verða

fyrir eru lítil) að þessi vitundareining, þó hún nái út yfir alla ímyndun, er óumræðanlega frumstæð. Þó er það á þessari víðfeðmu og einföldu gerð sem þú, sem einstaklingsvitund er byggður á. Þess vegna er það sem þú —eins smár og þú ert— hefur tengsl við þessar kosmísku verur og ert undir áhrifum af fasa þeirra, alveg frá hinu "algilda" og niður í atómin á þinni jörð. Þetta er kjarninn í hinni Leyndu Visku. Þessi öfl verka á hin óupplýsta mann en hin upplýsti, með vitneskju sinni umbreytir áhrifum þeirra og notar þau í sína þágu. Noti hann þau í þágu kosmískrar þróunar þá vex hann og þroskast gegnum alla þróunarfasa sína þar til hann nær stöðugu ástandi, sem er endanleikinn og fylgir lögmálum hinnar miklu veru, sem hann er nú hluti af, reisir sjálfan sig upp í kerfi.



KAFLI VI

Kosmísk áhrif á sólkerfið

Þú hefur nú farið í gegnum fyrsta hluta verksins. Til að skilja það sem á eftir kemur þarf hugur þinn þarf að vera algjörlega með það sem undan er komið.

Í stuttu máli mun ég rifja upp: Hreyfing í geimnum er það upprunalega. Þegar hringrás þess hefur myndast verður Hring-Kosmos til, sem aftur myndar Hring-Kaos, sem með seinni áhrifum sínum veldur því að Hring-Kosmos mótar Hring-takmörkun sína. Þetta eru hinir Þrír eða Þrenningin.

Innflæðisáhrifin sem dregur sig saman inní Miðjuna og geislar aftur út til jaðarsins, eru Geislarnir—hinir Tólf.

Hreyfing Alheims myndar hina Sjö —Hjáhringina, eða sviðin.

Þar sem geislahornin hitta sviðin koma verða til snertihreyfingar.

Þegar þær hreyfingar eru í andstöðu myndast Frumatómin.

Þessi atóm, þegar þau snúa til baka á ferð sinni við mismunandi horn geislanna, mynda þau flóknu atóm sem miðflóttaraflíð dreifir út á sviðin.

Þegar þau eru að lokum koma á ysta sviðið, tengjast þau á ný, en komast ekki lengra og snúa því við inn að miðju. Þetta eru svokölluð ferðaatóm. Önnur atóm eru staðbundin, því þau hafa sest að á tilteknum sviðum.

Svo að það eru engin atóm í Miðjunni, aðeins fyrstu kosmísku öflin.

Á fyrsta sviðinu eru aðeins þrístrend atóm, þess vegna er þetta svið gefin talan þrír, fyrsta einfalda atómið stóð fyrir þrjá þætti og hið flóknasta á þessu sviði

samanstendur af þremur. Atómin á öðru sviði hafa töluna fjóra og á þriðja sviðinu er talan fimm, fjórða sviðið töluna sex og svo framvegis, niður á sjöunda sviðið sem hefur töluna níu. Þetta eru svokallaðar Seinni tölur, en tölur kosmísku aflanna eru Frumtölur. Við höfum því Frumtölur—einn, þrjá, sjö og tólf og Seinni tölur, þrjá til og með níu.

Frumþrenningin er tíu. Tíu er tala þróunar, því það er tíuhorna atóm sem þróast.

Þú hefur séð af því sem undan hefur verið sagt að frumhreyfingarnar mynduðu hver aðra og hafa náð stöðugleika, hring eftir hring í reglulegu ferli. Þeir hafa fullkomnað verkið og náð hámarks árangri. Undir áhrifum af fasabreytingum Frumhringanna halda seinni hreyfingarnar stefnu sinni.

Seinni hreyfingarnar hlíta eigin lögmálum, allt eftir ástandi Frumhringanna.

Svo er einnig með þriðju hreyfingarnar, hvert svið birtingarinnar heldur sínu striki allt eftir þeim fasaáhrifum sem mynduðu þau.

Sem dæmi, Hring-Kosmos fer í gegnum jákvæða og neikvæða fasa. Geislarnir flæða því stundum hraðar á neikvæðum fasa og útgönguboga þegar neikvæður fasi Hring-Kosmos er ríkjandi og stundum einnig hraðar á inngönguboganum og jákvæðum fasa í þeim hluta alheimsins sem eru hlaðnir jákvæðum fasa.

Hver hluti geisla er undir áhrifum af hringsviðinu sem hann fer í gegnum. Þess vegna sýnist sem svo að ferðaatóm á hverjum tíma sé undir áhrifum geislans sem það ferðast í, hvort sem það er á inn-eða útgönguboga, einnig undir áhrifum sviðsins sem þar er á og af fasa Hring-Kosmos. Ef við viljum vita ástand tiltekins ferðaatóms, er ekki nægilegt að vita hve marghliðar það er, heldur verðum við að skilja aðrar aðstæður sem það verður fyrir. Þetta er kallað „Sólarstjörnuspeki (Sidereal Astrology),“ en fasar þess eru mjög víðtækir, en hér tekur hún aðeins til þess sem lifir í sólkerfinu, á sama hátt og plánetustjörnuspeki tekur aðeins til fasa

plánetu. Næsti puntur sem við höfum við Sólarstjörnuspeki er það sem við þekkjum sem Stjörnumerkjabeltið (Zodiac). Það er augljóst að líf manns hefur tengsl við sólkerfið sem hann er hluti af og sólkerfið er hluti af alheiminum. Sólarstjörnuspeki sýnir okkur fasa þróunarinnar.

Það má sjá að það eru atóm af sérstökum gerðum sem hafa sest endanlega að á hverju sviði og hreyfast í stöðugri fjarlægð frá Miðjunni, á sama hátt og í vökva sem inniheldur mismunandi efni í upplausn, og hægt er að sjá ef þau eru sett í lokað tilraunaglas sem fest er í streng og er snúið hratt í hring, þá kemur greinilega fram hvernig efnin skiljast eftir eðlisþyngd þeirra og raðast eftir þyngdaraflinu, það þyngsta og flóknasta næst jaðri ummáls sveiflunar. Þessi atóm hafa því náð þangað í þróuninni eins og eðli þeirra leyfir. Þú sérð að hver nýr fasi í þróuninni nær þeim áfanga sem eiginleikar þeirra leyfa og sest að í þeirri röð sem það hefur náð.

Nýr fasi í þróuninni byrjar þegar næsti fasi Hring-Kaos raskar stöðugleikanum sem hafði verið náð. Þessi nýi þróunarfasi byrjar þar sem sá síðasti endaði og hefur í sér allt það sem sá fyrri hafði náð. Hér sjáum við þýðingu orðatiltækisins „Eins í efra, svo í neðra, en með öðrum hætti.“ Alheimurinn er grunnurinn sem allt er byggt á, þú byrjar þar sem Guð hætti, það sem er í Guði er í þér og eitthvað af því köllum við „frjálsan vilja“ þó að það sé varla nothæft heiti.

En snúum okkur að þróun ferðaatómanna, sem mynda Sólkerfin.

Við munum úr fyrri fyrirlestri að sólkerfi koma fram á hinum ýmsu sviðum, allt eftir kosmísku þyngdarsviði þeirra. Þ.e.a.s. þau byrja þróun sína á mismunandi fösum í þróun alheimsins. Við munum að atóm á útleið safna efni frá hverju sviði sem þau fara um til að byggja sína heima.

Þau sólkerfi sem þróast á öðrum sviðum en ykkar verður ekki fjallað um í þessari fræðslu, því þau eru of fjarri efni okkar núna.

Ég mun hinsvegar fjalla um þróunarfasa kerfa sem eru á sjöunda kosmíska sviðinu, þar sem ykkar sólkerfi er á meðal. Við skulum því fylgja eftir lífi einstaka ferðaatómi eftir, sem verður að ykkar sól og tengdu plánetukerfi.

Við munum líka að það hafði farið hringrás um kosmísku geislanna og reynt öll tólf geislaáhrifin , bæði neikvæð og jákvæð og hefur í sér samsett efni sjö kosmískra sviða. Tölur þess eru því þessar: —

ÞRÍR, því það er undir áhrifum hringana þriggja.

SJÖ, því það hefur sjö efnisgerðir í sér.

TÓLF, því tólf geislar hafa haft áhrif á það og hvert hinna sjö efnissviða hefur sína sérstöku tölu, frá þremur og til og með níu.

Þetta ferðaatóm hefur farið í gegnum hin miklu svið kosmískis efnis og tekið með sér eins mikið efni og það gat á hverju sviði og að lokum setts að á því sviði sem það hafði náð jafnvægi á braut sinni. milli miðflóttaafis og aðdráttarafls kosmos og eigin þyngdar.


Kosmísku áhrifin sem það verður fyrir er hægt að reikna út í reglulegu takti, því hann er sannarlega til staðar. Atómið fer í gegnum alla tólf geislanna og finnur breytingar á fösum Hringanna, því til viðbótar verður það fyrir áhrifum frá öðrum miklum lífheildum á öðrum sviðum. Þegar brautir þeirra eru nærri hvor annarri (eru á mismunandi brautum á mismunandi sviðum) og efnisáhrifin eru gagnkvæm í báðum kerfunum. Það er mikilvægt atriði.

(Við getum séð að stundum fær neðra astralsviðið eins skonar eflingu og á stundum efra andlega sviðið, en verður þó ekki eins sterkt, þar sem samsvarandi

kosmískt svið er ekki mjög nálægt. Þetta er einn þeirra þátta sem hafa áhrif á þróunina og veldur oft vandamálum í kerfinu.)

Þessi mikla lífheild sem við ræðum um, hefur sest að á sinni braut og má líta á sem kjarna upprunalega ferðaatómsins sem er nú umlukið miklu bólstrum ómótaðs og óskipulagðs efnis af mismunandi sviðum. Þetta efni helst umhverfis það af aðdráttarafla massa þess og víðátta og takmörk þess marka umfang kerfisins. Eins og allt í Alheiminum hringsnýst þetta efni kringum upprunalega miðjuatómið.

Hreyfing þess atóms á braut sinni í tímans rás hefur smásaman tengst heildinni og massinn flats út í hringsnúandi disklögun alveg eins og búið er að lýsa að gerðist í myndun alheimsins, því sömu lögmál eru á öllum sviðum og sólkerfi deila efni sínu á sjö svið í samræmi við þyngdarafl þeirra.



Svið sólkerfisins endurspeglar svið Alheimsins

ANNAR HLUTI.

Kaflí VII

ÞRÓUN MIKILLAR VERUNDAR

Skoðum nú hvernig tilvistarreynsla er skilin af nývakinni vitund mikillar veru.

Hingað til höfum við skoðað framþróun birtingar utan frá en nú munum við skoða efnið innan frá eins og það birtist hlutlægt fyrir þeirri kosmísku einingu sem við köllum Hina Miklu Veru.

Fyrst skoðum við einungis upplifunina af snúningi og ekkert annað. Ímyndaðu þér að þú sért orðin svo vanur þessum snúningi að þú finnur ekki fyrir honum, heldur sé það upplifun ef hann stöðvast.

Skoðum þróun seinni hreyfinga, í byrjun eru þær ný viðbót en missa smásaman þá örvandi orku sem fylgdi þeim og þær venjast, þannig var upphafið og framhaldið.

Þér mun skiljast að hreyfingar sem venjast, verður að viðhalda svo að ný upplifun, sem er grunnur að athygli náist. Því er það að hefðbundnar hreyfingar eru inngrónar í „tilveru“ sem er byggð á þeim og þegar hún vaknar til birtingar mun hún ávallt leitast við að byggja tilverugrunn sinn á þeim hreyfingum.

Við skulum nú rifja upp þá hreyfingafasa sem mynduðu hin Miklu Hópatóm í þessari kosmísku þróun, og þróun þeirra í hina Miklu Veru og þú munt sjá að allar þessar hreyfingar eru inngrónar í eðli þeirra og munu endurtaka sig í innri þróun sem mun ráða í næsta kosmíska þróunarfasa—þróunarfasa hinnar Miklu Veru. Munum að á öllum hringsviðum kosmosins hafa Tilverur sest að um tíma í þróun og tala sviðsins ræður þróun þeirra.

Við munum nú íhuga þróun þessara Miklu Vera, sem snýr sérstaklega að okkur.

Inngróið í eðli þeirra eru fasar alheimsins og þar af leiðir orðtakið—"Hið efra svo hið neðra, en á annan hátt." Hvað sem þroskast við tilteknar aðstæður endurtekur þær aðstæður í endurgerð þess upprunalega.

Hin Mikla Vera hefur þannig í sér kosmíska grunngerð til að byggja á, samsetta og endursamsetta þar til verður óendanlega fjölbreytt birting á sólkerfi. Þess vegna getur óendanleg fjölbreytt birting heims orðið aftur að upprunalegri einfaldri kosmískri byrjun. Hver fasi eða þáttur heims á uppruna sinn í einföldum fasa eða þætti alheimsins.

Mikil Vera eða Lífmyndun, sem sest hefur að á kosmískri hringbraut sinni heldur áfram þróunarverki sínu. Með hina kosmísku eðlisþætti inngróna vegna reynslu sinnar fylgir hún sjálfstætt hinum kosmíska slætti og kemur þeim í verk með sínum eigin skriðþunga, en slíkan þungakraft má kalla „Kosmískan Vilja.“

Við erum enn að ræða um hugtök í gangvirkni. Það er ekki fyrr en hæstu þróunarsviðum hefur verið náð, að hægt er að ræða um hugtök sálarfræðinnar, en það er óbrotin lína frá hreyfingu til hugsunar. Snertilínuhreyfing er einfalt form viðbragða. Hugsun er óendanlegt flókið form viðbragða. Það er ekki spurning um

ólíka gerð heldur stigsmun. Í grunninn er ekkert sem er ólíkt, því allt getur gengið aftur til frummiðjunar. Á birtingarsviðunum er hinsvegar um ólíkar gerðir að ræða því geislarnir sem upprunnir eru frá Miðjunni dreifast með fjarlægðinni. Þar sem vitundin er takmörkuð í sinni hlutgerðu athafnasemi hverju sinni á tilteknu sviði, getur sameining þess innsta ekki náð til vitundar á einstökum sviðum, né heldur tilfærsla frá einu sviði til annars á hvaða geisla sem er, eða undirgeisla þess, í þessu má sjá ólíkar gerðir í birtingu, þó til staðar sé grundvallareining. Vitundarstigsmunur er til staðar á sama geisla, ólíkar gerðir eru til staðar í röð geislanna er þeir snúast hringinn. (Þetta innskot, strangt tiltekið, tilheyrir öðrum hluta þessa efnis, en er nauðsynlegt til að tryggja skýran skilning á rökunum sem sett eru fram.)

Þróun hinnar Miklu Veru fylgir ekki þroska Kosmísku Hringjanna, heldur *þáttum* þeirra. Það er að segja, hún setur á hreyfingu þær reynsluminningar sem hún hefur orðið fyrir og þéttir það í efnið, þar eru upphafssnúningarnir meðtaldir. Hún þekkir „gott“ og „illt“ og er því Guð. Það er þekking á „góðu“ og „illu“ sem gerir henni kleyft að koma í birtingu, því hið „góða“, er gangvirkni og hið „illa“ er þrýstikraftur. Hring-takmörk sólkerfisins eru athyglismörk hinnar Miklu Veru sem myndaði það. Þau mörk gera henni kleyft að einbeita sér að markmiði sínu.

Ferðaatóm sem hefur farið gegnum alla fasa kosmískrar þróunar að þeim stað þar sem sköpun þess nær hátindi og fullkomnun hverju sinni, heldur aftur í för sína að Miðjunni. En vegna ójafnvægis heldur það áfram enn að nýju, en á ólíkan hátt—það hefur vegna þróunar sinnar orðið að aðdráttarmiðju. Það dregur að sér tiltekinn fjölda atóma á hverju sviði sem það fer í gegnum, þar til það kemur á það kosmíska belti sem það finnur sig heima vegna síns sérstaka aðdráttarafls og tengist miðflóttarafli kosmíska snúningsins. Ferðaatómið verður því kjarnamiðja í myndun þessa nýja kerfis. Reynsla þeirrar kjarnamiðju sem hún hefur öðlast í gegnum þróunarfasa alheimsins mun ráða viðbragðshætti kerfisins.

Til að verða ekki fyrir áhrifum af stöðugri gagnvirkni af utanaðkomandi þáttum sem það getur orðið fyrir í þessu nýja belti, heldur þessi nýja kjarnamiðja áfram gagnvirkni við skriðþunga sinna eigin hluta. Þessi gagnvirkni við eigin kerfi dregur úr tilfallandi gagnvirkni við lausar efnisútfellingar sem hvert kosmískt svið dregur að sér. Þannig er smækkaður kosmos byggður upp.

Það má sjá með dálítilli íhugun að þessi smækkaði Alheimur með þessari kjarnamiðju samsvarar miðjunni, sem í alheimi umbreytir allri gagnvirkni í virkni og hefur sama hlutverk og kjarnaatómið. En samtímis er öll tilvera þessa kerfis háð fasakröftum alheimsins— þættir þess fá samsvarandi púlsa meðan fasar „Kosmískis Dags“ ráða , þ.e. þeir þættir hringsins þar sem ráðandi kraftar eru jákvæðir og uppbyggjandi og sömu þættir fá örvun þegar þeir hlutar hringsins eru undir áhrifum neikvæðra afla. Sama á við um áhrifasvið hvers geisla, þá munu tilsvarendi eðlisþættir smækkaða Alheimsins fá aukna örvun.

Við munum sjá að áhrifin á hina Mikla Lífmyndun um hringsviðið skiptast eftir fjórðungum þess, - jákvæð og neikvæð til skiptist- til viðbótar koma fram áhrif þriggja geisla í hverjum fjórðungi. Hér höfum við lykill að svokölluðum „Dag og Nóttu Guðs“ og þar með þróunartímabilum, en, þar sem þessi Mikla Vera sem við ræðum um er sjálf smækkaður Alheimur, skilst að meiri þróunarhraði á sér stað á hringferðinni innan hans.

Til viðbótar þessum áhrifum eru önnur sem þarf að taka tillit til. Þar er um að ræða aðdráttarafl annarra Mikilla Vera á öðrum sviðum alheimsins.

Tengsl milli einnar Veru við aðrar á eigin sviði eru ákveðin og ákvörðuð áður en þessi þróun á sér stað og er stöðug þarf ekki að ræða frekar. En hringferð Mikilla Vera á önnur sviðum alheimsins fara fram með öðrum hætti og án tengsla við Vera annarra sviða en eigin. Þannig mætast þær tímabundið og trufla um stund

aðdráttarafl Miðjunnar á þær Verur sem eru utan þeirra eigin sviða sem og áhrif á allar einingar eigin sviðs og þeirra Vera á sviði ofar því.

Þessi tímabundna truflun á aðdráttarafli miðjunnar veldur ójafnvægi í verum á ytri sviðum þegar aðdráttaraflið raskast gagnvart miðflóttaaflinu, því það er tilhneiging ákveðinna sameinda að streyma inn að miðju og það truflast við þetta. Einnig truflast *vilji* kjarnaatóm Verunnar, sem sér um að viðhalda stöðugum aðstæðum og er sem orðið lögmál þess. Þessar bundnu aðstæður, má segja innan sviga, eru meðal þeirra endurtekninga sem maðurinn kallar „Náttúrulögmál“ þegar hann uppgötvar þau.

Á svipaðan hátt leitast kraftar alheimsins að viðhalda jafnvægi með því að aðlagast hvert öðru. En það gerist engu að síður með óreglulegu bili að aðstæður verður að aðlaga og þær valda mismikilli óreglu á hreyfingu þessara Miklu Vera og framkalla „jákvæða illsku, synd og veikindi“ innan sviða þeirra.

Alheimurinn sjálfur þarf að leitast við að aðlagast í upphafi hvers fasa í þróun sinni, og öll óregla sem á sér stað fyrir slíka aðlögun hefur áhrif á þróunina, það er upphaf illskunar í þeim skilningi sem lagður er í það orð.

"Kosmísk Illska" er takmörkun—andstaða og er grundvöllur birtingar, það er það sem við köllum „neikvæð illska.“

Þessi kosmíska illska, hin „Guðdómlega Illska“, hin „Guðdómlegi Dauði“ er í hverri Mikilli Veru og er grunnur fyrir birtingu og þróun hennar. Því án takmarkanna—endanleika—getur engin birting orðið og án dauða eða brottkasts þess úr sér gengna, getur engin framgangur orðið.

Þessir fyrirstöðuþættir alheimsins eru ávallt til staðar í birtingu heims, en illskan sem birtist í tveim þáttum, synd eða bjöguðu afli og sjúkdómum eða

bjöguðu formi, kemur til vegna bjögunar sem verður á braut er hin Mikla Vera fer í gegnum önnur svið alheimsins. Það er öfgafullt í upphafi þróunarinnar en er smá-saman aðlagað eftir því sem þróunin jafnar það út og í lok þróunarinnar verður fullkomið taktfast jafnvægi komið á í alheiminum—samræmi virkni og gagnvirkni sem viðheldur stöðugleika.

KAFLI IX

SKÖPUN SÓLKERFIS

„Jörðin var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir djúpinu.“ Sköpunars. 1.2

Við höfum nú rakið tvo fasa í þróuninni—kosmíska fasann og mun hraðari endurspeglun hans í þroskafasa hinnar Miklu Veru. Við höfum einnig skoðað tengsl hennar við umhverfi sitt, alheiminn, og við miðjuna sem jafnstillir alla krafta alheimsins, sem er Guð hans. Við munum nú skoða líf hinnar Miklu Veru í tengslum við heims hennar, þar sem hún er Guð þess heims—Skapari—sá er skilyrðir —og viðheldur.

Við höfum séð að hin Mikla Vera kemur frá Miðjunni og tekur sér bólfestu á tiltekinni braut sinni og byggir kerfi sitt undir áhrifum neikvæðra fasa Kosmosins. Þetta kann að sýnast einkennilegt að sköpun eigi sér stað yfirleitt undir áhrifum niðurbrotsafla Kosmosins sem setja samræmi þróunarinnar úr skorðum, en við það verður til nýr fasi sem kemur aftur á jafnvægi. Þegar þessi fasi hefst með fyrri reynslu innbyggða í eðli sínu, byrjar hann þar sem sá síðasti endaði, hann „stendur á öxlum þeirra“ og því rís þróunin til meiri þroska því þetta er regla í Lífsmyndunni. Þú munt sjá að þessi meginregla gengur í gegnum alla hluti, smá sem stóra, á hinu efra sem neðra, hún er ein af kosmísku meginreglunum en lítið sem ekki þekkt.

Á svipaðan hátt myndar hin Mikla Vera innri og huglægan þroska sinn. Hann verður ekki til vegna ytri áhrifa, heldur af áhrifum sem verða til af innri aðstæðum

sem samsvara þeim áhrifum sem mannleg sál gengur í gegnum við fæðingu og dauða. Þegar þessum tilvistarfösum lýkur hefur hin Mikla Vera náð að því skipulagi sem mögulegt er fyrir hana við þær aðstæður eru til staðar, lengra verður ekki gengið. Þannig er skipulagið heild og hver hluti þess er undir áhrifum og svarar breytingum sem verða í öðrum hlutum kerfisins.

Það er því að fullu orðið vitundarstillt, því vitund er meðvitund og meðvitund er viðbrögð við áhrifum. Aðstæður eru stöðugar í hringiðu sinni og endurtekningu myndast ekki lengur meðvituð viðbrögð. Hin Mikla Vera hefur því vitund, en einungis um sjálfan sig. Alheimurinn er algjörlega stöðugur gagnvart þessari Veru og myndar bakgrunn fyrir vitund hennar sem jafna má við mannlega undirmeðvitund á því sjálfvirka stigi.

Hún hefur því tilfinningu fyrir eigin eðli, hugmynd og meðvitund um sjálfa sig. Hér er því einstök vitund sem hún dvelur við. Þetta er sjálfsvitund Mikillar Veru. Þetta er sköpun—, og Guð skapaði manninn í sinni mynd og líkingu.“ Sólkerfi er hugmynd í huga hinnar Miklu Veru. Það er skapað með sjálfsíhugun hennar.

Vitund hinnar Miklu Veru sér sjálfa sig sem heild, og mun næst verða var við breytingar á eðlisþáttum sínum af völdum kosmískra áhrifa sem hún verður fyrir á ferð sinni, sem vekja upp nýja eðlisþætti sem bætast við þá sem fyrir eru og aðlagast þannig þróuninni. Þetta er ólíkt því flæði sköpunarafla sem þú hefur heyrt um.

Þessi fræðsla um innri og ytri þætti hinnar miklu Veru er lykilinn að kenningunni um algyðistrú¹, eins og hún er almennt skilin, en er þó hálf sannleikur. Því

1

Kenning sem tengir Guð við heiminn, eða sér heiminn sem birtingu Guðs. *Þýðandi*.

Mikil Lífvera hefur í minni sínu kosmískar aðstæður, þó hún sjálf sé ekki alheiminn sem hún er hluti af. Sama má segja um þá eigin huglægu mynd sem endurspeglar hana í allri sinni mynd sem verk fullkominnar vitundar, en þar er ekki sú Vera sem birtir sig, - þó allt ráðist af náttúrulögmálum og reynslu hennar og hún eigi engan annan uppruna og verði alls ekki fyrir neinum öðrum áhrifum, því hún hefur enga aðra tilvist örugga nema í vitund þeirrar Veru sem gat hana, þess vegna er sú Vera ekki beint háð kosmískum aðstæðum vegna þess að hún er sköpuð með öðrum hætti en hinar Miklu Verur sem eru fylginautar skapara sinna, og hver þeirra, í tímans rás, myndar hugmynd um sjálfan sig. Hún verður hinsvegar fyrir óbeinum áhrifum af kosmískum fösum því hin Mikla Vera sem er grunnur að tilveru hennar verður fyrir áhrifum af þeim.

Það er þessi staðreynd sem tryggir sólkerfi fyrir truflunum og leyfir engin áhrif sem hindra tengslin milli þess og Skapara síns—Guð þess.

Guð þess, er því, almáttugur hvað það varðar, þó Hann sé líka háður aðstæðum í alheiminum. Guð þess er óendanleikinn hvað það varðar, því að Hann er „allt sem er“ fyrir henni. Hvað Hann er ekki „er ekki.“. En Hann er sjálfur endanlegur í samanburði við alheiminn, sem er óendanlegur hvað Hann varðar, er „allt sem er“ fyrir Honum, þó alheimurinn sjálfur sé endanlegur í samanburði við hið Óbirta.

„Almáttugur“ merkir hér frelsi frá áhrifum af öllum utanaðkomandi kröftum og „Óendanleiki“ merkir summa allra allra áhrifa sem lífsheild er fær um að bregðast við. Sólkerfi er því hugarform sem hugur Guðs myndar, Hann er því almáttugur og óendanlegur fyrir þann heim, sólkerfið.

Eins og komið hefur fram þá myndar hin mikla Vera hugmynd um sjálfa sig. Það er hinsvegar ekki upphaf hlutmyndunar í sólkerfinu, þó það að ræða um þetta

fyrst, er til að gera það sem eftir fylgir skiljanlegra; því þegar hin Mikla Vera birtir eigin mynd, verður til efni af sömu eðli sem lífkerfið bíður eftir.

Við munum að hin mikla Vera safnaði um sig atómum á hverju sviði alheimsins og myndar líkama hennar. Þessi atóm eru einnig verur, þó af lægra þróunarstigi en hún sjálf. Þó þau séu minna þróuð var þroska þeirra náð mun fyrr. Hvert atóm sem hefur uppgötvað sjálf sig hefur skapað hugmynd um sig. Þessar hugmyndir sem myndaðar eru af atómunum eru ekki atóm, heldur eins margar myndir af þekkingu á eins marga vegu og viðbrögð eru möguleg. Þau eru því ekki flokkuð úr í hjámiðju sviðunum, því þyngdaraflið verkar ekki á þær. Þær eru einfaldlega viðbragðamyndanir.

Vitund hinnar miklu Veru verður ekki vör við einstaka viðbrögð atóma sem hún er samansett af, ekki frekar en vitund manns er vör við vitund einstakra fruma í líkama sínum. Því er það að þegar hún leitast við að skilja sjálfsmynd sína tekur hún viðbrögð mismunandi gerða atóma inni heildarmyndina og er háð atómísku hugmyndunum sem skapaðar hafa verið í þeirri heild. Þess vegna verður hin mikla Vera að skapa hugmynd um sjálfa sig í sýnilegu efni, og er því takmörkuð og bundin af eigindum þeirrar myndar hún notar. Þannig verða atómískar sjálfsmyndir hluti af fyrstu sköpunarmynd.

Fyrsta verk sköpunar kom frá *líkama* Guðs, en var einungis massi af óskipulögðum einingum—„Myrkur ríkti yfir djúpinu.“ Þessar einingar, óskipulagðar og þar af leiðandi án tengsla sín á milli, gátu ekki náð að mynda sameiginlega vitund, en hugmynd hinnar Miklu Veru með kosmíska reynslu sína myndaði skipuleg tengsl á milli þeirra og vitund þeirra um hvert annað og þau drógust að hvert öðru.

Af þessu má sjá að kosmísk atóm sköpuðu atóm á hverju undirsviði birtingar og þau atóm sem þannig voru sköpuð voru tengd saman hvert við annað af verkum hinnar Miklu Veru og þannig þróuðust undirsvið.

Þessi fyrstu undirsvið á hverju megin sviði höfðu bein tengsl við samsvarandi kosmískt efnissvið og þar af leiðandi höfðu áhrif á hina Miklu Veru á því sviði. Þaf því leiðir að það er ávallt ákveðin mótstaða við hina Miklu Veru sólkerfisins frá hendi atómanna sem mynduðu efni þess. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Við höfum því, í fyrsta lagi, myndun atómískra hugmynda. Síðan, myndun hugmynda hinnar Miklu Veru um sjálfa sig, sem raðaði þessum atómum í kosmíska smámynd sem við köllum sólkerfi til að aðgreina það frá því tilvistarstigi sem myndaði foreldri þess og Skapara.

KAFLI X

UPPHAF VITUNDAR

En andi Guðs sveif yfir vötnunum og þá sagði Guð “verði ljós“ og það varð ljós.

Þú hefur séð af fyrri fyrirlestrum hvernig atóm, eða birtingareiningar sólkerfis myndast og hvernig straumar og föll hins guðdómlega krafts flæðir gegnum þau svo að nákvæm eftirmynd alheims verður til í smækkaðri mynd—nákvæm samlíking í hringjum sólkerfisins sem hreyfast í minni radíus en í hraðari takti. (Athugið að taktur er einungis tíðni endurtekningar.)

Tveim fösum guðlegrar þróunar hefur verið lýst: —

(a) Þróunarfasa efnisins í sólkerfi.

(b) Þróunarfasa falla og geisla.

Annar er hráefnið sem sólkerfið er gert úr. Hinn er beinagrindin—grunnurinn—sem það er byggt á.

Við höfum því, óhemju magn atóma dreift á svið og undirsvið. Sjö aðskildar gerðir og sjö undirgerðir hvernar.

Við munum nú skoða þriðja guðlega þróunarfásann.

Í upphafi þróunarinnar er Logosinn einn á því sviði sem síðar verður sólkerfi hans. Hann hefur aðeins vitund um sjálfan sig, því enginn annar hlutur er í birtingu á því sviði sem hægt er að hafa vitund um.

Við sjáum því að Logosinn snýr því við viðtekinni hugmynd um þróun vitundar. Því hann fær fyrst kosmíska vitund, síðan sjálfsvitund og svo hlutlæga vitund.

Logosinn er nú meðvitaður um að hugarform hefur varpast frá vitund hans inn í áru hans. Það er hægt að líta svo á að sólkerfi sé ára Guðs.

Þessi vitund um hlutlægi framkallar viðbrögð í vitund Logosins. Fyrir hendi er huglæg-hlutlæg aðlögun og slík aðlögun framkallar samsvarandi breytingu í endurspegluðu sólkerfi sem verður þannig hæft fyrir huglægum-hlutlægum áhrifum. Slíkt samband eða gagnkvæmni myndast milli Logosins, eða hinnar Miklu Veru, og þeirrar myndvörpun guðlegrar vitundar sem er hið nýskapaða sólkerfi.

En það má ekki líta svo á að vitund Logos sé takmörkuð við efnislegt sólkerfi sitt. Einbeitt guðleg vitund, eða virk vitund er með þeim hætti takmörkuð, að einbeitta eða virka vitund er aðeins hægt að byggja upp með meðvitund og viðbrögðum við hlutum, en undirmeðvitund Logos er meðvituð um alheiminn og hefur áhrif á vitundina, enda grunnur hennar og baksvið. Þegar kosmísk föll, há og lág flæða um hringina þá örvast samsvarandi þættir í undirmeðvitund Logos og áhrifin koma fram í vitund hans og áfram í sjálfsmýndun hans, sólkerfinu, og virk vitund Logos meðtekur þau þar svo að óendanleg röð viðbragða og aðlögunar að þeim heldur áfram, í fyrstu í stærri og einföldum hreyfingum en smásaman margfaldast þær og verða óendanlega flóknar.

Allar þessar aðlaganir hafa áhrif á atómefni hins nýborna sólkeri og ákvarðar eðli og einkenni samsetningu þeirra. Það eru þessi einkenni sem maðurinn uppgötvar sem náttúrulögmál eða athugaðar endurtekningar. Þannig er eðli hlutanna ákvarðað, það er innbyggt í þá af logoískum viðbrögðum við aðstæðum í kosmísku umhverfi og þessar aðlaganir halda stöðugt áfram. Þær hætta ekki við fasalok og hverfa, heldur halda áfram eins lengi og atómiska undirsviðið sem það tilheyrir er í tilveru. Þannig heldur þróun náttúruaflanna áfram, óháð þróun lífs og forma eins og við þekkjum það.

KAFLI XI

ÞRÓUN VITUNDAR

Þér hefur skilist af þessum fyrirlestrum að hver þróunarfasi, alheims- eða sólkerfislegur, byrjar með nýrri virkni og gagnvirkni og öll möguleg ný viðbrögð við viðbrögðum eru til staðar. Skemað líkist mögulegum fjölda breytinga á hljómi sem geta orðið við að slá bjöllu á mismunandi hátt og ef bætt er við annarri bjöllu bætast við enn meiri möguleikar á hljóðbreytingum. Þannig eykur nýr þáttur margbreytileikan í birtingu og þegar öll fjölbreytnin sem þessi nýi þáttur hefur gefið sólkerfinu, nær hámarki, hefur þessi fasi í þróuninni náð hámarksþroska og þá verður hlé í framganginum meðan vitund Logosins meðtekur hvað hafi átt sér stað og „sér að það er gott“ og áhrifin inn í vitundina eru ný viðbrögð, sem aftur koma fram í hinu birta sólkerfi. Þannig er hægt að líkja þróuninni við röð af tvöföldum speglum þar sem vitund Logos birtir ímynd sína, verður hennar var og bregst við myndinni sem birtist og viðbragðið hefur áhrif á spegilmyndina og þannig heldur hringurinn áfram látlaust.

Þér mun skiljast að Logos, eða athugandinn, hefur orðið var við hlut—og að sá hlutur er endurvörpun myndar eða eftirmynd af honum sjálfum. Meðvitund um endurspeglunina verður að endurtaka í vitund eftirmyndarinnar svo að hún sé jafn hæf til meðvitundar um eftirmyndina (sjálfa sig). Eftirmyndin sem er af annarri birtingargerð en Logosinn, getur ekki verið meðvituð um Hann og er aðeins meðvituð um sjálfa sig og áhrifin sem streyma til hennar frá Logosinum. Því er máltækið „Engin maður hefur nokkurn tíma séð Guð.“ Guð getur ekki birst

nokkrum meðan sólkerfi er í birtingu. Það er því einungis hægt að álykta um hann.

Meðvitund endurmyndarinnar er ekki bundin við einhvern tiltekin stað í sólkerfisbirtingu, heldur er dreifð meðvitund umhverfis það sem við getum skilið sem Hringmiðju, í óeiginlegri merkingu, eða til að nota nákvæmara og óhlutlægt hugtak, þeirra atómgerða sem líkjast atómum Kosmísku Miðjunnar, þeim sem eru af einföldustu gerð og því ekki bundin af flækjum, mynda grunninn í meðvitund hans. En það verður að vera skýrt að meðvitund er ekki atómísk viðbrögð, heldur er algjörlega af- „afls“ eða „lífs“ – hlið hlutanna. Hún er aðlögun að logóískri vitund, ekki af endurspeglaðri atómískri vitund. Hún er fyrstu viðbrögð í sólkerfi og tilheyrir einungis því sólkerfi, en á ekki uppruna í Logosinum. Efnið, vitundin, hefur komið fram í forminu.

Vitund má skilgreina sem viðbrögð plús minni. Það er að segja, viðbrögð verða í tiltekinni gerð efnis og viðbrögð skapa önnur viðbrögð í annarri tilveru-gerð sem er tengd hinni fyrri á sama hátt og atóm sólkerfis eru tengd atómum alheimsins eða “form“ sólkerfisins er tengt vitund Logosarins.

Það er að segja, meðvitundin myndar sér hugmyndir um sjálfan sig og viðbrögðin milli þeirra, svo notuð sé samlíking, skilja eftir sig „för í geimnum“ þar sem hreyfingar viðbragðanna halda áfram að flæða sem hreinar hreyfingar án nokkurrar raunverulegra tilfærslna hluta í rýminu sem myndaði hreyfinguna. Þetta hreina flæði hreyfinga er Minni—endurtekning viðbragða í öðrum birtingarfasa, vitund er byggð á minni og aðgreind frá meðvitund sem er viðbragðform milli tveggja sviða.

Af þessu sést að form eða rammi sem sólkerfið er byggt á er grunnur að þriðju gerð birtingar—birtingu sjálf-viðbragða.

Kaflí XII

Fæðing vitundar í sólkerfinu

Það er nauðsynlegt að hafa skýra hugmynd um hvað „vitund“ er, það mun nú verða útskýrt.

Þú manst að í fræðslunni um eðli hinnar Miklu Veru var útskýrt að vitund var algjör gagnkvæmni allra þátta og eiginleika viðbragða sem hafa þróast í kosmískri þróun. Vitund er samþætting viðbragða, svo að hver breyting í hverjum einum þætti er svarað af samsvarandi aðlögun heildarinnar. Hér ræður meginþátturinn *að jafna út*, og þessi útjöfnun heildarinnar má útlista sem grunnur að kosmískum persónuleika.

Á fyrstu stigum byggðist það á samruna óvirkra viðbragðaeiginleika Verunnar. Það er í meginatriðum óhlutlægt tengslanet, en með þróun hlutgerðar efnisbirtingar sem höfðu áhrif á Veruna, komu fram ný jöfnunarviðbrögð.

Við skulum því skilgreina tvö svið vitundar:—

- (a) Grunnvitund sem falin er í kosmískri þróun.
- (b) Aðlögun vegna ytri áhrifa.

Hin Mikla Vera byrjar því með grunnvitund, myndar sjálfsmynd sína og verður meðvituð um hana og sú vitundarmynd með sínum margslungnu þáttum byggir

upp seinni þátt vitundar hennar. Þessir tvö svið svara til þeirra þátta í manninum sem kallaðir eru einstaklingseðli og persónuleiki ²

Einstaklingur, hvort sem er Mikil Vera eða maðurinn í smáheimi, er röð skipu- lagðra viðbragða sem náðu jafnvægi í undangegnum þróunarfösum. Þessir fasar eru að baki og horfnir, nema eiginleikarnir fyrir viðbrögðum sem veran hefur öðlast.

Einstaklingur er því staðlaðir viðbragðaeiginleikar.

Persónaleiki er því þessir viðbragðseiginleikar til viðbótar þeim nýjum þáttum í þróuninni sem eru mögulegir.

² Þessi hugtök samsvara „Hærra sjálfi“ og „Lægra sjálfi“ og „Sál“ og „Persónu“ sem einnig eru notuð í ritum um andleg efni.

"Einstaklingur" og "Persóna," vísa því til þróunarstigs og hefur sögulegt mikilvægi. Það vísar til " tíma" en ekki "forms." Það sem er persóna nú, mun verða hluti af Einstaklingi síðar.

Hin Mikla Vera, byggir þannig upp sína fyrstu Persónu af viðbrögðum sínum við kosmíska fasa. Hún verður meðvituð um „sjálfið“ sem þroskast þegar gagnkvæm virkni af öllum þáttum verður til. Sú vitund sem þroskast þannig, er í sjálfu sér hlutlæg tilvera svo hugurinn geti meðtekið það. Um leið og vitundin sér það sem hugform, er það skapað og lifir eigin verðleikum og verður hluti vitundarinnar og í því hugformi mun sama samspil krafta eiga sér stað þegar þessar Miklu Verur urðu til í alheiminum og þannig hélt gangurinn áfram.

Eins og alheimurinn er endurskapaður í smækkaðri mynd í hópi hinna Miklu Vera og með þeim aðferðum í þróunarframgangi þeirra, mynda hugarmyndir þeirra aðrar tilverur. Þær tilverur byrja þróun sína á þeim stað þar sem Hina Mikla Vera var stödd í sinni þróun þegar hún skapaði þær. Á sama hátt og Hún hefur í sér alla fasa alheimsins, þannig hafa þær tilverur sem hún skapar einnig í sér alla eiginleika Hinnar Miklu Veru.

Við sjáum því í þessari hugmyndun Hinnar Miklu Veru, sem við köllum sólkerfi: —

1. Atóm sem dregist hafa inná braut þess ferðaatóms sem verður síðan hin Mikla Vera.
2. Kraftalínur og straumflæði sem eru hin myndaða vitund þessara Miklu Veru.
3. Við þessa samvinnu sem komið er á milli þessara seinni krafta og krafta atómanna, verða til straumar hreinna hreyfingar í rýminu sem eru sambærilegir við fyrstu hreyfingu í því og myndaði Hring-Kosmos. Þannig fer

þróunin í hringi og kemur aftur á hærri boga að þeim dyrum sem hún gekk út um.

Það eru þessu straumar hreinna hreyfinga, sem eru annað en hreyfing hluta í rýminu, sem mynda grunnvitund í hinu myndaða sólkerfi.

Eins og hefur verið fullyrt, eru virkni og gagnvirkni ekki vitund. Það er viðbrögð auk minnis sem eru grunnurinn að vitund og straumar hreinn hreyfingu í rýminu er grunnur að minni, því þeir straumar eru efnislausir og því án mótstöðu, þeir hverfa ekki.

Við höfum því virkni og gagnvirkni í viðbrögðum og stöðugt endurkast þeirra í ástandi sem er óbirt, sambærilegt við það sem átti sér stað. Orðtakið "úr óreiðu rís sköpun" vísar til þess. Reglu hefur verið komið á Hið óbirta. Eitthvað verður til sem ekki var til. Sköpun hefur átt sér stað. Þessi viðbrögð hafa skjót áhrif hvert á annað og þau mynda reglu og skipulag sín á milli og þessi gagnkvæmu viðbrögð eru grunnur að persónuleikanum. Þessi fyrsti þroski vitundar í sólkerfi er mikil og alhliða Yfirsál.

Ferill þessara viðbragða sem verða með virkni á atómsviðinu og þróast innan Yfirsálinni, mynda sýnilega „fö“, sem, þegar eitthvert atómið sker feril þeirra, verður til þess að það fylgir stefnu þeirra þar til aðrir áhrifakraftar verða yfirsterkari

Reynum að sjá fyrir okkur fyrstu hreyfingu atóms marka far í „kraftinn“ og önnur atóm festast í þessu fari og fylgja sveigju þess um einhvern tíma og síðan brjótast úr því til að fylgja þeirra eigin eðlislæga ferli og önnur atóm falla í farið í stað þeirra. Reynum svo að sjá fyrir okkur þennan framgang á atómsviðinu og þá

munum við sjá ótölulegan fjölda atóma í snertidansi og af og til munum við sjá einstaka atóm breyta skyndilega hreyfingu sinni, halda því um hríð eins og stýrðu af ósýnilegu afli og snúa svo skyndilega aftur til fyrri hreyfingarmáta. Þegar við skoðum „farið“ aftur sjáum við að það hefur dýpkað og næsta atóm sem festist í því tekur lengri tíma að losna úr því, en við hvert atóm sem fer í farið, breytist stefna þess, því áhrif eigin hreyfinga atómanna sem festast í farinu breyta stefnu þess. Þetta er fyrstu og einföldustu tengsl sálar og líkama. Ferlar í rýminu sem myndast af snúningi atóma grípa önnur atóm og þá myndast seinni hreyfing og ferilinn vex. Atómin sem mynda þessa ferla má líkja við ferðaatóm alheimsins.

KAFLI XII

UPPHAF HUGANS

Við erum nú að fjalla um upphaf hugans, og því er nauðsynlegt að hafa meðtekið þessi grundvallaratriði.

Þér hefur verið sagt að hreyfing allra hluta skilur eftir sig ferla í rýminu. Hlutir koma til með að hverfa en hreyfing þeirra heldur áfram sem hrein hreyfing.

Það var einungis hreyfing—óhlutlæg hreyfing—sem myndaði alheiminn. Þessi hreyfing gat af sér að lokum, staðbundið mótstöðuafli, sem eru frumatómin. Það er hreyfing þessara atóma sem mynda grunninn að efnisbirtingu.

Efnisbirting eins og þú þekkir hana er tengd hreyfingu hluta, en „Líf“, „Hugur“ og „Guð“ eru óhlutgerðir þættir og eru einungis byggðir á hreyfingu og ótengd nokkrum hlut.

Í athugum okkar höfum við komið að þeim punkti þar sem endurspeglun kosmískra atóma hefur safnast að hinni Miklu Veru, hafa myndað frumefni sólkerfis, og það frumefni hefur skipast í reglu og myndað smækkaðan Kosmos í hinni Miklu Veru.

Þú manst að í þróun alheimsins var það þyngd atómanna sem ákvarðaði hvar þau settust að á sviðum, þau einfaldari settust að þar sem miðflóttaafli alheimsins og aðdráttarafl miðjunnar náði jafnvægi, en massi flóknari atómgerða komu í veg fyrir að þau settust að á ákveðnu sviði og í stað þess að haldast á sjöunda sviðinu í samræmingu fyrrnefndra krafta, héldu þau áfram út, þar til þau rákust á Hring-Takmörkin og voru send aftur til Miðjunnar.

Á svipaðan hátt gerist það í sólkerfum, atómin sem tilheyra tilteknu sviði mynda ferla sína í rýminu, en vegna engrar samfellu í virkni þeirra eyðast gagnkvæm áhrif þeirra jafnharðan. Ferlar hvers sviðs mynda eðlisöfl þeirra. En ef atóm eru of flókin til að setjast að á einhverju sviði fara þau að ysta sviði og snúa þar við, en ekki til Miðjunnar, heldur til miðpunts³, þar sem hið Óbirta „vellur upp“ og verða þar. Það er að segja, í þeim þróunarfasa efnisbirtingar, þar sem nýr þáttur í logóskri vitund er uppgötvaður og þessi ferðaatóm finna sína sækni.

Þú minnst þess sem fyrr var sagt, að hreyfing hluta skilja eftir sig ferill hreinna hreyfingar í hinu Óbirta (munum að kosmískt ástand er Óbirt ástand þegar það er skoðað frá sjónarhóli sólkerfis). Logóískar myndanir þurfa því að ganga

³ Á fyrsta sviði.
þýð.

frá kosmísku ástandi inní efnisbirtingu og í þeirri ummyndun verða þær að ganga í gegnum fasa sem er sambærilegur við það þegar ferlar myndast við hreyfingu hluta í rýminu. Vegna þess að þær hafa sömu náttúru, geta þær haft áhrif á þá ferla sem myndaðir eru.

Þessir ferlar í rýminu eru ávallt í lokaðri formmyndun —eins og feril snerti-atóms—og þegar mismunandi logóískar hugmyndir efnisbirtast verða þessir atómferlar undir áhrifum þeirra og endurtaka logóísa fasann í smækkaðri mynd. Þannig getur þú séð fyrir þér mikinn fjölda ferðaatóma snúa aftur til hinnar skapandi miðju og verða þannig böðuð í áhrifaregni lógóískra hugmynda.

Þessar logóísku hugmyndir eru að sjálfsögðu að móta uppbyggingu sólkerfis og skapa þannig mikla eftirmynd af hinni Miklu Veru, sem er í sjálfu sér eftirmynd alheims í sólkerfinu, ferlar ferðaatómanna, *ekki atómin sjálf*, eru einnig eftirmynd Logosins af gefnum ástæðum.

Þannig sérð þú að á sjöunda sviði sólkerfisins, umhverfis hina skapandi miðju, safnast mikill fjöldi tvennskónar atóma eða vera: —

- (a) Ferðaatóm sem hefur ferðast gegnum öll sviðin og hefur viðbragðareynslu af þeim sviðum og getur því brugðist við þeim öllum á viðeigandi hátt þegar það verður fyrir örvun.
- (b) Til viðbótar við þessum atómlíkama sést atómískur dans í feril þess í rýminu. Slíkur ferill er með öllum atómum, en í tilfelli ferðaatóma sem hafa snúið aftur að hinum upprunalegu skapandi þúnti, er ferill þeirra í rýminu undir áhrifum logóískra hugmynda og það aðgreinir þau frá það sem má kalla " andalaus " atóm.

Þessi atóm hafa orðið fyrir áhrifum sjálfsvitundar Logosins og feril þeirra í rýminu brugðist við áhrifum þessara aðlaðandi bylgjuhrynjanda, þau tileinka sér

þau og verða smækkuð endurspeglun Logosarins, þau sjálf höfðu skapað snerti-hreyfingar með einföldum hrynjanda og endurtekningu þeirra hringhreyfinga, og geta nú samtengt þær hrynjanda Logosarins.

Munum að endurtekning hringhreyfingar mynda hrynjanda og að sveiflutitringur er einfaldlega áhrif hrynjanda eins sviðs, á efni annars sviðs. Logóískur hrynjandi setur því ferðaatómum sólkerfisins titringinn svo þau tileinki sér sama hrynjanda.

Því er það að ferðaatóm sólkerfisins hafa í sér sömu viðbragðsmöguleika og Logosinn. Það er að segja, Logosinn—eða hin Mikla Vera—hefur í kosmískri þróun sinni hefur náð ákveðinni gerð af viðbrögðum og þau eru samsett inni hrynjanda og þeir byggðir inni mikla strengi.

Þessir strengir eru röð hrynjanda innan hrynjanda—lykkjur inni lykkjum, svo notuð sé samlíking. Það eru þessir samsettu hrynjanda ir sem hafa áhrif á ferðaatóm sólkerfisins þegar þau nálgast tilverufasann, þegar hið Óbirta kemur inni efnisbirtingu, og með eigin þroska, eru þau hæf til að tengjast því.

Raunveruleg hreyfing atóms skapar því óhlutbundna hreina hreyfingu. Hrein hreyfing er einkenni alheims og er því af sömu gerð og samskonar tilvera og hin Mikla Vera, eða Logos. Þannig skapar hvert atóm í sólkerfinu með hreyfingu sinni, hliðstæðu við sjálft sig, samskonar tilveru og myndar alheiminn og sömu náttúru og sólkerfi Logosins, og er því hæft til gagnkvæmra viðbragða við Logosinn. Atóm sem sest hafa á sviðunum komast ekki í tengingu við huga Logosins til að skilja hugmyndir hans, ferðaatómin sem hafa ekki sest að á sviðunum og ekki bundin formum þeirra— hafa ekki staðgast—og hafa þannig snúið

aftur til frumstæðra aðstæðna eftir að hafa náð háu þróunarstigi og öfl þeirra frumstæðu aðstæðna geta ekki haft áhrif á þau eins og við atóm þeirra sviða.

Þessi ferðaatóm hafa því komist undan lögmálum hins birta sólkerfisheims sem bindur í form (sólkerfið er í sjálfu sér hug-form) og eru því undir sömu lögmálum og ráða eðli Logosarins og fá samskonar áhrif og alheimur hefur sett á Logosinn —" Guð skapaði manninn í sinni mynd."

Þessi atóm sem náð þessu, halda áfram að safna að sér öðrum atómum, því ferill þess í rýminu, sem hefur náð ákveðnum hrynjanda í hringsnúningi og er laus við snertur Brownian hreyfinga, myndar hringiðu sem dregur að sér önnur atóm inn í hreyfingarsvið sitt og heldur þeim í hringsnúningi umhverfis sig

Þú sérð því þessar aðstæður: atóm sem er endurspeglun kosmíks atóms, sem er of flókið til að geta sest niður í svið efnisbirtingar og snýr aftur að miðjunni, og hefur þroskað rás hreinnar hreyfingar sem er háttur kosmískrar birtingar. Kosmískur þáttur þess er stimplaður með lógóískri mynd og hrynjanda eins og lýst var hér á undan, og þessi óhlutbundni eiginleikarþáttur atómsins gerir því mögulegt að hreyfast með föstum snúningshrynjanda, mynda hringiðu sem dregur að sér nálæg atóm.

Þannig höfum við kosmískan titring hreinna hreyfinga sem heldur ferðaatómi í tiltekinni hreyfingu og það atóm, með hreyfingu sinni dregur önnur sviðsatóm inn á braut sína og heldur þeim þar.

Þessir þrjú þættir eru: —

- (a) Kosmískur neisti eða Guðlegur sálgerður andi sem fyrst var lýst sem ferli í rýminu sem myndað var af atómi.
- (b) Atóm, sem er upphaf að líkama og þekkt sem kjarnaatóm.

(c) Atóms á sjöunda sviði sem dregst inn á braut kjarnaatómsins og stendur sem sjöundasviðs líkami þess.

(d)

KAFLI XIII

ÞRÓUN HINS GUDLEGA NEISTA

Við höfum rakið þróun þriggja þátta í þróuninni, og aftur sjáum við tölu birtingarinnar—þrjá hringi Kosmosins; þrjá þættir sólkerfis og einnig þrjá þætti á bak við vitundareiningu.

Þessir vitundarþættir eru aðskildir hvað varðar kjarnaatómið og þau atóm sjöunda efnissviðs sem umlykja þau.

Kjarnaatómið og það sem umlykur það, myndar tiltekið kerfi spennu og viðbragða sem þau hafa aðlagð hvert öðru og náð jafnvægi og þannig orðið að einingu.

Einingin er samsett af gagnvirkum öflum sem hafa náð jafnvægi og orðin stöðug.

Slíkur stöðugleiki samsettra afla sem hefur náð tilteknum hrynjanda í aðlögun mun bregðast við í sameiningu við öllum ytri áhrifum og ef hluti slíks aðlögunarkerfis verður fyrir áhrifum mun það hafa áhrif á alla aðra hluti þess og valda viðbrögðum alls kerfisins, þar sést að slík samstarf virkar sem eining.

Hvað varðar ferlanna í rýminu annarsvegar, sem hafa móttengið logoísk áhrif og má nú vísa til sem Guðlegar myndir—Endurspeglun—Neista frá kosmíska Eldinum, mun verða hér eftir vísað til sem „Guðlega Neista“, er annað mál.

Við skulum því skoða einstaka Guðlegan neista og eðli hans.

Hann er móttækilegur fyrir þrennskonar áhrifum:—

1. Reynslu sem hann fær frá kjarnaatómi sínu.
2. Áhrifum frá öðrum Guðlegum neistum.
3. Hann er í *tengslum* við Logosinn. Hann er meðvitaður um Logosinn og Logosinn meðvitaður um hann.

Þessi áhrif breytast stöðugt í hrynjanda mismunandi bylgjulengda, og Guðlegi neistinn leitast stöðugt við að aðlaga þau öll í reglulegan takt. Logoísku áhrifin breytast með kosmískum föllum sem eru mjög hæg, en áhrif kjarnaatómsins eru mun hraðari og Guðlegi neistarnir bregðast allir við án tengsla hver við annan.

Kosmískir fasar sem endurspeglast frá huga Logosins mynda hin fyrstu miklu mótunaráhrif, hinir stríðandi neistar berast á föllum jákvæðra og neikvæðra fasa og smá saman er tengslum komið á, spenna er aðlöguð og allir Guðlegir neistar verða tengdir sín á milli í gagnkvæmum („gefa og þiggja“) sambandi. Þegar þetta á sér stað hefur þróunin náð hámarki sínu.

Á óhlutlægan hátt eru þeir fullkomin eftirmynd Logosarins á þessu þróunarstigi og á formhlið mynda þau rúmmálsmynd af hópatómum utan um kjarnaátóm og það myndar kraftlínur þess, alveg á sama hátt og kristall er rúmfræðilegt form,

myndað af efnisögnum sem raðast upp af kraftlínunum. Þannig var alheimurinn byggður upp af þremur umlykjandi hringferlum og því er logóíst tákn kúlulaga, tala frumbirtingar er þrír, tákn fyrsta hnattarins er þríhliða mynd—þríhliða pýramídi innan hrings. Fyrsta plánetuformið hefur tekið á sig mynd. Á kosmísku hlið hlutanna hefur hin Mikla Vera myndað fylgihnött.

Hin Mikla Vera er meðvituð um fylgihnött sinn. Vitund hennar stýrir honum og fylgihnötturinn er meðvitaður um Skapara sinn, en *sameiginlega* vitund fylgihnattarins er undir áhrifum hinnar Miklu Veru og því er gagnvirkni milli hennar og fylgihnattarins, hann hefur ekki vitund um hina Miklu Veru gegnum sameiginlega vitund, en með óteljandi einstaklingsvitundum, þar sem sameiginleg vitund er varla meðvituð um að þær séu meðvitaðar, er algjörlega annað efni.

Það býr því í fylgihnettinum sameiginleg vitund sem er sjálfsvitund um eigin aðstæður og tilvist sem fylgihnöttur og ótölulegs fjölda einstaklings vitunda sem eru meðvitaðar um um sinn atómhóp umhverfis sitt kjarnaatóm, en eru ekki meðvituð um aðstæður annarra atómhópa, sem þó eru hver um sig, meðvitaðir um hina Miklu Veru.

Vitund hinnar Miklu Veru gagnvart fylgihnetti sínum er hægt að líkja við sjón mannlegs auga , en vitund fylgihnattarins gagnvart hinni Miklu Veru má líkja við sjón kóngulóar—ótölulegir fletir sem endurkasta ótölulegum fjölda mynda sem verður að samræma í heilanum—heila sem hægt er að líkja við “Hópvitund.“

Þegar allir guðlegu neistarnir eru fullkomlega aðlagðir gagnvart hverjum öðrum þannig að fullkomin gagnvirkni viðbragða er í hópi þeirra, þá mun sameiginleg vitund fókusera myndfletina. Þegar því er náð er gagnvirk vitund milli fylgihnattarins og hinnar Miklu Veru, því þeir mætast á sama grunni.

Form fylgihnattarins er ákvarðað af sjálfsmynd hinnar Miklu Veru, aðskilið frá uppbyggingu vitundar eininganna sem mynda hana; og þegar Guðlegir Neistar hafa náð gagnvirkum viðbrögðum, öðlast sameiginlega einbeitta vitund og sú vitund vinnur sem eining og því hæf til hlutlægrar vitundar, er hin Mikla Vera eini hluturinn á hans sviði.

Hin Mikla Vera er vör við vitund fylgihnattar síns og innihald þeirrar vitundar, sem er öll samandregin þroskareynsla hnattarins eins og áður hefur verið hefur verið lýst.

Hin Mikla Vera verður þannig var við hvernig þróun hnattarins er og það leiðir að nýjum vitundarþætti í huga hans og sá þáttur verður að falla að því sem fyrir er; þar sem stöðugleika hafi verið náð og reglulegum hrynjanda komið á hjá fylgihnettinum, þessi einfalda örvun vekur athygli Logosarins og verður til þess að hann dregur hana til sín og leysir það sem kallast nýr þáttur inni vitund sína, en þessi ytri örvun hverfur fylgihnettinum og fellur í undirmeðvitund hans og þannig staðlast viðbrögð hans.

Í vitund sinni vinnur Logosinn úr þessum nýja þætti og aðlagar hann og öðlast vitundarsamræmi á ný. Meðan á því stendur dragast allir kraftar hans inná við í þeirri íhugun og útgeislun hans er engin. Þá er vitund hans ekki á heimi sínum. Þá er sólkerfinu haldið saman af eigin sjálfsvitund sem það hefur öðlast við endurtekna íhugun Logosarins þegar nýjar hugmyndir koma til hans frá sínum eigin kerfi.

Sólkerfið er upp á sjálft sig komið og stendur í stað, en endurtekur stöðugt hrynjandann sem það hefur náð og staðgast, og jafnvægi kraftanna sem náð var við athygli Logosarins verði komið í form.

Eftir að hafa ígrundað og aðlagast hinni nýju hugmynd sem kom fram (í þessu tilfelli, þrefalda einingu—ferðaatómsins, með vitund annars vegar og umlukin líkama hins vegar) vaknar hin Mikla Vera úr þeirri sjálfskoðun til íhugunar um gerð kerfi síns.

Vitundareiningarnar sem þróast hafa í fylgihnetti verða strax var við þessa nýju örvun. Þeir eru meðvitaðir um viðbrögð og gagnvirkni á milli hugastjórnandans og tengds líkama og á þeirri frumgerðarhugmynd halda þeir áfram að þróast.

Þannig verður til nýtt álag sem rýfur jafnvægið sem náð var í hóphuga fylgihnattarins og þar af leiðir verða allar hinar dreifðu einingar sem fylgihnötturinn samanstendur af, að fylgja aftur braut þessara leitandi atóma, auk vitunda hins Guðlega neista og líkama sjöunda sviðs.

Frumgerð fylgihnattar sem staðgast meðan á íhugun Logosarins stendur verður áfram eins. Þetta getur þú séð fyrir þér, snúast um Logosinn á sjöunda sviði.

Guðlegu neistarnir sem hafa þróast út frá sjötta sviðinu og safnaði þar um sig efni þess sviðs og ferlið er endurtekið, nákvæmlega eins og áður:—

- (a) Endursamhæfing Neistanna.
- (b) Aðlögun viðbragða sem byggir upp hópvitundina.
- (c) Gagnkvæm viðbrögð hópvitundarinnar og vitundar Logosins.
- (d) Íhugun Logosins að nýrri hugmynd.
- (e) Stöðgun endurtekinna viðbragða fylgihnatta.

En það er með öðrum hætti í þessu tilfelli. Á þeim tíma sem þróun fyrsta fylgihnattarins átti sér stað, var ekkert í áru Logosins nema atómsviðin og þessi fylgihnöttur, en þegar myndun annars fylgihnattarins átti sér stað, var sá fyrsti

að gangast undir nýjan þróunarfasa. Logosinn sem hafði uppgötvað möguleikann á að gefa atómunum sína eigin eiginleika, hugsaði um atómin þannig og þau urðu innblásin.

Atóm sjöunda sviðs, eins og á öllum sviðum, eru stöðugt að hreyfast áfram eða aftur eins og í fallaskiptahreyfingum þegar jákvæðir logóískir fasar draga þau inn að miðjunni og neikvæðir fasar hans þrýsta þeim út á við, athygli daufra vitunda atómanna dragast að Logosinum í jákvæða fasanum (munum að *staður* í þessum hugarferlum í áru Logosar þýðir í raun *ástand*), atómin fá í sig þá mynd eins og Logosinn sér þau, því taka þau í sig sama hrynjanda og fyrstu þróuðu atómin fengu þegar Logosinn varð meðvitaður um vitundarástand þeirra—það er að segja, við lok þróunar þeirra.

Þessi nýju atóm byrja þar sem hin fyrri enduðu. Við frumkrafta fyrsta fylgihnattarins raðast þau fljótt í sömu gerð og fyrirrennarar þeirra og ná fljótt þroska þeirra. Þau verða síðan að ná samhæfingu í viðbrögðum, sem er sameiginleg vitund, til að verða meðvituð um Logosinn, og sami ferill endurtekur sig eins og í fyrra tilfalli.

Er fyrsti atómshópurinn hefur lokið þróun sinni í öðrum fylgihnettinum eins og lýst hefur verið, heldur hann áfram og undirgengst þriðju þróunina á fimmta sviðinu.

Þegar annar atómshópurinn í fyrsta fylgihnettinum, heldur áfram með sama hætti á sjötta sviðið og er fangaður og raðað upp af þeim frumkröftum sem fyrir eru frá fyrsta atómahópi; samtímis er þriðji atómshópur sendur af Logosnum til að manna fyrsta fylgihnöttinn, hann hugsar nú atómin með tveim umluktum hvelum og nýju atómin er því gefin hæfileiki til að safna um sig efni tveggja sviða.

Þannig heldur ferlið áfram þar til fyrsti hópur ferðaatóma, sem hver um sig hefur safnað umhverfis sig efni allra sviða og hefur þróað, hefur byggt upp fylgihnött á fyrsta sviði, og hver fylgihnöttur á undan er mannaður Guðlegum neistum, sem hver þeirra hefur byggt upp sjálfur í röð efnissviða í samræmi við þá þróunarstöðu sem hann hefur náð.

En fyrsti atómshópur Guðlegra neista, með áunnum kröftum sínum, hefur hugsað sitt form, Logosinn hefur orðið var við þá staðreynd og sent út seinni hópa með ávinning fyrsta hóps sem *hugmynd* í vitund þeirra. Það er að segja að hver sá hrynjandi sem náðst hefur er erfður af þeim hópi sem tekur við.

Þetta er það sem kallað er innþróun. Útþróun er tjáning á þessu í efninu á hvaða sviði, þar sem útþróun heldur áfram.

Það má sjá af þessu sem hér er sagt að framan, að að lokum munu öll sjötta sviðs atóm mun fara í gegnum þennan ferill.

Þú munt sjá, að líkt og tákni fylgihnattar a sjöunda sviði var sívalningur með þriggja hliða tákni—pýramídi með þremur hliðum, er sjötta svið fjögurra hliða tákni, teningur og þannig gengur þetta niður sviðin.

Fimmta sviðið hefur fimmhliða tákni.

Fjórða sviðið hefur sexhliða tákni.


Þriðja sviðið hefur sjöhliða tákni.

Annað sviðið hefur áttahliða tákni.

Fyrsta sviðið hefur níuhliða tákni.

Þú sérð að tölurnar eru samanlagt ávallt tíu og talan níu er fjöldi hliða sem mynda táknið sem tákna kraftana á fyrsta sviði. Þrír margfaldaðir með þremur er fullkomin tala fyrsta sviðs.

Talan tíu er fjöldi kraftanna í birtingu okkar sólkerfis, en níu er tala Kosmosins og kraftsins sem kallaði sólkerfið fram í birtingu, þegar sá kraftur birtist á fyrsta sviðinu.



KAFLI XIV

ÞRÓUN PLÁNETUVERU*

Í fyrri fyrirlestri var þróun Guðlegra neista rakin frá þeim tíma er þau, öll af sömu gerð söfnuðust saman og mynduðu hópvitund. Við röktum þróunarfasa þessara hópa frá einu sviði til annars á hverri plánetu, hvernig þeir bættu við sig atómahjúpi af hverju sviði við þau sammiðjulög af atómum er snérust kringum kjarna upprunalega ferðaatómsins, þar til að lokum að við finnum miðjukjarna Guðlegu neistanna á fyrsta sviði hjúpuðum sjö lögum.

Tengsl kjarnaatómsins, ferðatómsins og þessara sjö hjúpa eru flókin og þarfast frekari skýringa áður en haldið er áfram.

Ferðatómið á uppruna sinn, - ekki frá Logosnum, heldur Kosmosnum. Það er því skyldara uppruna tilverunnar en það sem Logoinn myndar.

Logosinn myndar megin grunnkrafta- og fasa sem ráða sólkerfinu sem heild.

Kosmísku atómin sem gengist hafa undir áhrif Logosins mynda hin ótölulega fjölda eininga sem hugmyndun Logosarins bindur saman. Kosmísku atómin er í raun yngri bræður Logosins—Kosmískar einingar sem enn hafa ekki náð sama þroska og Logosinn, en af sömu gerð. Hvert atóm í sólkerfinu er því af þessari ástæðu mögulegur guð.

Munum að hreyfing er grunnur alls.

Óhlutbundinn hreyfing sem er fönguð af staðbundnum kröftum gerir hana stöðuga, staðbundna. Það er þessi staðbundni kraftur veður „formið.“ Form er einfaldlega kraftur sem er ekki frjáls að hreyfast.

Hver breyting sem er algjörlega aðlöguð festist í hringrás virkni og gagnvirkni.

Um leið og slík hringrás verður til er ekki hægt að breyta henni og þannig er kraftur festur, ekki sem hreyfingalaus puntur, heldur í hringsnúandi ferli. Puntar er einingar. Hringirnir eru lífverur.

* Í frumprentuninni var Plánetuveran kölluð Plánetuandinn : breytingin hér er gefur nákvæmara heiti.

Eining eða hringur sem orðið hefur til, geta hreyfist sem heild og þegar hreyfing hluta á sér stað eru tveir þættir fyrir hendi — hlutur sem hreyfist og hreyfingin sem hann skapar.

Hreyfingin, óháð hlutnum, er sama eðlis og hreyfingin sem skapaði hlutinn.

Þegar um er að ræða ósamhæfðar hreyfingar, eins og snertihreyfingar atóma áður en þau ná samhæfingu, er ekki kominn á reglulegur hrynjandi og því myndast engin form. En um leið og aðlöguð samvinna þeirra er komið á, myndast óhlutbundin hreyfing.

Þessi meginregla gengur að mörgu og er nefnd hér ef vísað er til hennar síðar og/eða ef vísað er almennt til óhlutgerða megingerðar, þú munt sjá það að eftirmynd þessa hrynjanda, kemur fram á öðrum sviðum sem titringur. Þetta er lykilinn að gerð minnisþáttarins.

Áður en við höldum áfram með þróun hinna Guðlegu Neista, viljum við vísa til þróun frumgerða hnatta eins og þeim hefur verið lýst.

Sameining Guðlegu neistanna í hópvitund myndar, eins og fyrr hefur verið sagt, skipulag atóma þeirra í samsvarandi rúmfræðilegt form. Eftir dreifingu atómanna heldur formgerð þess sér í samræmi við lögmálið sem lýst er hér að framan.

Þetta form er smækkuð mynd af Logos eins og hann birtist sólkerfi sínu, það er að segja, kerfi viðbragða.

Þetta kerfi viðbragða skipar atómum sviðanna í grunnskipulag og myndar þannig tiltekið form fyrir sjálf sig. Þannig verður til, auk þróunarhóps Guðlegu neistanna, Plánetuvera með kúlulegan líkamlega sem byggður er á grunni viðbragða og þessi Plánetuvera mun verða innblásin af virkni og skipulagi því sem einkennir hóp Guðlegu neistanna í þróunarfasa á sínu sviði.

Þegar næsti hópur nær þessum fasa verður þróun þeirra að vera í tengslum við þá Plánetuveru sem er Drottinn þess sviðs, því hún er ráðandi þar.

Þeir munu finna tilbúnar aðstæður sem fyrirrennarar þeirra urðu að þróa og frá henni byrja þeir sinn eigin þroska.

Hver og einn er búinn efnisskel þess sviðs og mun halda áfram að byggja utan um hana efni næsta sviðs. Munið, að þó að svið Kosmosins séu víðáttumikil í geimnum—sem byggist á hreyfingu—þá teygja atómsviðin í sólkerfi sig ekki út í geiminn, þau eru afurð hugmyndar og bundin í vitund og eru því af þroskaðri gerð.

Það sýnist sem svo að Guðlegu neistarnir þurfi ekki að breyta um stað sinn í geimnum til að safna um sig atómum af annarri gerð (því atóm af öllum gerðum eru alstaðar) en þau verða að breyta hreyfingum sínum til að önnur atóm geti lagað sig að þeim hreyfingum. Hvenær sem samvinna í hreyfingum á sér stað sem breytir staðnari einingu í spinnandi hringhrynjanda á sér stað slík breyting og hringhrynjandi laðar ávallt til sín atóm frá næsta neðra sviði, því sú hreyfing er lík þeirra eigin.

Sem dæmi, þegar frumatóm hreyfist með snertiferli verður það snertiatóm. En ef hópur frumatóma hreyfðist með snertiferli mynduðu þeir snertisameind og þar sem það er stærra en atóm yrði það aðdráttarafl fyrir slík atóm og myndaði þannig skel af atómum utan um sameindina. Þannig verða allir hjúpar til.

Ef við snúum okkar aftur að þróun Plánetuveru, þá byggist hún til að byrja með á skipulögðum kerfum atómsviða og þegar hinir nýtilkomnu hópar Guðlegra neista kom inní þessi kerfi finna þeir sig í efni sjöunda sviðs á sjöunda sviðs plánetu. En á þróunarferlinum á þessari plánetu byggja þeir um sig sjötta sviðs hjúp og samhæfa vitund sína inní hópvitund, þegar þeir halda áfram ferð sinni yfirgefa þeir þessa mótuðu hópvitund sem myndar nú vitundgerð Plánetuverunnar og þessi formgerð dregur að sér atóm sjötta sviðs sem koma inná það svið og mynda líkama Plánetuverunnar númer tvö.

Þessi ferill endurtekur sig með hverjum nýjum þróunarfasa þar til hver Plánetuveran hefur náð fullri myndun allra líkama sinna og getur því tekið atómhóp gegnum alla þróunarhringrásina. En hver Plánetuvera tekur fullan þátt í virkni hópanna í formbyggingunni þar sem hver Plánetuvera stendur fyrir mismunandi fasa í þróuninni. Þeir hafa mismunandi eiginleika og þróun hvers þeirra fer fram við samkvæmt því.

Til dæmis þá mun einkenni sjöunda sviðs ráða allri þróun alls efnis á sjöunda sviði plánetu. Frumhrynjandi þess sviðs er lykilmótan og þar af leiðandi munu allir síðari taktar bera þau einkenni.

Plánetu á fyrsta sviði tekur á sig frumhrynjanda þess sviðs, en sá hrynjandi er sá hraðasti og allar afleiddar breytur eru hluti hans og á neðri sviðunum er þessi frumhrynjandi sem einn tíundi.

Takið eftir að hópur í þróun á ákveðinni plánetu byrja á sama fjölda líkama og plánetan hefur og bætir vin einum í þróun sinni og bætir þannig einum líkama við plánetuna þar til hámarkinu, sjö, er náð og afþróun hefst, og plánetur og neistar kasta af sér efninu. Það efni verður rætt síðar.

Þú munt sjá að þróunarröð í sólkerfi er öfug við þróunarröð í Kosmosinum því að sólkerfi er endurkast spegilvitundar hinnar Miklu Veru. Óhlutbundin hreyfing myndar form í Kosmosinum.

Form mynda óhlutbundnar hreyfingar í sólkerfinu og tengjast þannig Kosmosinum, en við komum betur að því síðar.

Það er því nauðsynlegt í sólkerfinu að mynda form til að þróast upp á kosmískt svið. Markmið sólkerfis er að lyfta hverju atómi upp á kosmískt svið og þar með gera þeim kleyft að tengjast kosmískum atómum sem þau eru af og gera þessum

kosmísku atómum að verða hluti hinnar Miklu Veru. Þannig þróast kosmísku atómsviðin.

Þetta er leyndardómurinn um guðleika mannsins. Hann er ekki eingöngu tengdur Guði sólkerfi síns, sem er sá er mótar hann, heldur skapara sínum sem er samsvarandi atóm í Kosmosinum, sem skapar en hefur ekki afl til að móta, því það sjálft er mótað af Mikilli Veru sem það sjálft er hluti af.

En þegar hið endurspeglada atóm í sólkerfinu þroskar tilheyrandi eðlisþátt skapara síns og getur því sameinast honum, fær það kosmíska atóm inni sig alla þá mótun sólkerfisins sem var myndað af hinni Miklu Veru sem er hluti hans. Þar sem það sólkerfi var mótað af hinni Miklu Veru verður Kosmíska atómið þannig eftirmynd þeirrar Miklu Veru; og þar sem það er algjörlega mótað af henni *er* hún ekki lengur mótuð, heldur *hefur verið* mótuð og það tilheyrir fortíðinni og er því nú ómótuð af hinni Miklu Veru, því það hefur öðlast stöðu til að móta sjálft sig og er því sjálfstætt. Það er frjálst af kosmísku sviðum, er ekki lengur bundið þjónustu við hina Miklu Veru, en með tengingu við þroskað atóm í mynduðu sólkerfi er því lyft yfir stöðu atómsviðs sitt og verður í stað þess ferðaatóm og ásamt tengdum tengdum Guðlegum neista þessa myndaða sólkerfi ferðast um geislahringi Kosmosins og að því loknu, verður það Mikil Vera og þróar sólkerfi.

Þetta er þróunarmarkmið allra myndaðra atóma í sólkerfi—að þróa Guðlegan neista—til að ljúka þróun frá mannlegu til Guðlegs í mynduðu sólkerfi og síðan að sameinast sínum kosmíska skapara og gera kosmíska atóminu að þróast gegnum ferill sem ferðaatóm til þess að verða Mikli Vera.

Þetta er það kerfi þróunarinnar sem við eru nú að skoða.

Þessi síðustu atriði hafa aldrei áður verið upplýst. Mannleg hugsun hefur aldrei áður farið út fyrir Logosinn, en nú er það upplýst að þó að Logosinn sé Skapari

sólkerfisins, er hvert og eitt atóm í því sólkerfi skapað af kosmísku atómi, sem hvetur með aðferðum þess endurspeglaða lífs að ná því marki að halda áfram sinni eigin þróun.

Því má segja um menn, að með því að borða af tré þekkingarinnar geti þeir orðið guðir.

Þessari þekkingu hefur verið haldið leyndri í þessari útþróun svo að sálir freistist ekki til að snúa til baka og fresta markmiðum sínum, en fyrir þá sem hafa náð á tindinn er nú hægt að upplýsa þetta.

KAFLI XV

ÞRÓUN LOGADROTTNA, FORMS OG HUGA

Við getum nú skoðað þróun guðlegu neistanna í meiri smáatriðum.

Höfum strax í huga að fyrsti hópur guðlegu neistanna er ólíkur þeim sem á eftir koma í mörgum atriðum.

Í fyrsta lagi samanstendur fyrsti hópurinn einungis af ferðaatómum sólkerfisins.

Í öðru lagi eru þessir guðlegu neistar ekki undir neinum áhrifum en Logosins, því fylgihnettir hafa ekki myndast og eru því ekki undir áhrifum plánetuvera. Þess vegna hafa neistar fyrsta hóps guðlegu myndina innprentaða hreina og ómengaða af öðrum áhrifum.

Það eru engin straumamót sem koma í veg fyrir að fyrsti hópurinn nái hinni guðlegu hugmynd með minni fyrirhöfn en síðari hópar. Í fyrsta hópnum eru kosmísk áhrif ráðandi. Hver síðari sveimur sem kemur, þróast í sólkerfi sem er æ meira á veg komið og því eru kosmísk áhrif á þá sífellt minni.

Annar þáttur sem skilur að í þróun fyrsta hópsins frá þeim síðari er — fyrsti hópurinn safnar efni í líkama sína frá mismunandi atómum sviða sem þeir hafa þróast í gegnum; hann (hópurinn) fer áfram með þessi atóm á næsta hnött í þróuninni og gegnum sviðin. Svo að á hverjum hnetti sem þeir þróast er gagnvirkni komið á við öll sviðin fyrir ofan í sólkerfinu með þeirri aðferð sem lýst var.

Þessir guðlegu neistar fara þannig niður sviðin og skilja eftir sig röð af grunngerðum og þegar þegar þeir fara til baka upp sviðin,- með aðferðum sem lýst verður hér síðar-, verða þeir að afli og möguleikum sem stýra þróun þeirra sem eftir koma. Þeir eru „Drottinn“, „Hinir Tignu“, „Stjórnendur“ eins og þeim er sumstaðar lýst.

Þróunaraðferðir síðari sveima víkja frá þeim fyrsta. Logosinn sem fékk þróunarárangur fyrsta sveims deilir honum til annars sveims með hrynjanda og titringi sem áður hefur verið lýst og þannig byrja þeir þróun sína með áunnu eiginleikum sem fyrirrennarar þeirra höfðu byggt upp og þeir finna sig undir áhrifum afla sem atómvirkni fyrirrennara þeirra setti inni svið hnattarins.

Þeir aftur á móti draga að sér efnishjúp í gegnum sviðin á þróunarbraut sínum. En það sem greinir þá að er, —þeim hefur ekki tekist að byggja upp hóphuga úr

vitundum sínum. Þeir hefur aðeins tekist að stilla sig inn á þann eina sem fyrir er í tilveru. Þeir verða að ná því að verða eining innan sviðs síns og aðlagast áhrifum fyrri sveims sem og sínum eigin, ekki aðeins að vera einn með sjálfum sér.

Þegar þessari samstillingu (einingu) er náð og Logosinn hefur séð árangurinn, dregur hann sig í íhugun, halda þessir guðlegu neistar ekki áfram til næsta fylgihnattar eins og fyrsti sveimur gerði, heldur við það að logóískt aðdráttaraflíð minnkar við íhugun Logosins, dregur aðdráttarafl hnattar næsta sviði þá til sín.

Á næsta hnetti taka þeir við næsta fasa í þróun sinni á nákvæmlega sama hátt og fyrirrennarar þeirra og endurtaka ferill þeirra þannig áfram allt að brottför af fimmta sviði hnattarins.

Hér átti breyting sér stað. Þegar annar hópurinn kom á annan hnöttinn í þróun sinni, hélt hann ekki viðstöðulaust áfram á þriðja hnöttinn, heldur er hann nú undir áhrifum (Logosinn dregið sig aftur inn í óhlutbundið ástand) tveggja plánetna— fyrsta og þriðja hnattar (fyrsti hópur er ávallt einum hnetti á undan). Það er því togað í hópatómin úr tveim áttum og þessi andstæðu áhrif eru næg til að yfirvinna aðdráttarafl einstakra atóma að atómískum hjúpi þeirra. Atómíski hjúpurinn fellur því af þeim og fellur aftur í sitt upprunalega ástand sem atóm þess sviðs sem tilheyrir þeim, en þó að þau séu frjáls frá guðlegu neistunum eru þau nú umsvifalaust gripin af þeim sviðskröftum þar sem þessi þróun á sér stað og eru því notuð þar aftur.

Á sjötta sviðinu heldur Plánetuveran ekki aðeins sjötta sviðs atómum á aflsviði sínu, heldur einnig sjöunda sviðs atómum sem guðlegu neistarnir skildu eftir sig þar. Munum að Plánetuvera er í raun áhrif og aðstæður þess lífs sem þróast í henni.

Guðlegu neistarnir sem misstu þannig atóm sín, fara í upprunalegt ástand sitt sem sjöunda sviðsatóm og í því ástandi snúa aftur til hins óbirta, sem í sólkerfinu

samsvarar Miðjustillingu Kosmosins, og þar fá þau á ný logóísku myndina, auk ávaxta af þróunarárangri frumneistanna— en þeir eru ávallt einu sviði á undan þeim.

Neistar annars hópsins byrja ávallt nýja umferð með eiginleikum næsta sviðs til viðbótar. Er þeir fara gegnum sviðin safna þeir um sig efni hvers sviðs og móta það í sammiðjuhjúp eins og áður var lýst, þar til þeir koma að fimmta sviði. Þar byggja þeir upp fimmtasviðs efnishjúp með áhrifum frá fimmtasviðs plánetu og endurtaka aðlögunarferlið að hóphuganum, að sleppa hjúpunum og snúa aftur til miðjunnar.

Það má sjá af þessu að það eru grundvallarmunur milli hvers hóps. Fyrsti hópurinn gengur í gegn eingöngu með segulmagnvirkni og titringi, þeir eru kallaðir í dulspeki „Drottinn Logans.“ Annar hópurinn mótir efnisbyggiguna form Plánetuveranna, þess vegna eru þeir kallaðir „Drottinn formsins.“

Við snúum okkur nú að þriðja hópnum. Hann birtast sem sjöundasviðs atóm með lógóískri ímynd, en af þróaðri gerð en fyrirrennara þeirra báðir, því Logosinn hefur þroskast með þróunarferli fyrirrennara þeirra. Þau halda áfram til sjöunda sviðs plánetunnar og hér er mismunurinn ljós á þróun þeirra frá fyrirrennurunum sínum, því þau safna ekki um sig efni sviðanna til að mynda líkama, heldur nota þau aðeins efnið sem er undir áhrifum Plánetuveru og þróar það, það efni er orðið vant að bregðast við Guðlegum neistum er mun auðveldar að stjórna því en efni geimsins. Vegna þess er þessi þróun mun hraðari. En þar sem þessir Guðlegu neistar geta ekki haldið til næsta hnattar fyrir en fyrri hópur hefur haldið þaðan áfram, verða þeir að halda kyrru fyrir og þegar þeir hafa fullnýtt möguleika sína á gagnvirkni og ofurmögnuðum kröftum á þessu sviði en komast ekki áfram, hefja þau „leik“ sín á milli.

Þetta er fyrsta tilfelli „frjáls vilja“ innan Kosmosins og árangurinn af þeirri virkni myndaði einstaklingsvirkni í atómum sem kölluð er „síðbirting“.

(Epigenesis) Þetta er fyrsta sinn er atóm greina sig hvert frá öðru og leiðir til nafngiftar þessa hóps sem „Drottinn Hugans“, því einstaklingsreynsla er grunnur persónumyndunar.

Hér má sjá að nýr þróunargrunnur verður til —með því að beina framgangi í eina átt, eflist afl frumgerðarinnar og lyftir því að nýjum þætti. Hinsvegar, ef því er beint of lengi í sömu átt, mun aflið verða til að snúa til frumstæðari gerðar (það getur ekki gerst í þessum fasa því samræmi krafta á þessu sviði er fullkomið, en er aðeins nefnt hér til að hægt sé að sjá tilvísunina). Framgangurinn við að þróa nýjan þátt er kallaður „Uppstigning.“

Ferlið við að snúa til einfaldari þróunargerðar er kallað „Niðurþrepun“ og er ávallt sársaukafull því viðbragðaeiginleika þróaðs stigs er ekki hægt að stjórna af kröftum frumstæðara stigs; þeir munu þróa öfgafulla einstaklingshyggju og raska samhæfingu krafta á því sviði sem þeir eru á.

Þú sérð að sjálfsgöðu að þetta er sami framgangur og gerir ferðaatóm frjálst á þróunarferð sinni til hærri stiga tilverunnar. En ferðaatóm hefur lokið hringnum áður en það gengst undir þessa reynslu og má kallast „Barn Kosmosins.“—eða „Sólkerfis“—í hvoru tilfelli sem á við—fæddur í fyllingu tímans en dvínandi eða rýrnað atóm er fætt fyrir tímann—brottnumið. Ef það lifir, lifir það sem ófreskja. Þetta er uppruni ákveðinna gerðar djöfla.

Sem betur fer er jafnvægið fullkomið í þróunarfasanum sem við erum að ræða, því áhrif Logosins eru einu áhrifin í sólkerfinu. Þess vegna getur slík hnignun ekki átt sér meðal frumhópanna. Það er á umbreytingarstigi frumnáðarinnar sem uppruni illskunnar í sólkerfinu verður til.

Þannig halda hóparnir áfram, Logadrottarnir skilja eftir sig allt orkumynstur sem mótar atómasetlögín sem Drottmar formsins skíldu eftir sig í mikinn kúluíaga hjúp. Þannig ríkir orka á hverju sviði sem þróast í Plánetuveru sem bindur setlög efnis annarra sviða í form eða líkama sem þróast í Plánetu eins og þær eru þekktar í stjörnuspeki. Þó er rétt að muna að hver pláneta, þó hún hafi endanlega efni allra sjö sviðanna, hefur Plánetuveru sem mynduð er af því sviðsmynstri sem hún lífir í.

Þannig að Plánetuvera á fimmta sviði er óhlutbundinn hugur og Plánetuvera Jarðarinnar er eter.

Við höfum nú rakið þrjá fyrstu hópsveimana í útgöngu og þú sérð hvernig hver þeirra ber með sér nýja þætti frá sviði til sviðs.

Fyrsti hópsveimurinn—Logadrottmar—snúa ekki til miðju birtingarinnar fyrr en þeir hafa lokið hringrásinni, farið niður sviðin og aftur til baka upp sviðin og lokið þróun sinni.

Annar hópsveimurinn—Formdrottmar—snúa aðeins aftur til miðju birtingarinnar eftir að hafa endurtekið þróunarhring sinn og náð tökum á næsta sviði. Það er að segja, að í fyrstu útgöngu ganga þeir í gegnum tvo hnetti og snúa til baka. Í annarri útgöngu—gegnum þrjá hnetti og þá til baka og þannig áfram í kjölfar fyrsta sveims til að samhæfa sinni þróun því sem hann skíldi eftir, því er fyrsti sveimur hafði öðlast nýjan þátt tók Logosinn hann upp og til þess, fór hann í huglægan fasa.















Meðan á þeim fasa stóð, eins og áður hefur verið sagt, var sólkerfið skílið eftir á eigin forsendum. Fyrsti hópsveimur, þá á þeim hnetti sem það var statt á, settist að til að staðla viðbrögð sín og það eru áhrifin af þeim mótaða hnetti í annars ómótuðu sólkerfi sem brýtur hjúpi annars sveims á hnettinum sem undan er og sendir þá aftur til birtingarmiðjunar þaðan sem þeir byrja aftur.

Með líkum hætti er ferill þriðja hópsveims samhafður, því þeir verða að bíða þess að annar sveimur dragi sig frá plánetunni svo þeir geti haldið áfram. Þróun fyrsta sveims er hægust því það er fyrsta upphafsverk þeirra. Þróun annars sveims tekur lengsta tímann, því þeir eru stöðugt að endurtaka sig, safna saman og brjóta nýtt efni á mismunandi sviðum og samhæfa við ferill fyrsta sveims.

En þriðji sveimur hefur þegar unnið þróunarvinnu sína, því hann þarf að bíða meðan annar sveimur endurtekur sig. Hann metur, endurmetur og skýrir sjálfan sig.

Endurmat þýðir aðgreining og hún er persónumyndun.

Þróun hnatta og hópa ferðaatóma/-Guðlegra neista

Svið		Hnettir	Plánetur
7		3 1	 Sól
6		4 2	 Júpiter
5		5 3	 Merkúr
4		6 4	 Satúrnus
3		7 5	 Venus
2		8 6	 Mars
1		9 7	 Máni

KAFLI XVI

ÁHRIF DROTTNA LOGA, FORMS OG HUGA

Við höfum fylgt eftir þróun Logadrottanna alveg til sjöunda hnattar, sem þeir mynda á fyrsta sviðinu og munum nú rekja för þeirra til baka að miðjunni.

Við skynjum af eðli þeirra að þeir hafa mótað segulmagnað kerfi sem myndar grunnmynd hnattanna, sem síðan eru útfærð af Plánetuverunum. Á ferð sinni til baka fara þeir í gegnum hnettina á ný. En í stað þess að mynda sig í formi sviðanna, er þar fyrir annað efnisform, sem haldið er af þeim guðlegu neistum sem eftir þeim komu og eru að þróast þar.

Þannig eru því tvær tegundir lífs á sjötta hnettinum— annar hópurinn á útgönguboga og fyrsti hópurinn í inngönguboga.

Fyrsti hópurinn sem hefur mótaðan hóphuga, hefur hlutlæga vitund.

Annar hópurinn sem er að mynda hóphuga hefur aðeins óhlutlæga vitund. Því verða þeir ekki varir við nálægð fyrsta hóps, þó hann sé á þessum sama hnetti og þeir lifi í áhrifum þeirra sem aftur hefur áhrif á efnishjúp sviðsins sem umlykur guðlegu neistanna og hafi í sér hrynjanda kjarnatóm fyrsta hóps. Þetta er þekkt fyrirbrigði þegar áhrif reglulegs hrynjanda örva titring.

Þegar þessum aðstæðum hefur er náð mun öðrum hópi verða kleyft að ná hrynjanda fyrsta sveims og verða var við atóm hans—ekki með beinni skynjun, heldur skynja breytingu á ysta hjúpi sínum vegna nálægðar fyrsta sveims. Það

gerist þó ekki fyrr en við lok þróunartímabilsins, þegar sveimarnir yfirgefa hnöttinn—annar sveimurinn áfram til þróunar á sjöunda hnöttinn og fyrsti sveimur sem snýr til fimmta hnattar.

Auk áhrifa sem fyrsti hópur hefur á samferðahóp sinn hefur hann ákveðið eigið markmið sem hann þarf að ná. Á útgöngu sinni í gegnum hnettina hefur hann safnað að sér hjúpi hvers sviðs sem hann hefur ekki gefið af sér heldur borið með sér áfram. Á inngöngunni, þ.e. á ferðalagi sínu til baka um hnettina, bregst hver sviðshjúpur við, hver fyrir sig, þegar hann kemur á svið sitt á bakaleiðinni. Við það myndast birtingarform og skynjunarleið.

Þannig getur hinn ídveljandi neisti brugðist við á því efnisviði sem hann finnur sig og þó hann ljúki þróun sinni á þessu áhrifasviði hnattarins getur virkni hans haft áhrif þar með ákveðnum hætti. Það verður vikið að þessu síðar.

Á bakaleiðinni, á hverjum hnetti, markar fyrsti hópurinn áhrif sín á neistahjúp þeirra sem hann hittir fyrir. Á sjötta hnetti hittir hann fyrir annan hóp og þegar fer til fimmta hnattar fer þriðji hópurinn til sjötta hnattar og þannig heldur þetta áfram. Þetta veldur því að fyrsti og þriðji hópur fara á mis við hvorn annan. Þess vegna er þriðji hópur sérstakur að þessu leyti—hann hittir aldrei Logadrottanna, hann hittir aldrei hærri þróun en sína eigin, þess vegna er ímyndin af Logosnum ráðandi áhrif hjá honum og útkoman er hans eigin „síðbirting.“ Þess vegna hefur „Hugurinn“ svo mikið frelsi í samanburði við „Formið“ eða öllu heldur „Aflið“

Það sést því að hver hópur, nema sá þriðji hittir Logadrottanna á mismunandi plánetum, það eru mismunandi hjúpar sem verða fyrir áhrifum Logadrottanna. Það skýrir mismunandi mótun líkama hinna ólíku „Lífsbylgja.“ Þetta er nátengt raunverulegri mögnun, því hvert form sem er innblásið af Logadrottunum, er hægt að nota til að stýra Náttúruöflunum.

Formdrottarnir hafa svipuð áhrif á samferðahópa sína þegar þeir þróast á tilteknum hnetti, þeir eru sérstaklega nátengdir efni hnattarins og gagnvirk samskipti við hjúpi yngri hópa eru sérstaklega náin.

Hinsvegar þegar Hugardrottarnir (þriðji hópur) hafa náð hámarki sínu og snúa til baka um hnettina verða þróunaraðstæður mjög flóknaðar, því frelsi til einstaklingsathafna guðlegu neista þeirra hafa þróast gífurlega á árangurríkum tímabilum „Síðbreytinga“ og með fjölbreyttum athöfnum sínum framkalla þeir fjölbreytta þróun í þeim hópum sem þeir hitta.

Við höfum rakið framgang fyrstu þriggja Lífshópanna alveg frá fyrsta sviði. Nú munum við rekja ferð þeirra til baka um sviðin.

Við rifjum upp að Logadrottarnir luku heilli hringferð áður en þeir snéru aftur til guðlegu áhrifanna, þaðan sem þeir voru upprunnir.

Þróun Formdrottanna var hæg í þeirra löngu ferðaröð. Í fyrstu útgöngunni fóru þeir alla leið á sjötta sviðið og snéru síðan aftur til guðlega upprunans. Í annarri útgöngunni þróuðust þeir gegnum tvo hnetti til fimmta sviðs og þannig koll af kalli, á sjöttu útgöngunni náðu þeir fyrsta sviðinu. Í síðustu útgöngunni höfðu þeir náð viðbragðaeiginleikum á öllum sviðunum og því ekki meira að öðlast. Þeir þurftu hinsvegar margt að læra á leiðinni til baka, sem mun verða fjallað um síðar.

Þróun Hugardrottanna minnir á margt á Logadrottanna í samfelldri ferð sinni, en við hvert ferðahlé er þeir bíða þess að halda áfram, bætis þeir við sig viðbragðspáttum.

Við skulum muna að frá því að fyrsti hópur lagði af stað í heimferð til baka eru tvær þróunarleiðir ávallt í gangi á hnetti hverju sinni og eldri þróunin hefur ávallt

talsverð eðlisáhrif á yngri. Þetta er frummyndin að því ferli sem þekkt er sem vígsla.

Þessu efni er ekki hægt að gera skil í smáatriðum þar til að aðrir þættir hafa verið til umfjöllunar. Við munum snúa okkur að því síðar.


Við eigum að muna að á hverju sviði þurfa guðlegu neistarnir nýja viðbrags-eflingu. Þeir lærðu á sviðunum, en voru takmarkaðir af aðstæðunum sviðanna. Þegar þeir snúa við inná inngönguna leita þeir ekki eftir því að ná tökum á nýju sviði til að bæta við þróun sína, heldur leitast þeir við að draga sig frá sviðinu og losna undan takmörkunum þess og um leið að viðhalda eiginleikunum sem sviðið gaf þeim. Þetta frelsi næst aðeins eftir algjörrri viðbragðasamhæfingu hefur verið náð á sviðinu af hópálinni.

Þessi samhæfing er svo algjör að viðbrögð, sem flæða gagnkvæm, verða sjálfvirk og krefjast engrar einstaklingsathafna. Þessi viðbrögð verða ósjálfráð og sjálfráð vitund neistanna beinist að viðbrögðum á hærra sviði, þeir vinna í samræmi við sviðgerðina og viðbrögð þeirra eru slík að að atóm lægra sviðs geta ekki lengur lagað sig þar og dreifast því. Á þennan hátt færast Logadrottnarnir upp sviðin.

Formdrottnarnir þróast með öðrum hætti. Hver lexían sem þeir læra, kenna þeir lógóísku vitundinni áður en þeir halda lengra og þeir bíða áhrifa lógósku ímyndarinnar sem er þróunarpúlsinn sem sendir þá áfram í næsta áfanga. Þegar þeir hafa farið til ystu sviða og snúið til baka í sjöttu sinn, hafa þeir gefið síðustu skilaboðin til lógóísku vitundarinnar og sjöunda ferðin er að þeirra hálfu endurtekning og gefur ekkert nýtt í lógósku vitundinna. Það er hins vegar hlutverk þeirra á hverjum hnetti að efla mótunaröflin í hinum birta sólkerfi. Endanleg gerð viðbragða þeirra er að staðla formin og stýra atómunum sem byggja Plánetuveru hvers hnattar.

Logadrottarnir hafa áhrif á alla lífsneista hvers hnattar sem þeir eru á. Formdrottarnir láta lífsneistanna ósnerta, en hafa einungis áhrif á hnöttinn sjálfan. Væri það ekki með þeim hætti, myndi stöðlun formsins hindra þróun guðlegu neistanna. Stöðlun formsins í líkama Plánetuverunnar myndar frumstæðustu birt-ingargerð sviðsins—hnattmyndun—ólífræna efnissteytingu umhverfis kjarnann. Það eru Hugadrottarnir sem beita ráðandi áhrifunum á hópanna sem þeir hitta á hverju sviði, því, að sú staðreynd að þeirra hafa náð einstaklingsvitund, geta þeir haft áhrif á einstaka neista og þurfa ekki að hafa áhrif almennt á hóphugi.

Þrjú ústreymi Logosar



XVII KAFLI

HUGARDROTTNAR SEM VÍGENDUR

Það er sérkenni á öllum titrandi hlutum að þeir leitast við að stilla sína eigin tíðni inná alla aðra hluti sem hafa hægari takt en þeirra eigin, en það takmarkast einungir við þann titringseiginleika. Afl Logadrottanna var takmarkað við að auka titring við getu hópandans, en einstaka yngri Hugardrotnaneistar hafa sérstaka viðbragðseiginleika og þeir geta aukið þá eiginleika hver fyrir sig. neistarnir sem þróast með þeim hætti hafa mikil áhrif á lífshópinn sem þeir eru hluti af, því þeir ganga á undan.

Á útgönguboga þróunarinnar er vígsla mynduð með með tengingu við lífshóp á inngönguboganum.

Vígsla á útgöngunni gerir vígsluþeganum þannig kleyft að fara yfir þróunarbogann og ná virknieiginleikum með því að framkalla samkennd í stað þess að ganga langan reynsluferilinn. Vígsla á innþróunarbogunum er hins vegar ólíkur ferill og mun verða fjallað um síðar.

Athafnir vígsluþega á útboganum gerir hópi þeirra kleyft að aðlagast betur og hraðar aðstæðum á nýju sviði, því þeir hafa náð að nokkrum hluta eðli þess sviðs. Þannig veldur vígsla á útboganum því að hin vígði nær að aðlagast hraðar efninu.

Við skulum nú íhuga aðstæður fyrsta hóps þegar hann snýr enn aftur til guðlega áhrifasviðsins.

Hann fór út sem neistaský. Hann snýr aftur sem skipulagt sett, segulmagnað æðanet, með aðdráttar- og miðflóttaafli í snúningsferli með miklum skriðþunga.

Logosinn mætir nú skipulagi sem er sambærilegt að áhrifum og hann sjálfur. Hvaða virkni sem logosinn mun setja á kerfi sitt getur verið andstætt skipulagi fyrsta hóps. En hann vinnur ekki gegn því sem hann sjálfur hefur skapað, heldur vinnur sem samhæfing milli alheimsins sem hann er hluti af og þess skipulags sem nú myndar aðstæður í (sól)kerfi hans. Með skilningi hans á þessu skipulagi verður til samsvarandi mynd í vitund hans og hin mikla vera aðlagast þannig aðstæðum í eigin (sól)kerfi, þannig eru öllum kosmískum áhrifum umbreytt að aðstæðum áður en þær voru settar fram í sólkerfinu.

Logosinn öðlast sama virknieiginleika með einbeiting að þessum þroska hópsins sem hópurinn öðlaðist á sviðunum. Því verður tíðni hinnar miklu veru og þessarar birtingu hennar ein og sú sama eftir tímabil einbeittrar aðlögunar og gagnvirkni. Lógóska tíðnin er yfirfærð á sál hópsins og hópsálin yfirfærast inn í vitund hinnar miklu veru. Hinsvegar halda neistarnir, hver og einn, einstaklingsvitund sinni óskertri, en hópsál þeirra er ekki lengur sérstök verund, því hún hefur sameinast vitund hinnar miklu veru og er orðin hluti logískrar vitundar, því er yfirsál hópsins Logosinn sjálfur. Þetta er þróunartakmark lífshóps—að sameina hópsálina við lógóska vitund og færa þannig Logosinum ávexti þróunar sinnar. Við getum nú spurt „Hvert fara neistarnir?“

Í tilfalli Logadrottanna draga þeir sig svo algjörlega úr hinu birta sólkerfi að þeir eru ekki lengur til staðar á birtingarsviðunum, en eru til staðar í miðdepli á-taka, viðhalda þar jafnvægi virkni og gagnvirkni milli hins birta og óbirta.

Sum þeirra ná þó að tengjast samsvarandi atómum og þau fara út úr þróunar- sviði Logosins til að reyna líf ferðaatóms í alheiminum. Enn önnur, sem fara ekki þá leið verða áfram kyrr sem áhrifavaldar í sólkerfinu og sem eitt með lógóískum huga geta þeir framfylgt þeim vilja. Formin sem þeir mynduðu á þróunargöngu sinni er orðin hluti af grunnbyggingu sólkerfisins og sem slík, orðin staðalímynd. En hvenær sem Logosinn vill koma á jöfnuði sem svar við óskipulagðri spennu í vaxandi sólkerfi, er það með Logadrottunum, sem eru lausir undan böndum birtingarinnar, sem því er náð, „og hann gerði þjóna sína að eldslogum og logar eldsins voru þjónar hans.“ Logadrottarnir tengjast náttúruöflunum.

Þegar Formdrottarnir eru að ljúka þróun sinni ganga þeir undir svipaða aðlögun, þegar Logosinn hefur mótttekið nýjan þátt frá hópi í þróun og vill setja mark sitt á hann, eru það Formdrottarnir sem taka að sér verkið. Aðferð þeirra verður skoðuð síðar.

Hugadrottarnir á inngöngubogunum er líkt við guðlega vitund og gegna því hlutverki að vera boðberar á milli Logosins og sólkerfis hans.

Munum að Hugadrottarnir hafa náð einstaklingsvitund og þeir eiga aðallega við einstaklinga sem einstaklingar, en Formdrottarnir eiga við sálarhópa.

Hugadrottarnir eru vígjendur okkar núverandi þróunar og munu sem slíkir oft verða nefndir í þessum fyrirlestrum. Það eru þeir sem geta unnið á öllum sviðum birtingarinnar og komið á aðlögun með jöfnun á spennu þegar eiginleikar „síðbreytinga“ hafa truflað þróunina.

Á sviðunum þar sem þeir vinna eru þeir einfaldlega orkumiðjur og því verður líf sviðanna ekki var við þá. Þeir geta hins vegar með efni þess sviðs, stjórnað ákveðnum þáttum og mótað kjarnaefnið í efnisform; af því er komið hugtakið, „Eingetið“, og „Meyfæðing.“ Þeir eru nefndir „Frelsarar“ og eru ávallt viðstaddir

sem endurnýjun lífs. Þeir koma með sinn eigin lífsslátt; einungis uppsöfnun efnis þarf fyrir birtingu þeirra.

Með þessum útlínu höfum við rakið þróun hins birta sólkerfi að þeim stað er hinir guðlegu neistar fyrsta hóps hafa snúið aftur til Logosins—ná sameiningu og vinna sem milligönguaðilar á milli Logosins og sólkerfisins.

Rifjum upp að Logosinn hefur þrjá megin þætti. Hverjum þessara þriggja hópa var varpað inni birtinguna sem einum þessara þriggja þátta hans og þeir geta því verið álitnir fulltrúar þeirra þátta í sólkerfinu. Þessar þrjár megin birtingar eru ólíkar öllum öðrum.

Síðari lífshópar þróast undir áhrifum Logosins og fulltrúum hans og þegar, til viðbótar þeim þremur frumþáttum sem upprunnir eru frá hringjum alheimsins, bregst logosinn við áhrifunum frá hinum tólf kosmísku geislum, öll síðari þróun er því mörkuð áhrifum geislanna, á þeim tíma er hún verður fyrir logóískri svörun.

Þessa kosmísku púlsa fær Logosinn með Stjörnumerkjavíglu, andar hópsveimanna sem þróast þannig eru þekktir sem „Fyrirmyndir geislanna.“ „Geislastjórnendur.“ * Þeir eru nátengdir guðlegum neistum sem eru á svipaðri braut.

Það má því sjá að hver þessara fyrstu hópa, eftir að hafa náð sameiningu við Logosinn, taka að sér hlutaverk að „jafna“ eða „vega á móti“ í þróuninni, því, þegar „síðbreytingin“ kemur inn, kemur einnig áhætta á að þróunin fari úr jafnvægi við guðlega eðlið. Á svipaðan hátt þurfa þessi þróuðu hópar að flytja ávöxt þróunarinnar sem náðst hefur til útgönguneistanna og koma í veg fyrir óþarfa endurtekningu athafna sem þegar hafa verið staðlaðir í sólkerfinu.

Við höfum nú lokið lýsingu á útlínum í þróun Logosarins og fulltrúum hans sem setja aðstæðurnar fyrir alla síðari þróun.

*Kallaðir „Stjörnu Logos“ í upprunalegu útgáfunni; þessu breytt hér þar sem hugtakið Fyrirmyndir á betur við.

KAFLI XVIII

ÁHRIF Á ÞRÓUN MANNNSINS

Við munum nú hugleiða þau áhrif sem mannleg þróun verður fyrir.

1. Lógóísk áhrif.

(a) Kosmísk áhrif sem Logosinn verður fyrir—Hringirnir, Geislarnir eins og þeir koma frá Stjörnumerkjunum og öðrum miklum verum

(b) Aðlögun lógóísku vitundarinnar að þróunarbreytingum í birtingu sólkerfisins.

2. Áhrif frá Sólkerfinu.

(a) Ástandi sviða.

(b) Áhrif frá Geislastjórnendum.

(c) Áhrif frá Plánetuverum.

(d) Áhrif frá öðrum þróunarbrautum á sömu plánetu.

3. Þáttum í Sólkerfinu.

Þessir þættir eru safn staðlaðra viðbragða sem verka við tilteknar aðstæður. Þeir voru byggðir upp af fyrri þróun og mynda erfðaform og innri eiginleika sem eru innbyggt í síðari þróun. Þeir eru fjölmargir og við munum telja upp þá helstu: —

1. Lögmál virkni og gagnvirkni—jöfnun og andstæða.

2. Lögmál krafta, eða pólun.
3. Lögmál árekstra, færsla athafna frá einu sviði til annars.
4. Lögmál aðdráttarafls Miðjunnar.
5. Lögmál aðdráttarafls ytri geims.
6. Lögmál takmarkanna.
7. Lögmál hinna sjö dauða.

Undir áhrifum þessara þátta, sem sumir eru helstir og ráðandi, heldur þróunin áfram og sumir þessara þátta munu minnka.

Lógóísku áhrifin eru ráðandi þegar nýr fasi er í þróun og ákvarðar lífgerð þess sem er að þróast.

4. Kosmísk áhrif

Þú er vanur hugtökum stjörnuspekinnar sem útskýra áhrif plánetna á persónuleikann. Efnisumfjöllun okkar er kosmísk áhrif á einstaklinginn sem má kalla stjörnumerka-stjörnuspeki til aðgreiningar frá plánetu-stjörnuspeki.

Sólkerfisþróun er háð ákvörðun lógóísku vitundinni og reynsla lógóísku vitundarinnar háð áhrifum kosmískra bylgjufalla. Því aðlagast sólkerfið óbeint af hreyfingu kosmískra falla.

Kosmísku föllin eru áhrif jákvæðra og neikvæðra fasa Hringjanna. Þessir fasar hafa áhrif á kosmosinn í heild, þannig að hinir tólf kosmísku geislar og hin sjö kosmísku svið hafa jákvæða og neikvæða þætti ráðandi með sama hætti. Það þýðir að þegar jákvæðir fasar eru ráðandi, verður kraftavirknin—hámarkið, skulum við segja—að miðjunni. Þegar neikvæðir fasar eru ráðandi, er hámarkið að ummáli hrings.

Í jákvæðum fasa samanstendur hringrásin af inn- og útfæði, í neikvæðum fasa af út-og innfæði. Virkni geisla er mjög ólík hvort hún er reynd í neikvæðum eða jákvæðum fasa Hringjanna, þannig að mikil vera sem snýst á braut sinni um kosmosinn og fer í gegnum áhrifsvið geislanna, verður fyrir jákvæðum og neikvæðum hliðum þeirra.

Framgangur þróunar í sólkerfi mun þannig verða fyrir breytingum eftir því hvort Logosinn verður fyrir jákvæðum eða neikvæðum kosmískum áhrifum.

Það byggist á stjörnumerkjja-stjörnuspeki að reikna út þessi áhrif. Þessi stjörnuspeki tengist lífi og örlögum sálarheilda og plánetusála. Hún tengist fæðingu þessara himnesku líkama. Grunnur þessara útreikninga er möndulhalli jafn,-há og lágdægurs línunnar.

Þessi lína og fasi kosmísku geislanna tengist og það eru fjórir fasar í Hringfasanum. Á grunni þess er hægt að finna áhrif stjörnumerkjanna á þróunina. Munum þá að þessi áhrif snerta mannlegt líf ekki beint, en hafa áhrif á plánetuverur sem aftur hafa áhrif á huglægt og „karmískt“ umhverfi sálarinnar og plánetuverurnar sjálfar breytast með þróun sálarheilda lífshópa sem ganga í gegnum svið þeirra, þannig að þrátt fyrir að logóísk áhrif séu óumbreytanleg, gerast breytingar með tímanum.

Þannig er stjörnuspeki forntíðar, þó hún sé í grundvallaratriðum sönn, ekki nákvæmlega eins í nútíðinni. Gerða verður ráð fyrir framgangi þróunar. Því geta þeir þættir sem á fyrri tímum voru túlkaðir sem stríð og blóðsúthellingar verið túlkaðir í dag sem átök um hugmyndafræði.

Útreikningar Stjörnumerkjja-stjörnuspeki ættu ávallt að vera gerðir fyrir kynstofn áður en stjörnuspa einstaklings af þeim kynstofni er gerð. Hóphugur og

hópsálir er efni stjörnumerkjja-stjörnuspeki, en einstaklingar efni plánetu-og stjörnumerkjja-stjörnuspeki.

Finnið út stöðu jafndægurslínunnar. Frá því er hægt að finna áhrif Hringjanna. Það gerir kleyft að vita hvort Himnahúsið er í jákvæðum eða neikvæðum þætti og það segir til hvaða þáttur Logosins er ríkjandi. Hver sem orkan er mun hún efla alla aðra þætti í birtingu.

Niðurbrots- eða uppbyggjandi þættir eru háðir kosmískum hringjunum og hvert form þessa eyðandi og uppbyggjandi þátta er háð kosmískum geisla. Þessar megináðstæður yfirgnæfa allar aðrar og ráða hvort útreikningar verði réttir eða rangir.

Til viðbótar þessum reglulegu og útreiknanlegu áhrifum kosmosins eru önnur óregluleg áhrif af völdum annarra mikilla vera sem eru á öðrum sviðum kosmosins, eins og áður hefur verið vísað til. Þú finnur það efni í fyrri köflum.

Það er engin aðferð sem hægt er að grípa í til að reikna út slík áhrif, en þau samsvara nálgun halastjarna. Sumar halastjörnur eru þekktar og brautir þeirra hafa verið reiknaðar út. Aðrar eru enn óþekktar, en tilvist þeirra er hægt að finna út er nálgun þeirra veldur truflun á svið annarra hnatta.

Stjörnufræði halastjarna hefur lítið verið skoðuð en þarfnast nánari athygli. Besta aðferðin til að reikna þær út er með athugum á litrófsgreiningu þeirra. Það gerir mögulegt að greina efnainnihald þeirra og efnahlutföll þeirra mun gefa vísbendingu um eðli þeirra, sérstaklega hlutföll málma í þeim sem gefur lykil að að spurningunni um gott eða illt, ávexti Þekkingartrésins.

Af því má sjá hvaða þátt krafturinn styður, því að virkni þess þáttar mun eflast og það sem búast mátti við að vera neikvæður fasi mun óvænt verða jákvæður.

Grunnurinn fyrir Stjörnumerkaútreikningum er þá jafndægursbaugurinn (fjórir skurðarlínur sólarinnar við himinbaug), þegar um er að ræða óreglulegar breytingar vegna annarra mikilla vera.

Það má segja að Halastjörnur, séu hópur atóma sem dragast saman af rafrúflunum sem stafa af áhrifum vera á finnum sviðum. Þessar verur eru kosmískar sem hafa ekkert efni sjöunda kosmíska sviðs í sér og geta því ekki myndað sólkerfi sem er hæft til efnislegrar gerðar í skilningi fyrsta sviðs sólkerfisþróunar.

Halastjörnur mynda ekki hópsál *sem getur þróast*.

Halastjörnur eru „Brjálæðingar stjörnumerkjanna.“ Gerviefni eru sál þeirra og þær eru—sumar þeirra—kosmískir ruslahaugar. Til þeirra eru sendar sjaldgæfar einingar úr þróuninni, sem hafa með stöðugri misnotkun síðbreytinga, dæmt sjálfa sig til eyðingar. Halastjörnur á braut taka slíkar sálir til ystu heima kosmosins þar sem þær geta ekki náð í nein áhrif sem þær geta brugðist við og kosmísku atómmyndarnar sem byggðu þær upp hætta að verða til.

Þetta er hinn „Óþekkti dauði.“ Slíkar einingar eyðast algjörlega—engin endurfæðing eða nýtt upphaf. Jafnvek karma þeirra leysist upp og hefur engin áhrif né snertir nokkurn hópanda. Sagt er um slíkar, að þær hafi skipt á plánetu fyrir halastjörnu. Þær völdu að fara hratt og langt, en fóru of langt og of hratt fyrir samræmingu krafta sinna og þegar halastjarna sem þær tengdu sig við snýr aftur inní sólkerfið okkar er hún án þeirra.

Sólkerfisþróun sem kemur frá Sólarlogos samhafist gróflega við áhrif Hringjanna í alheiminum. Það er að segja að undir jákvæðum kosmískum áhrifum mun efling hans senda nýja sveimi í ferðalag sitt, en lengd og hraði á þeirri ferð ræðst af þeirri mótstöðu sem hann verður fyrir, en sveimurinn verður að ná að komast á áfangastað í tíma áður en kosmísk föll snúast. En það geta verið einn eða fleiri

kosmískir fasar á útgönguboga þeirra. Breytingar á kosmískum fösum munu alltaf valda þróunarkrísum, en þegar þróunin er að nálgast takmörk þróunarmöguleika sinna mun hún ekki taka áhættu í að snúa við fyrr en kosmísku föllin eiga sér stað, heldur sýnir síðbreytingu og bíður síns tíma.

Þær verur sem sýna viðleitni til að fara yfir hátindinn undir óhagstæðum áhrifum og mistekst umbreytingin, snúa til baka hefðbundnu leið þegar kosmíska fallið kemur síðar og verða púkar og djöflar. Þaðan kemur skilgreiningin á „Vinstri handar leiðin.“

Vinstri handar leiðina er hægt að ná með tvennum hætti—með vísvitandi krossun af boganum frá hægri til vinstri eftir að hátindinum var náð, eða með afturhvarfi áður en hátindi var náð.

Þú sérð af þessu að nauðsynlegt er að fylgjast með kosmísku föllunum þegar tekist er á við hverskonar endurnýjandi verk er varða andlega leiðsögn mannkynsins.

Hið mikla uppbyggingartímabil nítjándu aldar veitti dýrmætan grunn fyrir margskonar andlegan innblástur. Fyrsti fjórðungur tuttugustu aldar var í niðurbrotssfasa. Þú munt geta séð að allir fasar sem náðu hámarki á þessu tímabil, sérstaklega um mitt tímabilið eru að engu orðnir. Hugmyndirnar kunnu að hafa verið góðar, en tímabilið var óhagstætt.

KAFLI XIX

LOGÓISK TENGLI VIÐ BIRTINGU SÓLKERFISINS

Okkur mun verða ljóst af skoðun á undangengnum köflum að undirmeðvitund Logosarins er tengd Kosmosinum, en meðvitundin er tengd sólkerfinu. Munum einnig að neikvæðir og jákvæðir kosmískir fasar hafa áhrif á Logosinn, við neikvæðu áhrifin verður vitund hans meira huglæg og því munu kosmísk áhrif vera ráðandi í vitund hans. Samtímis mun logóísk áhrif hverfa að miklu leyti frá birtingu sólkerfisins, það verður til þess að sólkerfið verður undir stjórn þeirra afla sem það hefur skapað á þróunarvegferð sinni.

Þessi tímabil hafa verið nefnd „Dagar og nætur guðs.“ En athugið að það eru tímabil sem eru „Meiri“ og „Minni“ dagar og nætur.

Tengslum Logosarins við sólkerfi sitt er best lýst með því að muna að þróunarfasar eru fyrir honum, það sem endurfæðing er fyrir manninn.

Útganga og innganga í lífi þróunarhópa hefur í sér reynsluuppskeru fyrir logóíska vitund, eins og einstaklingurinn (sálin) fær frá persónubirtingunni.

Logosinn sjálfur samsvarar guðlega neistanum.

Sólkerfið, sem hópsálarþáttur, samsvarar einstaklingnum.

Þróunarhópur samsvarar til persónuleika.

Með þessara samsvaranir í huga munt þú geta séð Logos í mynd manns og mann í mynd Logosar.

Myndun, þróun og valddreifing í sólkerfi svarar til þróunarhringrásar Logos, þannig að Logos þróast af röð endurfæðingapúlsa, sem eru lífsöldur þróunarhóp-anna.

Hver síðari þróunarbylgja fer lengra inni í „formþátt“ sólkerfisins, gerir skipulag þess flóknara, setur það stigi lengra í að nálgast hið fullkomna jafnvæg krafta sem það leitast við sem heild að ná og þegar öll birting sólkerfisins bregst við sem heild er það með fullri sjálfsvitund. Þegar sjálfsvitund er náð, verður hlutlæg vitund möguleg. Sólkerfið verður þá meðvitað um Logosinn og gagnkvæmri vitund milli Logosins og sólkerfisins er komið á.

Í fyrsta lagi höfum við Logos með sjálfsvitund.

Í öðru lagi, til að Logosinn geti náð hlutlægri vitund þarf eitthvað hlutlægt að vera til staðar sem hann fær vitund um. Logosinn hefur því myndað hugtak um sjálfan sig (sólkerfið) og verður meðvitaður um það.

Hugtakið hins vegar, þróar með sér sjálfsvitund gegnum árangurríka þróunarfasa. Logosinn er meðvitaður um þessar breytingar þegar þær eiga sér stað og lagar sig að þeirri vitneskju.

Að lokum þegar sólkerfið hefur náð fullri sjálfsvitund, fær hún hlutlæga vitund og verður meðvituð um Logosinn. Þar sem logóíska vitundin hefur þróast, skref fyrir skref með sólkerfisvitundinni, eru þau eins, eini munurinn er að Logosinn hefur bakgrunn sinn í kosmískum aðstæðum, en sólkerfisvitund hefur bakgrunn sinn í eigin aðstæðum.

Logosinn dregur þá í sig sólkerfisvitundina, því aðdráttarafl kosmískra krafta yfirvinnur samheldni sólkerfiskraftanna.

Öll þessi kerfi skipulagðra viðbragða sem haldið er saman af atómum hins birta sólkerfis, eru því dregin frá sviðum hins birta heims inni kosmíska tilveru

og atómin sem sólkerfið var samsett úr, snúa aftur til upphafs síns sem snerti-hreyfing, óháð öllum æðri kröftum. Þetta er hin „Minna óreiða“ og vísað er til sem „Hinar gömlu nætur“ eða „Nætur aldanna.“

Af þessu má sjá að þróunarmarkmið er þroski vitundar sem getur sameinast logóískri vitund og horfið úr fasa endurspeglunar, eða myndaðrar tilveru—ótrúlegri tilveru—til þeirrar raunverulegu tilveru í kosmísku ástandi. Þessu er aðeins hægt að ná þegar allt hið birta sólkerfi hefur náð fullkominni samhæfingu. Þetta ástand er það sem kallað er „Hvöld“ eða „Nótt guðs.“

Minni „Nætur“ eiga hinsvegar sér stað við lok hvers þróunarfasa og varir meðan á þeim tíma stendur þegar Logosinn íhugar þá þætti sem eru ávextir þess þróunarfasa og lagar þá að sinni eigin vitund. Hver síðari hópur guðlegra neista fær innblástur af þessum logóísku breytingum eins og áður hefur verið útskýrt og byrjar því þróun sína með viðbragðseiginleikum sem þegar hafa verið þróaðir.

Efni hvers sviðs, sem hefur verið notað til að byggja form af tilteknum gerðum, heldur viðbragðaeiginleikum formgerðarinnar eftir að formið hefur horfið og getur því sett það saman mun fljótar í hvert sinn sem það er kallað til að endurtaka ganginn og að lokum hefur það þessi form í eigin skipulagskröftum. Þess vegna eru síðari lífsbylgjur knúnar til að taka þessi form og þar af leiðandi mótuð af þeim. Þetta er mótsagnakennt, því hver lífsalda sem hefur öðlast síðbreytinguna, er betur hæf en fyrirrennari þess og getur því ekki fallið í sama mótið án þess að endurmótast.

Það verður að skiljast að hver eining í lífshópi hefur erfð viðbragðseiginleika alheimsins í sinni einföldustu mynd og margbreytileikann frá öllum fyrri

sveimum. En þó hún hafi fullkominn einfaldleika að meginreglu, hefur hún ó-
endanlega flókna viðbragðseiginleika.

Kosmísk meginregla eru þekkt og stöðug. Mannleg sál verður að gangast undir
hana sem og grundvallarlögmál náttúrunnar. En viðbrögð síðbreytingarinnar er
ekki hægt að reikna út hjá einstaklingum vegna fjölbreytileika þeirra og allra þeirra
mögulegra aðlögunarþátta. Það er aðeins hægt að sjá í tengslum við þróunina því
þá er fjöldin meðaltal.

Það er því síðbreytingin sem gefur eðlisþáttinn sem þekktur er sem „frjáls
vilji“ og það er frjáls vilji, sem á tímabilinu milli þróunarfasa og samræmingar
Logosarins, sem myndar „jákvæða“ mótstöðu hins birta sólkerfis.

KAFLI XX

ÁHRIFIN Í HINU BIRTA SÓLKERFI

Fræðslan í síðustu tveim fyrirlesturum var einkum til skoðunar á ytri áhrifum á sólkerfið. Nú getum við haldið áfram og skoðað áhrif innan sólkerfisins.

Höfum í huga að ytri áhrifin eru tvennskonar:—

Fyrsta: (a). Kosmísku áhrifin sem Logosinn verður fyrir og sem hann bregst við og verður fyrir breytingum af.

(b) Þær breytingar endurspeglast á hið birta sólkerfi sem afbrigði og fasi log-óískra áhrifa. Þau áhrif eru því ekki stöðug þó sönn séu. Þetta er mikilvægt atriði í andlegri guðfræði, sem víkur frá hefðbundinni guðfræði sem sér guð sem ó-breytanlegan, en andleg guðfræði sér guð sem þróast og stökkbreytist eins og annað í samræmi við lögmálin.

Annað: Logóísku áhrifin breytast í samræmi við birtingu á eðli Logosarins sem verður vegna viðbragða hans við þróun sólkerfisins. Við getum því sagt að logóísk áhrif á sólkerfið verða með tvennum hætti og þau verður að taka með í reikninginn á áhrifum er verða á mannlega þróun:—

- (a) Af kosmískum uppruna—af stöðu jafndægurspúnta og halastjarna,- og
- (b) af þróunarviðbrögðum með rannsóknum í líffræði.

Við munum nú halda áfram að fást við aðstæður í hinu birta sólkerfi með tilliti til hvernig maðurinn heldur áfram þróun sinni.

Það má sjá af því sem hefur komið fram í fyrri köflum, að öll viðbrögð og gagnviðbrögð sem eru regluleg, fara í hringi í samræmi við lögmál sólkerfissveigju og

Þau hringviðbrögð mynda „feril í geimnum“ og staðgast, verða þannig að meginreglu. Því er hið birta sólkerfi á hverjum tíma kerfi sameinda og atóma sem haldið er saman af heildarkerfi „ferla í geimnum.“ Með öðrum orðum, skipulögð birting hinnar „Einu birtingar“ er einfaldlega kerfi staðlaðra viðbragða sem „ferlar í geimnum“ og mynda í óhlutbundið mót. (Hugmyndin að „óhlutbundnu móti“ er mikilvæg og á að hafa í huga.)

Þessi stöðluðu viðbragðakerfi eru af margskonar gerðum og hægt er að greina þau af því hvaða þau eru upprunnin. Sum voru skilin eftir af Logadrottnunum er þeir þróuðust, önnur skilin eftir af Formadrottnunum, önnur af Hugardrottnunum og hvert þessara stöðluðu viðbragðskerfa mynda náttúrulögmálin sem ráða birtingu þessara tilteknu forma og gangverki þeirra og voru byggð upp á þróunarferli þeirra og þau greina sig hvort frá öðru. En hver þróun notast við sköpun forvera sinna, viðbragðagerð forveranna er hægt að finna í erfðum þeirra sem síðar koma, þó hinn greinandi hugur geti ekki séð það. En hinsvegar eru þær einnig til sem sjálfstæð undirlög og það er þekking á aðferðum til að stjórna þeim, kjarna grunn-aflanna í hverju náttúruríki, sem er grunnur að starfhæfum göldrum og munið að hver birtingargerð hefur sín kjarnaöfl.

Við munum að hver fasi í hinu birta sólkerfi var byggður upp af fyrri fösum og þeir mynda þróunarsvið fyrir síðari lífsbylgjur. Þannig mun hver lífsbylgja í hverjum þróunarfasa sínum verða bundin aðstæðum á því sviði sem fasinn fer gegnum hverju sinni. Þess vegna er skilningur á sviðunum nauðsynlegur til að skilja vandamál þróunar og vígslu (sem er einfaldlega samþjöppuð þróun).

Lögmál fyrsta eða efnislega sviðsins vinna í gegnum hin fimm efnislegu skynfæri sem tilheyra því sviði og eru almennt vel þekkt sem náttúruvísindi, það er

einkennilegt að maðurinn álíti eitt svið tilveru sinnar „náttúrulegt“ og önnur „ónáttúrulegt“, það álit er sérkennilegur ávöxtur síðbirtingar. Þessar aðstæður, hvað varðar annað en dýraríkið, hafa sannarlega verið vel rannsakaðar og samkvæmt þessum lögmálum mun líf halda áfram að þróast á efnislega sviðinu. En vísindaleg hugsun telur ranglega að þetta séu einu lögmálin sem til eru og það hefur einkennt vísindin síðustu hundrað árin. Fornmenn voru vitrari, en kannski ekki eins vel upplýstir. Ákveðnir skólar í trúarlegri heimspeki, hafa hinsvegar gert gagnstæð mistök og trúað að lífið geti þróast án þessara lögmála á efnislega sviðinu. Það er einnig rangt.

Öfl hvers sviðs eru þar ráðandi, stjórna sviðinu neðan við sig, -og,- þegar þau eru í tengslum við sviðið ofar þeim, þá er þeim aftur á móti stjórnað.

Til dæmis eru lögmál rökhyggjunnar ráðandi á hugarsviðinu. Myndir hugans stjórna tilfinningunum, en myndum hugans er stjórnað af andlegum öflum.

Hvert svið hefur sjálfstæða virkni eða virkni í hringrás, en um leið og sviðið er sett í hringrás er nauðsynlegt að straumurinn sameinist í hringnum á sjöunda sviði, annars mun opin hringur skammhlaupa á vinstri handar leiðina.

Sem dæmi; ef þjálfaður hugur lærir að stjórna tilfinningunum og tilfinningalíkaminn lærir að stjórna efnislíkamanum, þá er um að ræða hringferill sem að hálfu er vitundarstilltur, eða neikvæður, en að hálfu ómeðvitaður, eða jákvæður, þar sem sá ómeðvitaði gefur örvunina. Ef þessi hringur lokast ekki gegnum log-óíska mynd á sjöunda sviði, mun hann skammhlaupa frá meðvitundinni í undirvitundina á fjórða eða fimmta sviði, allt eftir týpunni og undirmeðvitundin sem er jákvæð og örvandi mun verða stjórnandi.

Undirmeðvitundin var byggð upp í fortíðinni og því mun fortíðin verða ráðandi. Sá maður mun snúa aftur til fyrri fasa þróunarinnar og stjórnast af hvötum sínum en halda eiginleikum sínum sem hann hafði þegar öðlast.

Þó þessar hvatir séu fullnægjandi til að stjórna einföldum eiginleikum þessa fasa, eru þær ófullnægjandi til að stjórna flóknari eiginleikum sem hann hafði öðlast áður og þessi maður verður hættulegur þróuninni með því að eyðileggja jafnvægið í sálarhópnum sem hann tilheyrir. Eins og áður hefur verið nefnt, er það það hlutverk ákveðinna Vera sem þróuðust í fyrri lífsbylgjum að koma jafnvægi á aðlögunarkrafta sólkerfisins, því munu niðurbrotsöflin færa hann niður til lægsta samnefnara sviðsins. Það er að segja, hann mun missa alla eiginleika sem hann hafði öðlast í þróuninni og halda aðeins eiginleikum þeim sem hæfa hvötum hans. Ákveðnir skaðlegir og illir vitleysingar verða til með þessum hætti.

Fræðsla um sviðin er ekki hægt að skilja án fræðslu um Plánetuverur.

Við skulum muna að Plánetuverur þróuðust með þróun sviðanna, Plánetuvera þroskaðist á sama tíma og sviðið og hæsta sjálf hennar er finasti efnisþáttur á því sviði. Því er finasta svið jarðarinnar það eteríska. Það er formsvið án greindarþáttar.

Hver Plánetuvera er því frumgerð lífsins á sviði sínu og er hið mikla áhrifavald á því sviði. Í tímans rás gegnum þróunarföllin safnast efnið á neðri sviðunum umhverfis Plánetuveruna og myndar þannig líkama fyrir hana, en efnið á sviðunum ofar safnast ekki þannig upp. Því ræðst eðli þessara frumefna af áhrifum hærri sviða og umhverfi þeirra hefur samsvarandi áhrif á allt líf þessa sviðs.

Því Plánetuvera er eins og hópsál sviðsins sem hún dvelur á og neðri sviðanna, alveg niður í þéttasta efnið, þ.e. líkama sinn, en frumefnin ofar þeir mynda ein-

staklingsvitund hennar, koma frá lífinu sem þróast á sviði hennar og mynda hóp-hug alls lífs á plánetunni. Þetta er dulin, en mikilvæg greining, því hún þýðir að hærra sjálf Plánetuveru ræðst af því lífi sem þróast þar.

Plánetuvera er mikið frumafli þar sem mannkynið myndar hærra sjálf hennar og á meðan Plánetuveran ákvarðar allar þróunaraðstæður og virkni á sínu sviði, tilheyrir hærri þættirnir henni ekki, heldur eru þeir tengdir þeim Plánetuverum sem eru ofar henni.

Þess vegna er það svo á Jörðinni að maður sem nær háþróun innan hennar — hann mun ná hæstri mennsku í dýraþættinum—og verður að ná sameiningu við öfl jarðarinnar og dulda sjálf hennar—tunglið. En það er aðeins fyrir áhrif æðri pláneta að hann getur hækkað vitund sína til hærri sviða og á bylgjum plánetnanna verður hann að ná umskiptum.

Sá maður sem gerir Jörðina að plánetu sinni verður jarðbundinn og það líður að því fljótlega, samkvæmt kosmískum tíma, að núverandi mannleg þróun mun verða að hverfa af jarðnesku sviði og þess vegna munu þróaðar sálir í þeirri þróun ekki finna sig í samneyti við jarðarsálina.

Jörðin er vígslugjafi barna frumefnanna, en ekki fyrir mannanna börn. Jarðar og tungl vígslur eru efnislegar vígslur og tengjast „fallinu“ niður í efnið og kynslóða.

Tengja má áhrif plánetnanna með eftirfarandi hætti: —

Jörðina við hið þetta efnissvið.

Tunglið, fylgihnött hennar, við þann þátt hennar sem er þekkt sem hið eteríska svið.

Mars ræður innsæi og ástríðum.

Venus er pláneta óhlutlægra tilfinninga.

Satúrnus er pláneta hins hlutlæga huga. Satúrnus, skal tekið fram er hin

formgerðu áhrif.

Merkúr er pláneta hins óhlutbundna huga.

Júpíter er pláneta hins andlega.

Sólin sjálf er tákn Logos sjöunda sviðs.

Orðið „pláneta“ má því skilja sem frumgerð sviðs, sem geislar áhrifum sínum á sviðið og stillir sviðið inná þá sveiflu. Skiljum einnig að hver þróun þroskar samsvarandi eðlisþátt á ferð sinni um sviðið á útgönguboganum og leitast við á leiðinni til baka á inngönguboganum að ná fullum tókum á ríkjandi þáttum sviðanna, drottnun þessara þátta. Það næst aðeins algjörlega með því að tryggja skilningsríka samvinnu við Plánetuveru sviðsins.

Eins og við höfum sagt fyrr, eru Plánetuverur mikilfenglegar hugarlausar verur, þess vegna verður hver þeirra að hafa sína leiðsögn og sú leiðsögn er frá fyrstu þróun — Logadrottnum sem kallaðir eru „Erkienglar sviðanna.“ Það er í gegnum þá sem drottnun sviðspáttanna er tryggð.

Þessir Erkienglar hnattanna hafa sína eigin vígsluþega sem þekkja „Samhljóm nafnanna“ og þeir tengjast þróun og endurgerð pláneta, sem er hlutverk þeirra — eins og meisturunum er umhugað um Jarðarsviðið.

Geisladrottnarnir eru ekki Plánetuverur, heldur standa þeir fyrir áhrifum kosmísku stjörnumerkjanna á sólkerfið. Þessi áhrif eru byggð upp á svipaðan hátt og frumöflunum sem falin eru leiðsögn Erkienglanna. En geislarnir, sem eru eldri en sviðin, eru þróaðri og í stað þess að vera yfirskyggðir eins og Plánetuverurnar eru þeir algjörlega sjálfstæðir. Geisladrottnarnir eru Hugardrottnarnir.

Frumefnisþáttur hvers Geisladrottinn myndast með þróuninni sem á sér stað undir áhrifum hans og því er hægt að kalla geisladrottinn „Hóphuga“ þeirrar þróunar. Hver þróun myndar geisladrottinn og er því mótuð, stöðguð og tamin af þessum sérstöku kosmísku áhrifum í þróun sinni.

Þessir geisladrottinnar halda áfram virkni sinni eftir að hið kosmíska bylgjufall, sem kallaði þá fram er gengið yfir og þannig eru þau kosmísku áhrif áfram við líði í sólkerfinu sem þróunin er að móta í mynd smækkaðs Alheims.

Að lokum er eftir að íhuga áhrif annarra lífsforma—hver fyrri og síðari þróun var og verður. Venjulega hefur það alls engin áhrif hvert á annað vegna mismunandi vitundarstigs þó þau deili kannski fyrir tilviljun sama hnetti og hafi því enga tengingu, en undir ákveðnum aðstæðum getur orðið tenging og slíkt samband er þekkt sem sálartengingar.

Sálartengingar eru tvöskonur: (a) skynjun á því sem er neðar núverandi þróunarstigs; og (b) skynjun á því sem er ofar núverandi þróunarstigi; þar sem jörðin er lægsta stig, þessar tvær sjónleiðir standa fyrir annars vegar. að líta til baka eftir vinstri handar leiðinni. og hins vegar að líta fram á við eftir hægri handar leiðinni. Það er leyfilegt að líta eins langt fram á við eins og augað eygir, því það leiðir sálina áfram, því þangað sem augað lítur, þangað fylgja fætarnir.

Við eigum aldrei að horfa til baka inná sviðin, við megum aðeins líta yfir þróun sviðanna frá innþróunar- til útþróunarbogans. Því eru það svo að þær verur sem dvelja á eða hækka vitund sína á, til dæmis, þriðja svið, geta stjórnað þeim sem eru á því sviði á útþróunarbognum, en þeir sem eru á efnissviðinu geta ekki horft til innþróunarþátta á finni sviðum fyrr en þeir hafa náð tókum á þeim þróunarþáttum.

Vígsluþegar af efnissviðinu eru þeir sem hafa öðlast fullkomnun á sjöunda sviðinu. Vígðir vinna ávallt yfir þvermálið (á myndinni sést merking þess) og

sjöunda vígslan er sú fyrsta. Því er maður á jörðunni beðin um að tilbiðja—ekki náttúruöfl annars sviðs, né dýrlinga þess þriðja, né meistara þess fjórða, né engla þess fimmta, né erkiengla þess sjötta, né frelsara þess sjöunda, heldur eingöngu Logosinn sjálfan. Því fyrir guðlegu neistanna lifir hann.

Fyrir milliggöngu þessara stigvelda stígur allt í átt til kosmískrar vitundar, en þau stoppa aldrei né ná endanleika á neinu sviði hins birta sólkerfi, því að er engin endanleiki í birtingunni.

Fyrsta sviðið er eina sviðið þar sem vígsla Logosins er gefin og sú vígsla hans markar umbreytinguna frá útþróunarboganum á innþróunarbogann, því það vekur guðlegu neistanna sem svo vel og sannarlega verið kallaðir „Guð hið innra“ og sem þróast að sameiningu við „Guð hið ytra“.

Þegar maðurinn gengur upp sviðin á innþróunarboganum, lítur hann ekki lengur beint til Logosarins, heldur til næstu hæstu stigveldisstjórnenda, en á útgönguboganum lítur hann hvorki aftur til Logosarins né heldur til efnisins, heldur þvert yfir bogann til guða sinna sem eru þróaðar verur sem eru að draga sig úr efnisbirtingu, og frá því stigi sem sem maðurinn hefur náð.

Því eru frumstæðu trúarbrögðin fjölgyðja. Eingyðis trúarbrögð marka lágstöðu efnishyggjunnar frá útþróun til innþróunarbogans. Gyðingar sem fyrstir náðu því stigi eru mestu efnishyggjumenn allra manna.

Á innþróunarboganum eru trúarbrögð ekki fjölgyðis vegna þess að lágstiginu er náð og menn á innþróunarboganum hafa þekkt hin eina guð. Þeir eru í staðinn hlýðnir stigveldunum því ljósið sem var deyft af efnishyggjunni, var þolanlegt, en mundi verða óbærilegt ef efnið skýlir því ekki.


Þess vegna er það að á finni sviðunum þegar vitundin er laus frá heilanum, snúum við okkur aldrei beint til Skaparans, heldur gegnum milliliði sem miðla orkunni frá sviði til sviðs, og hóphugurinn eða geisladrottinn okkar þróunar eru æðstir.

Þér mun skiljast að þessi fræðsla hampar tákmynd Caduceus. Þar sérðu beina leið frá grunni til kórónu og þú sérð leiðirnar vinda sig frá hlið til hliðar hvers sviðs eins og niðurflæði lífs sé vitandi um hærri þætti sviðanna og uppstreymandi flæðið verði vart við og stjórn niðurflæðinu. (Mynd 20)


Geisladrottinn sem ræður hverri þróun er Hugardrottinn og þar sem hann er af þriðju þróunarbylgjunni hefur hann í eðli sínu einnig fyrri þróunarbylgjur. Því eru þrjár framtákn þessarar þróunar og frelsari hennar er þríeinn, er fjórir loka-táknið. Þrenningin er grunnurinn en ferndin er hið endanlega. Þetta er vísbending að miklu.

Munum, að útskýra aldrei neitt í birtingunni sem stöðugt eða varanlegt, því allt er háð hreyfiorku.


Mynd 20



Mynd 21



Mynd 22



KAFLI XXI

DROTTNAR HINNA FYRSTU ÞRIGGJA SVEIMA OG NÁTTÚRULÖGMÁLIN

ÁHRIFIN sem vinna samtímis á plánetu skiptast í tvo megin flokka:—

1. Áhrif innþróunarbogans.
2. Áhrif útþróunarbogans.

Um er að ræða áhrif af öllum verum úr fyrri þróun. Þær eru af þeim þremur gerðum sem þú hefur þegar heyrt um—Drottna Loga, Forms og Hugar. Þeir drottna á sínum sviðum.

Logadrottnar eru lífið að baki náttúruöflunum sem vísað er til hér að neðan og stjórna þeim. Frumöfl náttúruríkjanna (ekki dýra) eru börn þeirra og sköpuð með huglægri virkni greindar þeirra á sama hátt og lógóískur hugur myndar hið birta sólkerfi. Logadrottinn hugsar sköpunarvirkni og til að þróa það frekar, fer hann á hærra svið og mótar hugmyndina frekar til að viðhalda henni.

Þessi hugarform þróa persónuleika, sem ekki hafa enn náð einstaklingsmyndun (sál), því er talað um þau sem „sálarlaus.“

Þú munt sjá að guðlegir neistarnir þróa fyrst nokkurskonar frumsál og síðan persónuleika. En „sköpun þeirra sköpuðu“ þroskar fyrst persónuleika sem þráir einstaklingsál. Þess vegna eru þeir sagðir „illir andar“, „púkar“, „flösku-andar“ ofl. Þeir eru ekki illir í eðli sínu, en geta ekki brugðist við neinu nema lægri þáttum. Þeirra eina tenging við hið guðlega er gegnum vitund þeirra um skapara sinn. Því verða þeir sem eiga við þá, að koma með valdsboði skapara þeirra, þannig nálgast guðlegi þátturinn þá og endurspegladur guðleikinn í þeim svarar, á hinn veginn er hægt að nálgast þá með lægri þáttum. Þessir þjónar guðanna viðhalda samræmdum takti í náttúrunni. Þeir eru öflin sem stjórna hita og ljósi, þyngdarafli og öllum breytingaröflum náttúrunnar.

Drottinn þessarar þróunar („skaparar þeirra sköpuðu“) ríkjja á sjötta og sjöunda sviði sem yfirboðarar frumaflanna, eða „Drottinn frumaflanna“ eins og þeir eru stundum kallaðir og eðlisvirkni þeirra ræður breytilegu aðstæðum í sólkerfinu og í samræmi við þær þarf maðurinn að aðlaga sína þróun. Fyrir þessum drottnum verður maðurinn að sýna undanteknalaus hlýðni, lotningu fyrir mikilfengleika þeirra og þakklæti, því þeir viðhalda aðstæðum fyrir tilveru hans.

Maðurinn er í þakkarskuld fyrir náttúruþjóna þeirra, eða hugarform—frumöflin,— sem þjóna þeim, en þjóna ómeðvitað. Ef hann vill nálgast þá, gerir hann það í gegnum samsvarandi þátt í sinni eigin eteríska tvífara, en gerir það með áhættu, því þó þeir bregðist við þessum þáttum, munu þeir að lokum yfirtaka þá.

Munum að þessi frumöfl eru að þróast uppá við, stig fyrir stig gegnum persónuleika í átt til einstaklingsvitundar og í tilfellum þegar maður reynir að hafa samband við þá, munu sumir þeirra manna falla í þá freistni að nota svarta galdur, sem á rangan hátt flýtir þróun og leitast við að ná sambandi við þroskaða einstaklingsvitund og komast þannig í sambandi við guðdómleikann.

Í slíku tilfalli gerist hið gagnstæða og yfirtaka á sér stað—persónuleika mannsins er þrýst út og frumaflavitundin tekur sæti hans og í því tilfalli má segja að þeir hafi jarðarstein, eða öldu hafsins, eða himinvind, eða eldsloga fyrir hjarta, því mannsins hjarta hafa þeir ekki og vegna krafta frumaflanna ákalla þeir frumöflin í manninum með djúpstæðu ákalli og slíkt hefur ávallt truflað dættur og syni mannsins. Því þeir koma sem verur með frumkrafta sem þekkjá ekki þau mörk sem manninum eru sett og þannig þekkjum við þær—þær æskja og leita ávallt síns eigin ríkis (því mannkynið er fyrir þeim krossfesting) og því verður samsvarandi þáttur í manninum fyrir ákalli og þeir sem svara munu farast því þær eru of öflugar fyrir þá.

Það getur einnig skeð að menn sem leita sambands við frumöfl verði ekki yfirteknir heldur bindist þeim böndum. Þá tengist frumeðliskraftur hans við Frumöflin og hann þráir þann óséða elskanda sem er ekki mannlegur.

Slíkt er mikill harmur, því þeim þyrstir með þorsta sem ekki er hægt að svala í holdinu og þeir verða að fara fram í eterforminu. Margt er hægt að segja um þetta efni.

Leiti mannvera sambands við Drottna frumaflanna verður hann að hafa hreinsað þá þætti í eðli sínu sem svarar til ríkis þeirra og upphafið eðliseiginleika þeirra. Í stöðugleika jarðarinnar er hann stöðugur. Í hreyfanleika vatnsins er hann hreyfanlegur. Í hraða vindsins er hann knár og leitandi. Í birtu logans er hann ákafur. Þá er hann drottinn þessara þátta í sjálfum sér, hann sjálfur er Drottinn frumaflanna í smáheiminum og getur því krafist tengsla við Drottna Frumaflanna í stórheiminum og sendiboðar frumaflanna eru þjónar hans. Það er engin önnur leið til en sú. Þeir sem nota nöfnin án afls stuðla að eigin tortímingu.

Drottinn formsins stjórna efnis- og efnalegum þáttum og allt sem hefur verið sagt um fyrri þróun það tekur einnig til þeirra, með hjálp þeirra getum við komist að lögmálum atóma, efnavirkni og tengingu hluta, því „form“ eru samræmd tengsl.

Samskipti drottna forms og laga eru mjög mikilvæg, þar sem logadrottinnar eru lífsgjafir og formdrottinnar eru miskunnsamir dauðagjafir. Það er frá formdrottinnunum sem við fáum lögmál dauðans, upplausnarinnar—lögmál flóttu og frelsisins.

Til að fanga öfl lagans verðum við að vekja upp kraft formadrottinna.

Til að fanga öfl formsins verðum við að vekja upp kraft logadrottinna.

Formdrottinnar eru drottinnar núningskrafts, þeir gera öflum kleyft að verka með því að takmarka þau, en með núningskrafti sundra þeir þeim. Þess vegna eru formdrottinnar drottinnar dauðans, því þeir færa alla lifandi hluti til loka og alla hluti á hreyfingu í kyrrstöðu, þeir gera allt raunverulegt sem var mögulegt. Þeir eru Læri-
feðurnir. Agi er þeirra leið, en „refsing“ hvílir hjá hugardrottinnunum.

Frumafl formdrottinnanna ákvarðar eðli allra efnaþátta, samsetninga og viðbragða.

Logadrottinnar eru að baki lögmálum eðlisfræðinnar.

Formdrottinnar eru að baki lögmálum efnafræðinnar.

Hugardrottinnar eru að baki lögmálum líffræðinnar.*

Drottinnar mannkynsins eru að baki lögmálum félagsfræðinnar.

* Athugasemd útgef. : Áhrif hinna þriggja hópa gegnum lögmál líffræðinnar er ekki fjallað um hér, en það er ekki erfitt fyrir lesandann að finna það út sjálfur út frá því sem sagt er um áhrif fyrsta og annars hóps.

KAFLI XXII

ÁHRIF SEM MANNKYNIÐ SETUR Á SJÁLFT SIG

Það er ekki ætlunin í þessari fræðslu að rifja upp staðreyndir í þróuninni, heldur að bæta við þá vitneskju með því að upplýsa í stórum dráttum óþekkta þætti og útskýra afleiðingar af lítt þekktum eða misskildum þáttum.

Í fyrri fyrirlestrum höfum við fjallað um þróun fyrir mannlega þróun og áhrifin á mannkynið. Í þessum fyrirlestri munum við fjalla um lítt þekkt áhrif sem maðurinn setur á sjálfan sig,

Þegar við veltum fyrir okkur þeim þróunarleiðum sem ganga saman á sömu plánetu, verðum við að muna að ef vitund rís ofar efnislegri tilvist til að starfa á öðru sviði, er henni það með lyft frá jörðunni og kemur inni ríki Plánetuverunnar, eftir því á hvaða sviði vitundin vinnur. (Þetta er efni sem þarf að muna þegar skoðuð er andlegu sviðin.)

Í þessum fyrirlestri munum við hinsvegar aðeins skoða þau áhrifum sem erum innan jarðneska sviðsins. Þau taka til virkni á eterískum undirsviðum þegar verið er á innþróunarboganum og þeirra áhrifa sem einnig hafa áhrif á jörðina á þróunarboganum.

Fyrir þróunarverur er það afturhvarf og hættulegt að horfa til baka til þeirra aðstæðna sem þær hafa vaxið frá. Þeir sem eru nýláttnir og horfið úr jarðvist er ekki leyft að líta til baka svo þeir verði ekki jarðbundnir, vegna hættu á að hið illa hafi afskipti af nýláttnum sálum í þeim tilgangi að lofa skuldaaflausn.

Þó er til staðar sérstök þróunaraðlögun og áhrif þess eru þekkt sem „Verk hinnar Miklu Hvítu Stúku“ eða „Verk Meistaranna“.

Í venjulegum farvegi þróunarinnar vex skógurinn með vexti trjáanna. Það er að segja að fullkomnun sjálfstæðra sálna fullkomnar líf hópsins. Með tilkomu sjálfvitundarinnar kom einnig breyting í lífi hópsins og ákveðnar sálir kusu veg endurlausnarans fremur en leið endurlausnar. Þær kusu að hafna ávöxtum verka sinna og hið góða karma þeirra kemur karma kynstofnsins til góða.

Gleymum því ekki að hver þróun hefur sína tímaröð—eða, tæknilega, röð í orsökum og afleiðingum og þó að þróunarvegurinn sé breiður og rúmi marga samtímis, hafa þróunargerðirnar samt sem áður vel markaða röð. Hægt er að segja að meðaltal mannkynsins sé komið um tvo þriðju áleiðis af hringferðinni og við ættum einnig að muna, þegar við horfum á einstaklinginn, að alveg eins og hann erfir allar duldu byrðar fortíðarinnar, eru einnig til staðar allir möguleikar framtíðarinnar og sumir þeirra eru á þröskuldi raunveruleikans.

Möguleikasvið mannglegrar þróunar má skipta í þrennt—það dulda, raunveruleikann og möguleikanna. (fortíð, nútíð, framtíð)

Kenningin um „Hópsál“ er nátengd Plánetuverunni, því eins og sýnt hefur verið áður er Plánetuveran persónubirting plánetunnar, mynduð af vitundarreynslu hennar innan plánetunnar.

Engin sálfræðiskoðun á hóp eða einstaklingi er nægilega góð án þess að tekið sé tillit til áhrifa Plánetuverunnar. Það er eitthvað sem hægt er að kalla „Jarðartog“ og myndaðist í fortíðinni og á ekkert erindi í framtíðinni, það er óhjákvæmlega hreint afturhvarf og er því þannig séð, af hinu illa.

En gleymum því ekki að önnur hlið Plánetuverunna er Plánetueinstaklingurinn. Það er lógóíski skilningurinn á tilveru plánetusviðsins og lógóíska hugmyndin um markmið þess og þróun. Það samsvarar mannlega einstaklingnum og þroski beggja þáttanna á sér stað þar til þeir hittast.

Plánetuveran byggist upp með skilningi á vitundarlífi sviðsins, og þar sem ekki er hægt að skilja nokkuð fyrr en það hefur átt sér stað, er Plánetuveran ávallt skrefi á eftir mannkyninu í þroska sínum.

Það má því sjá að hvert reynsluskref mannkynsins skapar samsvarandi stig í vitund plánetunnar. Þetta er speglun eða vörpun á þróunarvitund og eins og allar speglanir eru öfugar, birtist lægsti þátturinn á yfirborðinu en hin æðsti er dulinn í dýptinni. Þetta vitum við af reynslunni er við fyrst snertum Jarðarsálina, snertum við fyrst frumstæðasta þáttinn og það er ekki fyrr en við köfum djúpt inná við að við skiljum hvað hún er fær um.

Það er afar mikilvægt þegar við nálgumst þetta efni að rannsaka það ekki nema með fullri sjálfsvitund. Ef við nálgumst það með aðferðum undirmeðvitundar, verðum við sjálf hluti af þeim þætti og sá minni fellur undir yfirráð þess meiri—einstaklingsvitund fjöldans.

Líta má svo á að Plánetuveran beri karma jarðarinnar og allt líf á jörðunni verði að lifa í samræmi við það karma, því það skapar hið huglæga andrúmsloft sem við lifum og hrærumst í.

Ef við íhugum sviðsmyndina þá er breytingum á efnislega sviðinu ekki gefin nægilegur gaumur—breytingum milli jarðar og tungls. Það er ekki nægilegt að skoða stöðu tungls. Það verður að skoða hvort það sé í neikvæðum eða jákvæðum fasa. Sama á við jörðina og árstíðir frumaflanna ætti að skoða. Allt þetta leikur

mikilvægt hlutverk í málefnum manna, þó þau séu ekki ákvarðandi, eru þau mótandi.

Fortíðin, eða líffræðileg vitund lifir í karma jarðarinnar og einnig í hverjum einstaklingi og gagnvirkni milli einstaklingsins og uppsafnaðra fortíðarlaga er mjög mikilvægt.

Hvenær sem þróun ákveðins þáttar hefur náð sæti sínu eða „formast“, mun sá þáttur verða ráðandi í umhverfinu. Sem dæmi er kraftar sem Drúdisk dýrkun byggði upp, þeir kraftar halda áfram að vera til staðar og mun örva þann þátt í einstaklingi sem þeim var ætlað að koma í verk; og meðan þessi „böðun“ hugræna andrúmsloftið er góð til að laga jafnvægi hjá einstaklingi sem vantar hana, er hún ekki góð fyrir þann sem hefur þegar of mikið af henni; þeim finnst nútíma siðmenning framandi og dragast ómótstæðilega að fornri siðvenju og þá er ójafnvægi afleiðingin.

Hver kynstofn viðheldur trúarhefðum sínum og hver trú lifir þar til eiginleikarnir sem hún var sköpuð til að koma á eru orðnir eðlilegar erfðir kynstofnsins. Þá hættir það að vera dulið og verður alþekkt. Trú deyr ekki vegna þess að henni sé hent af framfarabrautinni, heldur vegna þess að andlegir þættir hennar eru algjörlega horfnir inni daglegt líf kynstofnsins. Það sem hún kenndi er tekið sem sjálf-sögðum hlut og fræðslugildi hennar er lokið, því nemandinn kann lexíuna. Það að „kasta trúnni“ lýsir aðeins aukinni næmni hjá manningum við að útskýra það sem upphóf hann. Svo lengi sem til eru sálir sem æskja aga þá lifir átrúnaðurinn. Dýrkun í fortíðinni fékk kraft við að tengjast sviðum Jarðarsálarinnar, þar sem vígsla þeirra átti heima.

Það skal vitað að þessi svið hafa nána tengingu við Frumöflin, eru notuð af þeim til að mynda þau hugarform sem gera þeim kleyft að stjórna tegundum í jarðvist. Þess vegna er tenging við forna trú langsótt.

Þessir hlutir hafa sinn stað í hinu andlega vopnabúri, en þá á að nálgast með varúð því þeir eru tvíeggjaðir. Þekking á þeim er nauðsynleg í rannsóknum í sálarlegri meinafræði, en ekki fyrir sjálfsþroska. Þessir þættir eru okkur eðlilegir og fá ótilhlýðilega örvun ef þeir eru fóstraðir óþarflega.

Hver maður er sinn eigin herra. Veljum ekki meistara af lægri eða annarri þróunargerð.

KAFLI XXIII

LÖGMÁL ATHAFNA OG VIÐBRAGÐA

Athöfn og viðbragð eru jöfn og andstæð. Jafngildi viðbragðs gerir það út-
reiknanlegt ef hlutfall yfirfærslunnar er þekkt.

Hvert svið hefur sjö undirsvið, sjö svið sólkerfis á sjöunda kosmíska sviðinu og sjö svið í Alheiminum. Yfirfærsla á sér stað á undirsviðum.

Möguleg virkni hvers undirsviðs er í öðru veldi sviðsins fyrir neðan. Þetta má útskýra með þeirri staðreynd að tvö andstæð og jöfn öfl mynda hringiðu, sem er frumatómið. Þegar þessi tvö öfl hittast vega þau upp hvort annað og niðurstaðan er stöðuleikamiðja, sem er gjörsneydd gildi nema í sínum huglægu þáttum. Minnum á að stöðuorka er huglægur þáttur orku.

Ef þú gætir aðskilið þessa hringsnúandi strauma sem mynda frumatómið, myndir þú hafa tvo möguleika sem væru jafngildir eiginleikum atómsins. Svo að í stað eins raunverulegs eiginleika hefur þú tvo mögulega. Þannig hefur atómið verið tvöfaldað með sjálfu sér og flutt frá einu birtingarstigi til annars, og hvenær sem hlutir eru þannig margfaldaðir eru þeir fluttir til annarrar víddar.

Þegar athöfn og viðbragð er sögð vera jöfn og andstæð, verðum við að muna að þar er svo í venjulegum skilningi þess hugtaks og á því sviði sem fjallað er um.

Ef hins vegar orka er flutt frá lægra svið til hærra sviðs, þá eru viðbrögðin jafngild möguleikum þess sviðs. Þess vegna er það að þegar þú eykur orku, þá

eykst hún í veldi. Þegar þú dregur úr orku, minnkar hún um kvaðratrót. Skilgreiningin "að draga úr eða minnka" er hér notuð í tæknilegum tilgangi og þýðir lækkun niður í efnið.

Á innþróunarleiðinni var þróunin lækkun niður í efnið. Því er það að á fyrstu reynslustigum er sálin endurtekur þróunina, að hún verður að þekkja dýpt hennar.

Hvert efnisatóm inniheldur ávinning innþróunarinnar. Þess vegna er það, að ef þú gætir sundrað efnisatómum í litlum leirköggli, myndir þú sundra hnettinum sem þú stendur á, en áður en þú gætir framið þessa töfra, yrðir þú, með viljastyrk þínum, að leysa upp samheldni Kosmosins. Því er ekki að vænta að slík tilraun muni verða framkvæmd í náinni framtíð!

Hver guðlegur neisti sem hefur náð lágstöðu innþróunar og er tilbúinn að hefja vegferð sína í útþróuninni, og er að sjá sem einkennandi mannvera, hefur í sér möguleika sem þú litla hugmynd um.

Þegar huglægri vitund er lyft frá efnissviði til næsta hærra sviðs gerist það í samræmi við framborðið lögmál og tregðu er breytt í tvo hreyfanleika. Það er sjaldgæft að vitundarmiðja á lægra sviði geti borið aflið, ef ummyndunin er algjör og snögg. Samanber orðatiltækið „Þú getur ekki litið andlit mitt og lifað.“ Einnig sú staðreynd að þar sem meiri eða minni hluti formumyndunar á sér stað verður aðeins vart við það sem blindandi ljósblossa og þegar slík ummyndun á sér stað á sinn venjulega hátt er það gert með viðbót í stað margföldunar.

Það er að segja, þegar ummyndun á sér stað af einu sviði til annars með veldislyftingu er hægt að lýsa árangrinum með orðum ritningarinnar „Hann gekk með guði og varð ekki lengur.“ Þegar ferlið er margendurtekin margföldun, er um að ræða hefðbundna vígslugöngu og hvert stig vígslunnar margföldun. En þegar við höfum viðbót í venjulegu ferli er það hinn eðlilegi gangur þróunarinnar.

Hvert stig vígslunnar má skilja sem blindandi ljósblossa og hver blossi tilheyrir því tilteknu undirsviði sem er eins og myndað í undirmeðvitundina, þegar vitundin skoðar það í ferlinu.

Ef orku er lyft um svið verður að vera hópur til að taka við henni. Form orkunnar sem er lyft frá sviði til annars er myndað af hóphuga. Ef afli er lyft á annað svið þarf að hafa annars stigs hóp til að taka við því. Því bætist við stig um hvert svið.

Ef að á hinn bóginn orka er minnkuð um svið eða undirsvið, á sér stað algjörlega ólíkt ferli. Orkan er gerð óvirk og líkaminn sem bar hana verður tómur farvegur og opinn og allt getur því fyllt hann. Þetta er lykill að mörgu,- og skýrir þráhyggju.

Munum að skilgreining á þráhyggju (obsession) er almenn ekki rétt, þegar tæknilega er átt við „yfirskyggingu“. Yfirskygging er þegar áhrif einnar veru stjórna annarri. Yfirtaka eða andseta á sér stað þegar sálin hefur verið felld með lækkun vitundarinnar. Skilgreiningin „að falla“ er notuð hér því merking orðsins er nákvæm.

Þegar átt er við raunverulega yfirskyggingu, er ekki aðeins nauðsynlegt að kasta hinum óvelkomna út heldur að reisa sálina við. Það má sjá af sögunni um manninn sem var yfirskyggður og djöfli var kastað út, en sjö djöflar fluttu í staðinn inní tóm tómt húsið.

Fall sálar gerist þegar persónan hefur tengst lægri þróunargerð, hún á sér ekki stað fyrir vísvitandi viljaathöfn, heldur fremur vegna hömluleysis. Því er það þegar átt er við slíkt tilfelli þar sem um er að ræða hömluleysi fremur en orkuleysi, verður ávallt að fara varlega áður en átt er við slíka yfirskyggingu.

Hömluleysi er hættulegra en illvilji, því það afhjúpar þann yfirskyggða fyrir áhrif ómannlegra afla.

Við sjáum að það eru tvær duldar merkingar að baki staðhæfingunni um að athöfn og viðbrögð séu jöfn—athöfn og viðbragð eru aðeins jöfn á sama sviði, en þegar virkni hinna sjö sviða er skoðuð, eru þau alls ekki jöfn og þegar athöfn á einu sviði hefur viðbrögð á öðru sviði verður útkoman umbreyting á gildum. Við höfum þegar gert grein fyrir þeim gildisbreytingum.

Það hefur eflaust hent þig þegar orku er umbreytt frá einu sviði til annars, að áhrifin raski jafnvægi beggja sviðanna. Það er einmitt raunin og því er nauðsynlegt fyrir Fullnuma sem beitir áhrifum sínum að viðhalda nægilegu orkujafnvægi. Til að hann geti það, verður hann að kunna aðferð til að jafna orkuna. Þetta er mjög áriðandi atriði í dulspeki og varðar að bæta upp andstæða þætti með réttum eiginleikum.

Umsnúinn Sephiroth verður Qliphoth. Í því liggur lykill að miklu og þannig er það í hverri dulspekilegri athöfn þar sem mikill andlegur styrkur er vakinn að lægri verur eru einnig meðhöndlaðar með réttum hætti; og þegar sá er við köllum „Meistara“ vill starfa á efnissviðinu, verður hann af nauðsyn að notast við veru á lægri þróun en hans sjálfur og hann er neyddur til að vinna gegnum persónuleika þeirrar persónu. Til að endurheimta orkujafnvægið sem hann er við að koma úr jafnvægi, mun hann, í óeiginlegri merkingu, nota þá veru sem lágstöðu á sínum boga. Orkan sem hann sendir er móttækinn með hæsta þætti verunnar og mun verða tjáð með lægsta og þéttasta þættir sálar þeirrar veru og persónuleiki hennar verða notaður fyrir flæðið til baka af efnissviðinu.

Þetta má sjá skýringamynd af þessu í stafnum Y, það sem tveir armarnir tákna Sálina og Persónuna og stofnhlutann sem farveg inn- og útflæði á efnislega sviðinu. Við Y bætist X og þar fæst tákni á innflæði og útflæði orkunnar, X táknað sem tvö C bak í bak—það vinstra, táknað útflæðið og það hægra táknað innflæðið.

Við getum nú skilið af hverju ófyrirsjáanleikinn er oft fyrir hendi í slíkum aðgerðum. Flæðið til baka sem þarf að eiga sér stað gegnum persónuleikann, þessum lágsta og frumstæða þætti, verður að upplyftast svo að tjáningaraflið geti snúið til guðs sem gaf það.

Þetta er önnur leið til að tjá notkun á uppljómun í þeim tilgangi að búa til afl á efri sviðum. Nemandi sem móttækur afl frá Meistara sínum á hærri sviðum niður til efnissviðsins, verður að undirbúa áhrifin af umbreytingunni og svara með samsvarandi svörun og orku frá lægra sviði til þess herra til að viðhalda nauðsynlegu jafnvægi. Það er vanræksla í þessum tilvikum sem veldur alltof algengri yfirhitun á lægri þáttum nemans.

KAFLI XXIV

LÖGMÁL TAKMARKANNA —I HLUTI

TAKMÖRKUN er fyrsta lögmál birtingar og því er það fyrsta lögmál orku. Þessi staðreynd er ekki nægilega skilin. Margir trúá því að andleg orka sé eilíf, sem er alls ekki svo. Til að Logosinn geti birst þarf hann að afmarka sjálfan sig. En andleg orka er svo mikið meiri en að geta yfirunnið allar mótstöður lægri sviðanna þegar henni er beitt.

Til þess að koma krafti í birtingu er nauðsynlegt að færa hann í rétt form eða líkama. Formið er byggt inní efni sviðsins sem er ofar því sem ætlunin er að birt það á og í gegnum þann farveg er aflið vakið. Til að vekja afl án þess að stýra því, er að dreifa því. Því aðeins með þekkingu og notkun á Lögmáli Takmarkanna er hægt að varðveita orkuna.

Til að ná takmarkinu, verður það markmið að vera skýrt og takmarka sig við það, hafna öllu sem er því óviðkomandi, og munið þetta atriði— fyrsti fasinn í að vekja upp kraft er höfnun á öllu óviðkomandi. Þetta er önnur lýsing á einbeitingu. Lögmál Takmarkanna þýðir einbeiting aflsins með höfnun á því óviðkomandi. Þetta er ekki nægilega skilið.

Til að framkvæma það allra nauðsynlegasta til að ná árangri er að vita hvað þú getur ekki. Það er sundurgreining. Lögmál Takmarkanna er nauðsynleg afleiða lögmálanna sem stjórna því hvernig orka er vakin.

Þegar löngun er til að koma hlutum í verk, byrjum við á því að hugsa málið í þaula, sjá skýrt fyrir sér útlínur takmarksins sem á að ná. Næst er að skoða með hvaða aðferðum takmarkið næst. Næsta er að útiloka alla löngun fyrir því sem ekki snertir takmarkið—þetta er mikilvægt atriði. Með öðrum orðum, þú hjúpar þig einbeitni.

Það getur vel verið að með því setjir þú til hliðar einhverja eðlilega hluti daglegs lífs. Leggið þá til hliðar með vissu um að þeim verði sinnt í tíma og haldið áfram með miklum aga í að takmarka sjálfan þig að sinna markmiðinu og þú hafi aðeins eina löngun og allt annað kemur á eftir því. Hugsið ekki um annað, dreymið ekki um annað, þar til verkefninu er lokið. Þegar þessari afmörkun löngunar og takmörkun vitundarinnar að efninu er náð, vaknar orkan til framkvæmda og á augabragði verða hlutirnir að veruleika.

Ítarlegur undirbúningur þýðir fljóttari framkvæmd. Yfirleitt er ekki nægur tími notaður í undirbúning og því er árangurinn ekki nógu góður.

Ef tilgangurinn er að efla andlega styrk verður þú að undirbúa hann með algjörri helgun í vitundinni. Það má ekki gleymast að slík þrenging vitundarinnar mun raska jafnvæginu ef henni er þröngvað óþarflega. Því þurfa að skiptast á tímabil einbeitingar og tímabil fullrar þátttöku í lífinu, svo vikkun vitund og þroskaður persónuleiki vinni í bakgrunninum á eflingu og takmörkun löngunar sem kemur andlegum styrk í birtingu á efnissviðinu. Það er skortur á þessum hlutföllum sem leiða til öfga og jafnvægissmissis.

Það er með því vitundartakmörkun við verkefni sem við náum einbeitingarorku. En það er með þroska og vikkun vitundarinnar sem þú nærð að leggja grunn að takmörkunum; því takmörkun felur í sér greiningu og takmörkun vitundar er alls ólík takmarkaðri vitund. Takmörkuð vitund felur í sér takmarkaða

reynslu. Takmörkun vitundar felur í sér reynsluval og einbeitta athygli á valið verkefni. Það er lögmál Takmarka sem felur í sér einbeitingarorku. Það er að notfæra sér mótstöðu sem gerir okkur kleyft að hafa eitthvert hald í margdreifðri birtingu.

Stór hluti þeirrar mótstöðu sem nemi reynir í viðleitni sinni að ná tökum á dulfræði er tregðumótstaða. Til þess að setja á hreyfingu það sem er í tregðu, er nauðsynlegt fyrir sálina að ná tökum á svipaðri mótstöðu. Tregða er því sett sem jafnvægi við tregðu og hreyfanleiki sálarinnar nýttur til að koma á jafnvægi. Á þennan hátt er hægt að ná því sem ekki var hægt að ná með viljanum.

Það er nauðsynlegt að þeir sem eru í þjónustu við stigveldið (Bræðralagið) geti náð þekkingu á „dulfræði-listum“, því þau gera þér kleyft að að vekja upp og einbeita orku með árangri. Það er notkun þessara lista til rangra hluta sem er bönnuð, en not þeirra í samræmi við lögmál er hagbeiting orkunnar.

Munum, að í allri beitingu er takmörkun, leyndin á bak við orku. Þetta gefur ekki í skyn að þú eigir sífellt að nýta þetta í smáum hlutum. Setjið alltaf átak ykkar í samhengi við Kosmosinn sjálfan og sjáið verkið í tengingu við heildina, En afmarkið kyrfilega þann hluta Kosmosins sem þú ætlar að höndla. Að veiga ykkur saman við þar sem er meira en þið sjálf, leiðir til að umfangið skapar tregðu, en að afmarka hluta umfangsins og skilja frá heildinni gerir þér kleyft að að ná hluta af henni.

Við að skapa þessa afmörkun verður við að finna nokkuð skýrar útlínur og leita hvar vandamál liggja. Í öllum málefnum eru ávallt skil þar sem mótstaða hluta geta aðgreinst og önnur skil sem munu skapa mótstöðu við skiptingu. Leitið þeirra á tilfinningasviðinu, á meðal tilfinninga sem snerta efnið. Áætlunin sem heild er

hægt að sjá á hugarsviðinu, en á tilfinningasviðinu má kannski greina útlínurnar. Skyndileg löngun má greina frá langvinni löngun. Löngun eins þáttar í flóknu eðli má greina frá löngun annars þáttar. Ef þú sjálfur afmarkar vitundina að einum punkti verður hún svo skörp að hún getur myndað skýrar útlínur að afmarkaðu verkefni og unnið að því í smáatriðum.

Það er fókus vitundarinnar sem gerir orkunni kleyft að koma fram og ljúka verkinu, en það er víkkun vitundarinnar sem gefur nægilegan grunn svo þessi orka nái að vinna. Hámark einbeitingar verður styðjast við breiðan grunn. Þessi þáttur gleymist oft.

KAFLI XXV

LÖGMÁL TAKMARKANNA—II HLUTI

LÖGMÁL Takmarkanna er grunnurinn að beitingu dulspeki. Það er leyndamál orkunnar og því haldið frá þeim sem eru á byrjendabrautinni. Þeim er kennt um tilvist eilífrar uppsprettu orku og að hugleiða á það. Þeim er kennt að hugleiða á formlausa orku. Það auðveldar orkunni að nota þá, en ekki að þeir noti orkuna.

Þegar þekkingu er náð á aðferð til að byggja rásir gegnum lægri sviðin, er mögulegt að beina orku til þess sem ætlað er. Þegar því er náð að orka er færð af sálarsviðinu niður á svið persónuleikans, ekki gegnum líkamann, heldur utan hans. Það er því nauðsynlegt að hafa þekkingu til að mynda form. „Eins hið efra, svo hið neðra.“ -

Þegar það óbirta vill koma í birtingu flæðir hreyfing í hring og kemur aftur til upphafsins. Til að mynda form á þétta hugræna sviðinu, verður hugsun að fara í hring og koma aftur til upphafsins. Hugmynd sem byrjar, verður að halda áfram rökrétt, rökleiðsla frá því almenna til hins sérstæða á útgöngubognum og frá hinu sérstæða til hins almenna á innkomubognum, og skoða báðar hliðar spurninganna og samhæfa þær. Þetta er fyrsta stigið.

Hugmynd sem er þannig mótuð, á því næst að færast inná svið tilfinninga. Það samsvarar Hring-Takmörkunum.

Hugmynd á því næst að færast undir drifkraft náttúrunnar. Það samsvarar Hring-Kaos.

Hugmyndin er nú Hring-Kosmos á hugarsviðinu, Hring-Kaos er drifkraftur eðlishvatarinnar og Hring-takmörkunin samsvarar efri þáttum tilfinninga-sviðsins. Með því að hugleiða þessar samsvaranir lærir þú mikið. Þetta er hið upprunalega form og innan þess er hægt að byggja allar athafnir og viðbrögð sem snúa að því sem fengist er við, en í þessum efnum þarf ávallt að afmarka með skýrri greiningu vitundarinnar. Seinni viðbrögð vitundarinnar eru tengd löngunum sem vakna við ferlið, og þriðji þátturinn varðar notkun frumstæðra afla við að skapa orku.

Kosmísk hlið hugmynda sem sett hefur verið á stað, birting í heimi forma, á sér stað innan afmarkaðs sviðs. Án þessarar afmörkunar verður engin birting.

Meginlögmál innþróunarbogans er Lögmál Takmarkanna.

Meginlögmál þróunarbogans er Lögmál Sjö Dauða.

Lögmál Takmarkanna er grunnur Lögmáls Athafna og Viðbragða.

Lögmál Athafna og Viðbragða hvílir á fyrirbærum tengdum kúrfunni. Kúrfa sem er framlengd verður að hring. Hluti kúrfu er bogi. Pendúll er einskonar athöfn og viðbragð, andstæð og jöfn. Framlengjum ferilboga pendúls og það myndar hring, þar sem lengd pendúlsins er raddius hringsins. Þetta útskýrir margt í tengslum við umbreytingu orku frá sviði til sviðs.

Holdgun byggir á Lögmáli Takmarkanna, Karma, byggir á Lögmáli Athafna og Viðbragða, og af því að það er aðeins í takmörkuðu kúlulaga rými sem jöfn og andstæð athöfn og viðbragð eiga sér stað, verður „form“ að birta sig sem „form“ svo ávextir athafnar geti komið til baka þaðan sem athöfnin upphófst.

Að byggja líkama fyrir holdgun er samkvæmt þeim línunum sem lagðar hafa verið. Enn og aftur eru það afmörkun sem sem mótar efnið til að vinna í holdgun. Hver sál ákvarðar sitt eigið efni. Yfirsálin er því Karmadrottinn hvers og eins. Það er þetta sem þú vekur upp í þínu eigin efni og tengir forlög þínum. Þú vekur þitt eiginlega sjálf.

Lögmál Takmarkanna er sambærilegt við stærðfræðihugmynd um mælingar á yfirborði og hefur tvívíddarþátt. Það er með innleiðingu að þrívídd sem við umbreytum Lögmáli Takmarkanna og maðurinn, með vitundina í þrívídd getur notað Lögmál Takmarkanna til að umbreyta því. Á hvaða sviði sem Lögmál Takmarkanna vinnu á, er ávallt hægt að umbreyta því með viðbótarvídd við vitundina. Þetta er leyndardómurinn við að stjórna Lögmáli Takmarkanna.

Lögmál Takmarkanna gerir kleyft að reikna út þær aðstæður sem eru til staðar þegar verkefni er unnið. Ef þú ákveður hverjar þær eru, mun þær stjórn þér, en ef þú getur hækkað vitund þín á það svið þar sem hægt er að skynja þær í samræmi, af hverju þær samanstanda og afmarkað þá þætti við sviðið, tengt þá við alheiminn með því að sjá fyrir þér tengsl allra hluta við heildina, með þessa kosmísku mynd í huga, er hægt að endurskoða endanlegan þátt hugmyndarinnar og nálgast hana frá annarri og hærri vídd, en samtímis að nýta Lögmál Takmarkanna til að afmarka efnið sem fengist er við, til að upphefja takmarkanirnar.

Þessari aðferð er hægt að beita, ekki aðeins til að höndla sérhvert verkefni eða málefni, heldur einnig til að byggja líkama fyrir holdgun og stjórna karma í holdgun, því, þó við sjáum ekki nema einu sinni fyrirhuguð örlög okkar í tengingu við Kosmosinn, höfum við náð tökum á örlögum okkar. Sálin sér það ávallt, því hún hefur kosmíska tengingu gegnum logóíska innprentun í Guðlega neistann, en

lægra sjálfíð í sínum jarðnesku tengingum, sér alla hluti í „fæðingu“ og „dauða“, „upphafi“ og „endi.“

Svo lengi sem vitundin dvelur í skilningsvitunum, sér hún hlutina frá sjónarhorni þeirra, í „sársauka“ og „ánægju“, „upphafi“ og „endi.“ En þegar hún er hafin upp til kosmískra þátta, mun hún sjá alla hluti í tengslum við þróunina—eftir kúrfunni sem gengur allan hringinn, ekki eftir beinni línunni, sem er skipting í endanleikanum.

Dyggð Lögmáls Takmarkanna er Persónubirtingin, dyggð Lögmáls kosmískrar náttúru er einstaklingsvitundin og stigin frá Persónubirtingu upp til Einstaklingsvitundar hefur sjö stig og þau eru „Hinir Sjö Dauðar“, því það er Lögmál Takmarka sem færir okkur fæðingu, en Lögmál Dauðans færir okkur lífið. Því fæðing er dauði, en dauði er fæðing. Allir eru fæddir „blindir“, sem miskunnar þeim að vita að þeir eru dauðir. Þú skilur ekki að þitt svið er svið dauðans og okkar svið* er lífsviðið. Þeir sem eru í efninu eru í gröfni, þeir eru dauðir og grafnir. Dauði og vígsla skila sama árangri, því er það að allar vígslur hafa tákni dauða og greftrunar.

Munum ávallt að á efnissviðinu þýðir dauði og tap, frelsi og uppris. Eignir eru eins og mold sem er mokað yfir lík. Lærðu því að líta niður á dauða líkama þína og nota þá í lífi þínu, en gera ekki þau misstöð að lifa í þeim.

Það er mjög gagnlegt að getað notað vitundina í jarðlífinu, en mjög vont að verða fjötraður af aðstæðum þess heims. Þér er haldið í jarðneska lífinu af tveim þáttum—hræðslu og löngun.

Vígsla gerir þér kleyft að lifa á okkar ** sviði, en samt sem áður tengdur heilavitundinni. Það er því þess vegna sem sem „gráðurnar“ kenna:

Fyrsta; að yfirvinna langanir,
í öðru lagi; að yfirvinna ótta
og í þriðja lagi, um dauða og upprisu.

Með því að þekkja Lögmál Takmarkanna og umbreyta því, getur þú notað það. Þegar þú hefur afmarkað markmiðið sem þú hefur sett þér og séð það í tengingu við Kosmosinn. Með því að sjá kosmísku frumgerðina, dregur þú orku inní hugmyndina og með því að afmarka formið sem löngun er til að birta, muntu fókusera orkuna.

* Sálarsviðið.

** Gráður = Framstig; orðatiltæki sem er notað í hefðbundinni aðferð að klifra „stiga hinna sjö þrepa.“

KAFLI XXVI

LÖGMÁL DAUÐANNA SJÖ

Lærum nú um þýðingu dauða.

Fyrsti dauðinn. Eins og áður hefur verið sagt, þegar tvær hreyfingarlínur mætast verður til hringiða. Þegar það gerist verða þær óvirkar sem hreyfingar og og breytast í stöðugleikamiðju. Þetta er Fyrsti dauðinn.

Annar dauðinn. Athöfn og viðbrögð eru jöfn og andstæð á sviðinu sem var upphaf þeirra. Þau verka, gagnverka og halda áfram að birtast í hringformi. En þegar þau ummyndast af einu sviði á annað, hætta þau að birtast á fyrsta sviðinu og birtast í öðru formi á næsta sviði. Ef þessi færsla er skoðuð frá upphafssviðinu er hún kölluð dauði. Ef hún er skoðuð frá móttökusviðinu er hún kölluð fæðing.

Ef þróunarbreyting er skoðuð frá frumstæðari hlið er litið á það sem dauða. Ef hún er skoðuð frá þróaðra stigi er litið á hana sem fæðing. Þessi fæðing er Annar dauðinn.

Við skulum skýra þetta með dæmi. Lífið hefur þróast fram yfir hæfileika lægri forma til að tjá sig og því byggt sér hærri form. Steingervingar eru til af yfirgefnum lægri formum. Þeir dóu, kynstofn þeirra eru útdauður, þeir eru ekki lengur til, en lífið hefur getað endurfæðst í þróaðri líkama. Lífið þarf að getað yfirgefið einfaldara form til að komast í flóknara form, þó vitundin sem er á sviði einfalda formsins sjái það sem hörmungar, því hún getur ekki skilið herra líf og sér sína

eigin brottför ummyndast, en vitundin sem á hærra stigi sér það sem fæðingu nýrrar birtingu og fagnar, því hún sér möguleika á meiri tjáningu.

Þriðji dauðinn. Hver einstaklingsvitund lifir til að deyja og deyr til að lifa. Það er aðeins með dauða sem við getum notið ávexti lífsins. Við þjótum um velli jarðarinnar og svo leggjumst við niður á himnavöllum og meltum reynsluna. Það er sagt að „fyrir einnar stundar skoðun þarf þriggja stunda hugleiðslu.“ Lífið er skoðunin og dauðinn er hugleiðsla sálarinnar.

Ef þú aðeins „lifir“, fer öll reynsla gegnum vitundina og skilur eftir lítil hughrif eftir að fyrstu myndirnar fylltu allt mögulegt pláss. Allt mundi verða hart, ótengt, ósamhæft; í hugleiðslu, sem er „dauði,“ er óhlutbundni kjarni lífsins dreginn út og í stað milljón mynda, verður eftir óhlutbundin hugmynd. Lærið að treysta dauðanum. Lærið að elska dauðann. Lærið að treysta á dauðann í daglegu lífi og gerið reglulegar æfingar í að sjá sjálfa ykkur látna og skynja hvernig þið séuð þá, með þessu byggið þið brú milli lífs og dauða, með því verður auðveldar að ganga þann veg. Sjáið ykkur sem látin og skoðið örlög ykkar. Sjáið ykkur látin og haldið áfram að vinna frá því sviði. Þannig á að byggja brú sem leiðir okkur handan hulunnar. Brúum hyldýpið milli þess sem kallað er líf og dauði með þessari aðferð svo menn hætti að óttast dauðann.

Fjórði dauðinn. Talan fjórir er „tenging“. Fjórði líkaminn sem er hæsti þáttur persónuleikans tengir hann við einstaklingsvitundina og fjórði dauðinn er kallaður „tengingin“—„fræðslan“ eða einnig þekktur sem „svefn.“ Svefn er dauði í smámynd, eins og dauðinn er hin meiri svefn og þekking á eðli svefns hjálpar til að útskýra dauða. Eðli svefns er ekki nægilega skilin. Hughrifin sem vökuvitundin fær úr svefninum er villandi. Í svefni er jarðneska sviðið ótengt frá öðrum sviðum og sálin því frjáls og laus undan áhrifum skilningsvitanna fimm og því segjum við

„þau sofa og eru aðgerðalaus“, en einstaklingsvitundin er vakandi og starfsöm. Í vökulífi er sálin sofandi og í svefnlífi er sálin vakandi. Það er regla fyrir flesta, en það koma tímar í þróuninni hjá sumum að persónan er hæf til að sálin tjái sig í gegnum hana. Það krefst mjög þroskaðra persónu og mjög þroskaðrar sálar. Einstaklingsvitund eða sál er tilvitnuð í heilagri ritningu sem „Engill sem ávallt horfir á andlit guðs.“

Á meðan á vökulífi líkamans stendur er tilgangur Einstaklingsvitundarinnar að vinna úr þeim beinu áhrifum sem berast þaðan í lægri sálina. Þegar hún er ekki lengur þannig tengd, verður hún hlutlæg á sínu eigin sviði og horfir á „andlit föðurins.“ Hún ber sig við guðlegt stig og lagar sig að því eins og er á hennar valdi, en aðlögun andans er eilíf og mælist í líftíma himinsins.

Lítt þróuð sál fellur ekki í algleymi í svefni, en er, upptekin af óuppfylltum löngunum, og bregst við hugformum sem verða til við þessum langanir. Hana dreymir drauma sem eiga uppruna sinn í þessum löngunum og frá eðlishvötunum. Sálin er ekki frjáls og í stað þess að horfa á „andlit föðurins sem er á himnum“, horfir hún á mannlegt form og þroskast því í þeirri mynd. Sálin getur ekki starfað á sínu sviði og þroskast ekkert, persónan verður þannig ýktur persónuleiki sjálfs síns. Þriðji dauðinn getur aðeins komið sálinni úr þessu ástandi og gert henni kleyft að halda áfram, en ef þriðji dauðinn nægir ekki til þess, mun lægri sálin halda áfram að dreyma á tilfinningasviðinu. Það leiðir okkur að fimmta dauðanum.

Fimmti dauðinn er dauði persónuleikans. Þegar persónan hverfur úr líkamanum við dauðann, heldur hún áfram að vera til, maðurinn er ekkert vísari og „heldur áfram að gegna nafni sínu.“ Í lægra helvíti brennur hann af löngunum þar til að allar langanir er útbrunnar. Langanir halda aðeins áfram sem afstæðar

hugmyndir og eru hluti af sálinni. Hann deyr þannig lægri hvötum en heldur áfram að lifa til æðri langanna.

Hann lærir að þessar langanir gera hann dauðlegan, hann finnur að þær eru tálmi milli hans og föður á himnum og hann fær löngun til að flýja þessar langanir. Hann elskar ekki lengur sem persóna, heldur æskir æðri elsku, sem er kærleikur sem elskar enga persónu né hluti, heldur er vitundarástand sem umvefur allt. Hann leitar frjálsræðis frá lægri elsku og það er þessi löngun, að losna frá því sem er gott en endanlegt, til að skilja það góða sem er óendanlegt, sem veldur fimmta dauðanum og hann fæðist inní vitund sálarinnar og lifir á hennar sviði og skynjar “andlit föður síns sem er á himnum.“

En vökulöngunin verður aftur draumurinn og með draumnum kemur ákall efnisins. Andinn, horfir á andlit föðurins þar til vitundin þreytist af birtu hans, lokar augunum og sofnar. Í svefninum dreymir hann um ófullnægðar langanir sínar og fæðist að nýju, því í löngunum er vitundarstigið staðurinn, vegna þess að löngunin ræður og því endurfæðumst við. Þannig skapar maðurinn sitt eigið karma.

Eðlilegt er að spurt sé, hvers vegna maðurinn skapi sjálfum sér þjáningar og takmarkanir sem hann hafi ekki þráð? Það er vegna þess að hann uppsker ekki ávexti ímyndana sinna, heldur ávexti raunveruleikans. Honum er færður *árangur þess sem hann hefur leyft sér að þrá, en ekki það sem hann þráði*. Sem dæmi—maður sem þráði völd uppsker hégóma. Til að öðlast völd verður maðurinn að þrá eiginleikanna sem veita völdin, styrk, framsýni og visku. Maðurinn sem þráir völd skapar með sér vitund eigingjarnar sjálfselsku, maðurinn sem þráir styrk, framsýni og visku skapar með sér visku valds.

Sjötti dauðinn er leiðsluástand. Í slíku ástandi sefur líkaminn er sálin er vakandi. Hún er starfsöm á sínu sviði. Hún getur starfað á sviði lægri þátta sinna, eðlishvatanna, með líkamann í bakgrunni. Eða hún getur starfað á sviði hærri þátta sinna—með hugann og tilfinningar í bakgrunni. Í venjulegri sálfræðimynd sýnir vitundin atburði innri heimanna eins og í töfraspegli, þar sem athyglin ræðst af tilfinningastöðu mannsins.

Þegar sálarvitundin hefur athyglina í eðlishvötum og ástríðum í bakgrunni, er vitundin flutt inní eterlíkamann til að hann geti starfað sem líkami fyrir ástríðurnar, þá sjáum við það birtast í lægri töfrum, göldrum, hættuleg og ill í allri birtingu, niðurlægjandi fyrir persónuna, því lífinu er lifað í efninu, en ekki andanum. Lifið lífinu með guð sem bakgrunn og vegið allar gjörðir ykkar við haf himinsins og metið þær í kosmísku ljósi, þá sérð þú syndir þínar sem miklar og mistök þín verða mjög smá.

Sjöundi dauðinn er tálsýn. Í sjöunda dauða flyst vitundin frá persónuleikanum og verður ein með einstaklingsvitundinni og maðurinn horfir ætíð á föðurinn sem er á himnum, jafnvel þó hann ferðist til jarðarinnar. Þess vegna er hin upplýsti vígsluhafi ekki eins og aðrir menn. Fullnaðarvígsla er lifandi dauði.

Þeir sem þrá hluti skynfæranna og gæði lífsins nota orðin „lifandi dauður“ til að lýsa þeim hörmulegu örlögum sem geta hent menn, en þeir sem hafa þekkinguna, vita að „lifandi dauði“ þýðir frelsi andans á efnissviðinu. Það þýðir vitund „varanlegrar verundar“ í lífi skilningsvitanna. Það er æðri meðvitund í lífi á jörðu. Því gengst vígsluþeginn við lifandi dauðanum, sem er frelsi í líkamanum, því dauði yfirvinnur Lögmál Takmarkanna, frelsar eiginleika andans, gefur blindum sjón og afl til þeirra hjálparþurfi. Það einskinsverða sem við þráðum í lífinu, skiljum við í dauðanum, því dauði er lífið og lífið er dauði.

Fyrir meiri vitund, móðurlegið er gröf og gröf er móðurlegið. Hin þroskandi sál, sem gengur inní lífið, kveður vini sína sem syrgja hann, tekur hugrekkið báðum höndum og mætir hinni miklu áskorun og gefur sig á vald þjáningu, gengur inní lífið. Fyrstu viðbrögð hans eru að draga andann. Önnur viðbrögð hans eru við þann andardrátt, grátur, neyðarkall, því hann kemur til átaka lífsins sorgmæddur, en markmið hans í lífinu gera lífið bærilegra. En þegar hann kemur í gröfina gengur hann um hlið inní meira vitundarlíf og þegar vígsluhafinn gengur inní það vitundarlíf, gengur hann gegnum hlið sem táknar dauðann og með dauða langanna sinna öðlast hann frelsi og sem dauður gengur hann á meðal manna. Í dauðanum í lífinu, sem er frelsi andans í böndum holdsins, umbreytir hann Lög máli Takmarkanna, sem dauður er hann frjál, sem dauður fer hann með kraft á meðal manna sem grafnir eru í holdinu og þeir sjá ljósið skína umhverfis hann og vita að hann er dauður, því ljósið getur ekki skinið gegnum hulu holdsins. Meðan vitundin er í jarðvistarlíkama, getur ljósið ekki skinið gegnum á vitund, en þegar vitund er ekki í jarðvist, lýsir ljósið gegnum hana. Ef ójarðnesk vitund er enn í líkama, þá skín ljósið gegnum efnisheiminn og uppljómar menn. En munið þetta og hugleiðið—hinn uppljómaði vígsluhafi er dauður maður sem stjórnar líkama sínum svo hann geti þjónað þeim sem hann gæti ekki annars nálgast.

KAFLI XXVII

LÖGMÁL ÍHLUTUNAR

Aðferð rétrar íhlutunar er lítt skilin, því hún snertir innri meginreglu pólnar.

Íhlutun má skilgreina sem aðferð til að færa orku finni sviða til þéttari sviða á innþróunarboanum. Það verður að skilja frá niðurþrepun. Hún er svipuð aðgerð á þróunarboanum. Við tölum um niðurþrepun og upplyftingu orku á útþróunarbrautinni og íhlutun og sundurgreiningu á innþróunarbrautinni. Mikilvæg hugmynd er varðar gott og illt er falin í þessari skilgreiningu. Íhlutun er því aðgerð til að efla orku á „formþátt“ þróunar.

Við verðum að muna að lífstraumur streymir frá Logosnum og verður að koma niður í efnið til að skipuleggjast og þegar hann hefur mótað formið með innlokun í efninu, notar hann það form sem mót, eða strangt til orða tekið, sem grunnmynd (fyrir hið finna umhverfis það þetta) og þegar sú efnisgrunnmynd hverfur, viðheldur það finna, forminu við eins og það var, því kerfisspennan er orðin vani.

Aðferð upplyftingar er að aðskilja þetta efnið frá því finna, en aðferð íhlutunar er að læsa tvö snertiöfl í efnishnútt. Þetta er eins og þú sást sem aðferð í sköpun á atómum.

Aðferð íhlutunar er byggð á Lögmálum aðdráttarafls og miðflóttafls, og pólnar, í allri útfærslu hugmyndarinnar um póln setur það Lögmál Íhlutunar í gang, því póln kveikir á íhlutun, íhlutun ræðst af póln þegar sameining á sér stað lárétt og klofningur á sér stað lóðrétt.

Meira hefur verið sagt en þú getur skilið.

XXVIII KAFLI

LÖGMÁL PÓLUNAR

Það er ómögulegt að íhuga Lögmál Pólunar án Lögmála aðdráttarafls og miðflóttafls, pólun hefur grunn sinn í þessum tveim lögmálum. Það veltur á aðdráttarafli miðjunnar eða ummálsins hvort neikvæðir eða jákvæðir þættir orkunnar eru ríkjandi.

Aðdráttarafl miðjunnar er neikvætt en aðdráttaraflið að ummálinu er jákvæði þátturinn, það eru þessir tveir þættir pólunar sem framkalla hringráð orkunnar. Hér sérð þú frumgerð sem samsvarar jákvæðum og neikvæðum þáttum kosmískra dægra. Stafbrigði af þessu sést í vafningsstaf Merkúrs. Þar sérðu svarta og hvíta höggorm jákvæðrar og neikvæðrar þátta vefja sig frá hið til hliðar um stafinn. Ef við setjum þetta í jarðneskt samband, þá tákna stafurinn geisla og svart og hvít höggormurinn jákvæða og neikvæða þætti í lífsbylgjunni.

Það er annar þáttur í pólun sem tengist hópmyndun. Hópvitund er neikvæð, eða kvengerð. Hún krefst örvunar af jákvæðri orku áður en hún getur orðið skapandi. Þættir sem vinna á finni sviðum er jákvæðir á það sem vinna á þéttari sviðunum. Skynji vitund tilgang hóps á herra sviði en það sem hópurinn er á, verður það jákvæð orka fyrir hópinn og verður því frjósöm fyrir hann. Þegar frjósemi hóps á sér stað fær hver og einn meðlimur hans nýja hugmynd og fæðir af sér skapandi verk á efnissviðinu. Þeir hafa því skynjað það sem leiðtogi hópsins gat af sér og munu því vera á sama stigi og hann. Með því að hafa skynjað sömu hugmynd eru þeir á sama pól og leiðtoginn og hann geta því ekki lengur gefið

þeim sem hóp skapandi örvun. Þetta útskýrir ris og hljóðnun sem hópar ganga í gegnum, tímabil hljóðnunar er ekki endilega dauði.

Þú munt taka eftir að gegnum alla lífbirtingu er samvinna tveggja þátta nauðsynleg fyrir alla „formmyndun“. Afl, hins vegar, vinnur sem eining því pólun þess er í Logosnum.

KAFLI XXIX

LÖGMÁL AÐDRÁTTARAFLS YTRI GEIMS

Þegar Lögmál aðdráttarafls ytri geims er skoðað verðum við fyrst að spyrja af hverju það lögmál getur verið sterkara en aðdráttarafl miðjunnar. Til að skilja þetta vandamál, verðum við að íhuga ákveðna grunnþætti sólkerfisins sem áður hefur verið lýst.

Lógóíska vitundin sem hefur náð jafnvægi og fullkornun og náð að raungera það sem hún hafði hugmyndað, heldur áfram og setur fram fleiri hugmyndanir og leitast við að raungera þær.

Þessar mótuðu hugmyndanir í lógóísku vitundinni halda áfram inní flókna samhæfingu (og meðtekin þar með inní þróunarfasa birtingarinnar), eða, með annarri hugtakanotkun; færðir út og niður svið birtingarinnar. Þessir vaxandi lógóíska flæði birtist sem þróunarpúlsar og Logosinn gefur þeim þrýstiafl sem ákvarða formin, blæs í þau líf.

Það er ávallt markmið „viljans“ að starfa óháð aðstæðum, eins og það er ávallt tilhneiging „formsins“ að setja hinu óbirta tilteknar aðstæður og „ lífs- vilji“ Logosins kemur ávallt inní hið mótaða form, sem, eins og það er, þrýstir sjálfu sér áfram niður sviðin, er „fangað“ af forminu, en í seinni lógóískum lífs- fösum getur viljinn ekki verið óháður aðstæðum, allar athafnir eru ákvarðaðar af aðstæðum sem þegar eru fyrir hendi og „lífsvilji“ Logosins, sem er líf hins birta

sólkerfis, verður að laga sig að aðstæðum og bindast í form. Af því kemur hugtakið „stríð anda og efnis.“

„Lífsvilji“ Logosins tjáir sig gegnum seinni formfasanna þar til þéttasta efninu hefur verið náð. Hann getur ekki mótað birtingu sína frekar og leitast við að frelsa sjálfan sig úr viðjum formsins og halda áfram—að líkja eftir kosmosnum—á þeim svæðum etersins sem ekki hefur verið afmarkaður og mótaður af hinum guðlega upphafsvilja.

Fyrst leitast mótaða lífið við að verða ómótað, sem myndaði fyrsta hvatann—sem sendi það út í ytri geim.

Í öðru lagi er eðlileg tilhneiging til jafnvægis og einnig innan sólkerfisins- aflana sem eru undir miklum þrýstingi að dreifa sjálfum sér út í sambærilegt lofttæmi ytri geims.

Í þriðja lagi er þessi mynd af Penumbra, gráskyggnumni—öll þau mót sem voru afmynduð í formgerðinni—allar þær þróunarhugmyndir sem mistókust í að raungerast—allir vannýttir kraftar og sálir sem mistókst verk sín og var hafnað af einstaklingsvitundum sínum—allt það í raun sem þörf er á að hafna úr lógóískri vitund og hefur ekki verið sundrað út úr innri skel Hring-Takmarkanna, er til staðar eins og mynd sem endurspeglast í eter geimsins og má myndrænt skilgreina sem ytra yfirborð Hring-Takmarkanna (mitt á milli þess og Hring-Óreiðu sólkerfisins) og má sjá þar óljóst.

Hver vitund sem ferðast niður í neðri lög efnisins mun greina handan hins mikla gaps sem Hring-Takmörk sólkerfisins eru, endurspegladar myndir af öllum þeim óuppfylltu vonum og gagnlausu tilraunum í birtingunni—og þegar þær þráðu krafta sem mundu hafa getað komið þeim inni birtinguna, kölluðu þær yfir gapið til hvaða frumafis sem var skylt þeim og sýna sig við mörkin, svo er einnig með

öll þróunaröfl, hvort sem er í sólkerfinu eða einstaklingi, að þegar leitað er í grunninn og lítið yfir hið mikla gap, sem myndað er af kosmísku lögmáli, og þau sjá myndir af sínum vonlausu draumum sem lofuðu uppfyllingu, freistast þær til að halda áfram á þessari útgöngubraut, sem hið guðlega hreyfiafl hafði myndað, en með sínu eigin hreyfiafli að stökkva yfir það mikla gap, inní frelsi ytri geims þar sem engin lögmál ráða og menn eru guðir.

Þegar vitund er laus undan birtingu í sólkerfinu og upphafin lögmálinu (þar sem lögmálinu er fullnægt í algjörri hlýðni), verður hún miðjukjarni nýrrar logóískar sólar, þetta er leyndardómur Guðdóms. En þegar vitund sem hefur ekki uppfyllt lögmálið og flýr það, er hún óheftur vilji, þetta er leyndardómur þess illa (jákvæður), persónugerður djöfull. Þessi freisting lámennskunnar kemur til allra á þróunarbrautinni.

Frá hinu guðlega á útgönguboganum verður lífið að komast niður í grunninn og þegar það hefur snert hann og náð hámarki orku sinnar, verður það að hafna freistingum þeirra langanamynda sem speglast frá ytri geimnum og feta sig til baka með auðmýkt til uppruna síns, ná þeim skilningi að frelsi er ekki náð með því að flýja takmarkanir eða aðstæður, heldur með laga jafnvægið að fullkomnu samræmi.

Þegar samræmi andstæðra krafta er náð er formið staðlað og getur haldið áfram að þroska samsvarandi vitund og sálartengt lífið dregur sig til baka uppá hærri svið og ber með sér viðbragðaeiginleikanna sem náð var á lægra sviðinu en er ekki lengur bundið af aðstæðum þess sviðs. Um þetta verður fjallað betur í síðari fyrirllestri.

Aðdráttarafl ytri geims er því aðdráttarafl af ómótuðu afli, það er freistingin að flýja frá lögmálunum sem hafa byggt okkur upp og nota krafta sem falla undir þau

lög mála án sambærilegrar ábyrgðar. Það má sjá sem dæmi í lífi manns sem nýtur allra kosta háþróaðrar menningar en gefur af sér markmið og hugmyndir vanþróaðrar tilveru.

Aðdráttarafl ytri geims er freisting til að brjótast frá þróuninni og kosmískum lögmálum til að vera sem guð. Slíkir guðir eru þeir sem eru dýrkaðir í helgiathöfnum djöfladýrkunar.

KAFLI XXX

LÖGMÁL AÐDRÁTTARAFLS MIÐJUNNAR

Lögmál aðdráttarafls miðjunnar hefur í sér leyndardóm kærleikans. Í því felast þrír þættir:

—Fyrst tengt þróuninni, annað tengt vígslu, þriðja í tengslum við afturþróun og Vinstri-handar brautinni.

(1) Í tengslum við þróunina

Þegar lífsformin hafa náð sínu mesta mögulega í efnislegri skipulagningu, byrjar sameiningin. Hún næst með samþættingu meginreglna á hærra sviði og þegar það er tryggt, byrjar afþróun efnislega formsins. Þetta markar yfirfærslu yfir lástöðu þróunarbogans.

Við skulum skoða þessa hugmynd betur. Hugmyndir um lífstjáningu hafa þróast meira hjá verum á hærra stigi en lífsformið sem um er rætt, þeim er varpað inn í eterríkið þegar þau nálgast efnisbirtingu, og í hinni sveigjanlegu etergerð eru þau mótuð og það verður grunnur að síðara efnislega formi.

Lífsformin, neydd til að hringrás í efnisformunum, þróa einskonar segulsviðsspennu. Þegar það hefur þróast er hægt að fleygja efnisforminu og spennan verður eftir sem eterískt mót. Þannig fara upphafshugmyndirnar í gegnum birtingarsviðið inní efnið og verða mótaðar hugmyndir.

Það eru margar mismunandi aðferðir notaðar til að ná sama árangri og þó hver þeirra eigi sína mótun í mismunandi upphafshugmyndum—ólíkar tilraunir til að vinna hönnunina —er mótaða hugmyndin í fullkomu verki sú sama hjá öllum. Svo það sem var margfeldi í upphafi, þróaðist í fullkornun og úr varð eining.

Einn er táknið um fyrstu birtingu, eða það algjöra (Absolute.) Hvað sem dregur margfeldi saman í einingu—hið „þétta og flókna“ í það „einfalda og afstæða“ nálgast miðjuna. Það að nálgast miðjuna er ekki hreyfing í geimnum, heldur sameining.

Takið eftir mismuninum á sameiningu og einföldun, því það er vísbending um margt. Sameiningu er náð með þróun en einföldun er náð með afþróun. Sameining er endanlega samhæfingin—einföldun er hin endanlega greining eða endurgerð.

Annar er framfarir til endanleika, hinn er afturför til upphafsins.

Hugmyndin um að snúa aftur til miðjunnar má líta á sem framlengingu af miðjunni, því þegar það á sér stað stækkar miðjan, okkur er kennt að það sé takmark þróunarinnar að snúa aftur til miðjunnar. Ef þessi hugmynd er hagleidd er hægt að sjá að með því að snúa til baka hefur þau áhrif að miðjan þenjast út, því ef allt það ytra verður hið innra, munu mörk miðjunnar færast út. Með sanni má skilja, að snúa til miðjunnar þýðir að hún þenst út að ummálinu og allir hlutir eru í miðjunni. Það gefur í skyn að öll svið verða andleg.

Slík hugmynd felur í sér tvo þætti—„form“ - og „orku“ þætti. Orkan dregst frá ummálinu og flæðir að miðjunni. Því fylgir að miðjan verður að mæta þeirri orku og flæða út á móti. Þannig er það að efni hvers sviðs sem orka þess hefur verið dregin frá, er endurmótuð af áhrifum stækkandi miðju, í formi þess sem ræður ríkjum á sjöunda sviði.

Þessi orkuflutningur úr efninu markar lok kosmísk dags og byrjun kosmískar nætur. Útflæðið frá miðjunni er verk kosmískrar nætur—leyndardómur kosmískrar nætur hefur aldrei áður verið upplýstur.

Flæði hreins anda yfir öll efnissvið, á sér stað á kosmískri nóttu og öll frumform sem eru til staðar verða áfram til sem mótuð segulsviðsbönd, en án lífs, án endurholdgunarþáttar og því laus við allt minni, og í lok kosmískrar nætur hefur andlega fallið gengið yfir og skilið sviðin tóm við kosmíska döggun. En formin sem andlega fallið gekk yfir, hafa verið aðlöguð kosmískri spennu og þar með hafa allar illgerðir verið leiðréttar.

Þetta er hreinsun efnisins sem á sér stað milli hvers kosmísks dags og hlutleysir öll tregðuöfl og þar sem tregðuöflin eiga uppruna sinn í Lögmáli Takmarkanna og það lögmál á rætur í kosmískri neikvæðni, sérðu þýðingu verksins á kosmískri nóttu og sérð einnig dýpri þýðingu hugtaksins „Öfl Myrkursins.“

Það er nauðsynlegt til að þú skiljir dýpri vísbendingar dulspeki, að þú sjáir að myrkrið gengur gegnum ljósaskiptin til dögunar og dagurinn gengur gegnum ljósaskiptin inní myrkrið. „Gott“ og „Illt“ má skilja sem svæði Ljóss og Skugga sem hringsnýst og hið „Illa“ hefur sitt verka að vinna eins og hið „Góða.“ Guð ljóssins og Guð Myrkurs eru athafnir hægri og vinstri handar Föðurins. Hægri höndin gefur og sú vinstri tekur til baka. Sú hægri gefur það sem verður að verða, en sú vinstri tekur til baka það sem verið hefur. Sú hægri sendir í birtingu og sú vinstri laðar hana til baka, en þú, er þú lítur í spegill kallar hægri, vinstri og vinstri, hægri.

Aðdráttarafl miðjunnar á sér stað á brautinni til baka og verði þetta aðdráttarafl sett af stað of snemma veldur það því að lífið flæðir til baka til fyrri þátta. Það orsakar afþróun lífs fyrr en afþróun formsins á sér stað. Þegar þetta bakflæði á sér stað í tengslum við lífið, sjáum við þróun á við sníkjudýratilvist. Það útskýrir bakteríusýkingarvanda; aðrar lífsgerðir sem eru niðurbrotsverur eru alls ekki af þessari þróun, heldur starfa undir stjórnríki „Drottna hins Dökka andlits“ og eru meindýr guðanna.

Þú sérð af framansögðu að afturhvarf til miðjunnar þýðir dagslok birtingarinnar og þegar dagsljósið dofnar flæðir andlegt myrkur hins óbirta yfir efnissviðin. Þetta þarf ávallt að hafa í huga þegar þessi vandamál eru skoðuð, því þegar ljósið dregur sin frá ytri straumi efnis, byrja andlegu áhrifin að að flæða út frá innstu kjarnarás andans og þessi ferill heldur áfram þar til allt ljós hefur slokknað og hreinsandi vatn myrkursins hefur algjörlega flætt yfir hjámiðjuhringi birtingarinnar og jafnhliða á sér stað umbreytingarstig er Vötn Myrkursins (nafn sem táknar andlegan frið, hreinsun og endurnýjun), hefja undirbúning að nýju lífi. Þessi vötn síast gegnum birtingarsviðin svo að það séða rennur saman við hinu óséða. Þetta færir okkar að öðrum þætti Aðdráttarafls miðjunnar —spurninguna um vígsluna.

(2) Í tengslum við vígslu

Þær verur sem hafa snúið til baka að miðjunni að lokinni þróun sinni, flæða út að nýju sem undanfarar skugga andans. Þeir eru vígslugjafarnir. Þeir hafa sjálfir náð þróunarframförum og verið innvígðir af þroskuðum verum fyrri þróunar á þeim sviðum þar sem þeir vígðust; drottnum hvers sviðs, fullkomnum ávexti þeirrar þróunar sem náði hástigi á því sviði. Þetta eru vígslugjafar hveggar þróunar, þar til þeir sem vígjast og hafa sjálfir farið í gegnum ljósið ganga fram að nýju.

Aðeins athafnir sem héldu áfram frá yfirborðinu niður í neðri lög sviðsins og vötn endurnýjunar náðu að streyma í gegnum sprungur og rifur móttækilegrar vitundar tiltekins sviðs gera það kleyft að vígsla getur farið þar fram. Því er það að á þessu stigi, að hin mikla uppljómun getur aðeins átt sér stað utan líkamans, því í þessum þróunarfasa hafa vötn endurnýjunar ekki enn náð jarðneska sviðinu.

(3) Í tengslum við afturþróun

Þriðji þáttur Aðdráttarafl miðjunnar er afturþróun, eða hvernig vinstri-handar leiðin nær til vitundarinnar.

Í tengslum við þróun, þýðir afturþróun afturköllun lífs úr hvaða formgerð sem er og upplausn formsins. Segulkerfismótin sem lífið hafði myndað í formunum verða því einungis tómar skeljar á undir- etersviðinu. Þær verða að bíða hreinsun Vatna endurnýjunar sem flæða út við kosmíska næturfallið.

Engu að síður gerist það að sálir sem eru nægilega þroskaðar og hafa náð því stigi að finna Aðdráttarafl miðjunnar á endurgöngubrautina, en hafa ekki nægilegan þroska á ákveðnum þáttum til að vera tilbúnir til frekari þroska þar sem þeim hafa ekki lokið innþróuninni að fullu, kunna að velja að fara veginn að miðju áður en þeir ná sínu lástigi. Þeir munu þá fara gegnum sviðin þaðan sem lífi þeirra lauk og tóm segulmótin bíða komu kosmíska næturfallsins. Þessar sálir munu því ganga inní þessi skeljasegulumót, sem eru frumstæðari í tjáningu en hæfileiki sálar þeirra. Það getur útskýrt margt ef það er hugleitt.

En þegar þessar sálir hafa vaxið úr eða eyðilaggt þessar skeljar (og þar með komið í veg fyrir síðar þróun) og halda áfram afturþróunarbraut sinni, kemur að því stigi að það eru ekki til fleiri formskeljar til að móta sig í og geta því ekki lengur viðhaldið formi til að birta sig í og munu hverfa inní óskipulögð frumöfl

efnisins og eru ekki lengur hæf til góðs eða ills. Þetta er leið vinstri-handar leiðarinnar.

Þróunin á hægri-handar leiðarinnar er náð við afturköllun fullkomins lífs úr forminu þar sem, sameiningarþáttur forms er hannaður til að tjá upplýfting meginreglna í hugmyndir og raungerð hugmyndanna frá logóísku vitundinni. Þetta er leið þróunarinnar á Hægri-handar leiðinni.

Af þessu má sjá að kjarni þróunarinnar er sameining og birting þessa sameiningarþáttar á sviðunum er kærleikur. Hvort sem kærleikurinn er vitundarleg samúð á hinu þétta hugarsviði eða efnisleg sameining á efnissviðinu, er kærleikur í öllum sínum myndum, tákn Logosins sem eitt.

Markmið þróunarinnar er að gera alla hluti að einum og á birtingarsviðunum eru tveir þættir sem gera alla hluti að einu—Dauði og kærleikur. Dauði er birting vinstri-handar leiðarinnar og kærleikur birting hægri-handar leiðarinnar. Hver sá sem elskar, hversu dauf hugmynd hans um kærleika er, birtir sameiningu og hún er tilgangur þróunarinnar. Guð er eining. Kærleikur skapar einingu—þess vegna er það satt sem sagt var „GUD ER KÆRLEIKUR“

Hver sem tjáir kærleik birtir andann, sem er eining. Að aðskilja er að vera dauður. Kjósum því kærleikann og lífið.

I I. ÞÁTTUR

Viðbótarefnið sem hér er sett fram hefur sama uppruna og fyrri fyrirlestrar en sett fram nokkrum árum síðar. Þó efnið hafi í mörgum tilfellum skírskotun til fyrri kafla stendur það sem almenn skírskotun til efnisins í heild og bætir við gagnlegum útskýringum við efnið í bókinni. Almennt má segja að það hafi meiri skírskotun í fyrstu tuttugu kaflanna er þá síðari, en að sjálfsögðu er þetta viðbótarefni gagnlegra eftir því sem skilningur á efni bókarinnar er meiri.

(I)

Hvert kosmískt atóm hefur í sér orku tveggja geisla sem mynda frumhringiðu þó það síðar fylgi aðeins braut eins geisla. Þessi tveggja geisla orka eru neikvæði og jákvæði þátturinn í hringiðunni, sá neikvæði í dvala og stendur fyrir einskonar undirmeðvitund. Skoðun á „geislagerð“ einstaklings kallar á stjörnumerkjalestur — mun flóknari og dýpri en sá stjörnuspekilestur sem nú er stundaður.

(2)

Logadrottinn og Hugardrottinn hittast ekki á sviðunum í yfirferð fyrstu þriggja hópanna, en það eru síðari ferlar það sem Logadrottinn sem slíkir geta runnið saman við Hugardrottna og þannig orðið á allan hátt Hugardrottinn. Slíkan ferill er mjög erfitt að útskýra, það á sér stað einskonar upptaka svo að segja, á vissan hátt sambærilegt við samruna sálar við háþróaða persónu sína í jarðvist, en þó ekki eins. Hugardrottinn sem kýs að taka að sér ákveðið verk Logadrottins, drekkur í

sig „reynslu“ hans á sama hátt og sálin drekkur í sig reynslu persónunnar (en í þessu tilfalli er samanburðurinn á hinn veginn þ.e Hugardrottinn/persónan sem drekkur í sig reynslu Logadrottins/sálarinnar) og kemur fram sem Hugardrottinn með fjartengingu (við Logadrottinn) sem vinnur á bak við hann.

Margir Logadrottnar eru nú það sem við köllum Erkienglaöfl, sem gæta ákveðinna aðstæðna í sólkerfinu og hafa sérstaka tengingu við Sólarlogosinn. Það eru þessir Logadrottnar sem sósa, ef svo má segja ákveðna Hugardrottna með reynslu sinni og vinna í gegnum þá. Allir Logadrottnarnir hafa sérstaklega sterka logóíska tengingu og sumir voru sendir aftur eftir að fyrsti hópurinn hafði lokið verki sínu.

Það er sérstaklega gagnlegt að hugleiða á hina hina þrjá frumhópa, sá hluti bókarinnar sem fjallar um þá var settur fram af nauðsyn á tiltekin hátt sem hæfði „meðalgreind.“ Það er mikilvægt að hafa það í huga að allt það sem er sagt er aðeins nálgun, en þó mun meira en vitræn nálgun mundi geta náð með hugleiðingum um hina þrjá frumhópa.

Efni *Kosmískrar kenningar* getur skapað mikla vitundarvíkkun—raunverulegri víkkun, út yfir núverandi takmörk mannlegs skilnings.

(3)

Það er erfitt verkefni að reyna að nálgast og setja fram í skiljanlegt mál mikilfengleika og mátt hinna þriggja frumhópa. Lýsingar sem gefnar eru í þessu riti gefa aðeins litla hugmynd um umfang þess mikla verks sem þessir hópar framkvæma. Þessar miklu öldur kosmíks líf sem mynda lögmál þau er stjórna sólkerfinu, þróuninni og manningnum eru mjög mikilvægt að hugleiða á öllum tímum og sérstaklega í upphafi nýrrar aldar. Áhrif þeirra eru til staðar í manningnum og sól-

kerfinu, og eins og maðurinn er í tengslum við þetta upphaf þegar hans eigin lífneisti kom fyrst í birtingu og sálargerð hans ákvörðuð. Hann getur jafnvel ekki núna komist frá þessum fyrstu þroskaskrefum, því hans raunverulega sjálf tók í sig áhrifin og brást við þeim á mótunarstigi þróunar sinnar og þannig ber hver mannvera í sér dulda vitund um þessar frumathafnir og viðbrögð. Hann ber eilíflega með sér fræ síns eigin upphafs á sama hátt og eikin ber eilíflega í sér akarnið og eins og akarnið bregst við moldinni sem hún grær í og móttækur sól og loft; og af því er vöxtur þess ákvarðaður og mældur, og smásaman kastar það af sér ytri skel sinni, skýtur rótum og verður að eikartrén, í þeim skilningi varð maður fyrst maður.

Af viðbrögðum mannsins á hinum mismunandi sviðum sem hann fór í gegnum á þessum frumstigum lífsneistans—og af einstökum viðbrögðum var hann mældur, þó í litlu mæli—og þannig er sá maður enn í dag. Þegar neistinn gekk niður sviðin, safnaði efni af hverju sviði og snéri við aftur, hitti hann aðra neista sem gerðu það sama og hann, og eins er það í lífi hans í dag. Í hinum mikla neistafjölda á sínum fyrstu göngu niður sviðin mynduðu sumir smærri hópa innan heildarinnar, snertu hvern annan meira en aðrir neistar eða neistahópar innan heildarinnar. Þannig mynduðust sérstök viðbrögð—“vinartengsl“ sem slík—sem byrja á frumstigum og á síðari dögum þróunarinnar hittast þessi sömu neistar jafnt klæddir efni allra sviða. Við að ganga gegnum sviðin verður efni þeirra samofið innri líkómum mannsins og með tímanum byggir það mismunandi líkama hans sem við þekkjum undir ýmsum nöfnum (þ.e. „Tilfinninga líkama.“ „Hugarlíkama.“ osfv.) og þessir líkamar hafa sína ákveðnu undirskiptingu. Hin miklu plánetusvið sem hvert atóm og guðlegur neisti fóru í gegnum á þróunarbraut sinni höfðu tiltekin áhrif á þau og á ákveðin hátt er það grundvöllur stjörnuspeki, þó að uppruni hennar sé að mestu gleymdur. Ekki er hægt að beita stjörnuspeki eins og

fyrri kynstofnar skildu hana, vegna breytinga á himinhnöttunum og mannum sjálfum.

Á ferð sinni í gegnum sviðin varð þessi þroskandi vera fyrir miklum plánetu-kröftum sem enn hafa ákveða stjórn á honum—þó hann sé ekki meðvitaður um það—því í efnisgerð hans geymist tenging við þessi miklu plánetuöfl og áhrif þeirra á líkama, huga og karma eru enn til staðar á mjög frumstæðu stigi, til dæmis er orkan sem hefur verið lýst sem „Hin Mikla Móðir,“ enn hin mikla móðir allra lifandi vera og á vissan hátt getur nútímamaðurinn orðið meðvitaður um þetta samband sem er mikilvægt fyrir hann.

Hin miklu lögmál urðu til löngu áður en það sem við köllum „mann“ hafði þroskast nægilega til að ganga niður sviðin á sama hátt og og hin miklu atóm og hópöfl sem í upphafi byggðu upp sólkerfisöflin. Þau hópöfl eru að baki því sem við köllum hinar miklu frumgerðir og þær geta verið mjög áhugaverðar fyrir dul-spekinema.

Þegar maðurinn snýr að lokum til baka upp sviðin við lok þróunarkerdjunnar nær hann öðru stigi í sinni eigin byrjun. Hann verður einskonar guð, Logos í sjálfum sér, sem hefur safnað saman mikilli keðjureynslu eftir lok margra þróunar-hringrása, sem hættir að vera einstaklingur, heldur á vissan hátt hópur sem aðrar hugareiningar spretta frá. Því maðurinn byrjar sem hópur en aðskilst sem einstaklingur frá hópnum eftir því sem þróunin heldur áfram, en verður í lokin að snúa aftur í sinn eigin hóp sem er þá hann sjálfur.

Að baki þessarar fræðslu er „hugmyndafræði Samvinnu“ eða sameiginleg tilfinning, sem að hluta og jafnvel að öllu leyti er ranglega skilin eins og oft er, en hægt að finna í stjórnmálalegum hugmyndum og kerfum. Þessi tilfinning hefur háleitan siðferðisgrunn og leitast þannig við að mynda einingu þar sem allir eigi

að vera eins, ættu að vera sem lið og í liði, því það er það mesta, flóknast og fyrsta Guðlega lögmálið þegar það er nægilega skilið. Engu að síður getur maðurinn ekki verið hluti af sameiginlegri einingu Guðdómsins, fyrr en hann hefur ná hæstri þróun sinni í lok ferðarinnar til baka. Í hverjum manni er það sem myndar þrenninguna—hinir þrír þættir hins birta Guðdóms— og þessir þættir eru í innsta kjarna andans sem hið æðsta siðgæði.

Þegar þessari þróun er lokið mun reynsla og efni þessa sviðs (jarðarinnar) verða rakið upp og flutt til annarrar þróunar á annarri plánetna og eitthvað af lífsorkunni mun snúa til baka í öðrum búningi til þessarar plánetu að nýju. Þegar maður deyr glatast hluti af eter- og tilfinningalíköllum hans, en oft mynda þeir ákveðna hluta í nýjum líköllum sem hann fær í nýrri jarðvist. Í fáum orðum er það sem gerist gegnum alla þróunina—formin eru brotin upp og hlutunum komið áfram til að byggja upp og mynda næstu gerð lífsforms, en það er ekki alltaf vitað hvort að hlutar þéttari líkamanna—þ.e. eter og tilfinningalíkamar fólks sem hefur látist fari í að mynda aðra persónu. Sú persóna kann að tilheyra þeirri sál sem fyrri persónan tilheyrði, en það kann að vera að sál hafi persónulíkama sem samanstandi af efni annarra persóna. Þetta kann að skapa einkennileg viðbrögð milli manna í jarðvist, svo það þarf ekki alltaf að vera að fólk hafi hitts í fyrri jarðvist til að skýra slík viðbrögð. Á sama hátt og hjá mönnum, er svo einnig með plánetum og öðrum himinhnöttum.

Plánetur hafa í sér hluta annarra plánetna sem annar kosmískur tími og önnur þróun hafði myndað í áru þeirra, alveg eins og jörðin er í áru mánans* og hefur tengsl við marga „tunglhluta“ úr fyrri þróun. Lífið er marghliða og á engan hátt einfalt, það er ofið víðtæku mynstri sem aðeins mjög þroskaður fullnumi innri sviðanna getur skilið og það er ekkert í mynstri sem ekki er tengt öllu hinu.

(4)

Plánetuverur þróast með plánetunni og samsvarandi sviði. „Líkamar“ þess— allir sjö— og vitundin eykst við komu og brottför hinna ýmsu sveima. Athafna-semi sveima 4—7 var stjórnað af „Drottnum“ hinna fyrstu þriggja frumsveima. Það var ekki fyrr en Plánetuvera hafði þroskað alla „líkama sína“ að hún gat farið með sveim gegnum heila þróunarhringrás, og þá aðeins gat þróun byrjað hjá þeim neistum sem urðu „mannlegar verur“ eins og við skiljum hugtakið.

Meðan á niðurgöngu fyrstu sjö sveimanna voru áhrif Logosins svo mikil í sólkerfinu að allt ójafnvægi sem átti sér stað frá verkun frumverka sveimanna 4—7 var leiðrétt umsvifalaust svo að „líkamar“ plánetuveranna urðu ekki fyrir ójafnvægi.

Eftir að Plánetuveran hafði náð hinum sjö líkömum höfðu áhrif Logosins ekki að fullu náð að jafna allt ójafnvægi, því áhrif frá fullmótaðri plánetuverunni komu inní. Það er á þeim punkti sem þættir frumverkanna (epigenetic) leggja grunninn að einstaklingskarma. Hver Plánetuvera er á sviðinu að baki mannlegri þróun á þeirri plánetu og verkar sem hemill á hana.

* Hér er ekki átt við núverandi tungl, fyrra tungla lét eftir sig efni sem fór að mynda áru jarðar. Þetta fyrra tungl skildi nægilega mikið efni eftir til að mynda núverandi tungl og stór hluti „orku“ eða áhrifa þess er þar, einnig varð hluti frumstæðri orku þess og ákveðnir mjög mikilvægir þættir eftir innan jarðarinnar (í því sem við köllum „Innri jörð“) og allt þetta tengist saman í mikla áru sem umlykur bæði jörð og tungl.

(5)

Hinum þremur frumsveimum er hægt að líkja við (gegnum Logosinn) hina þrjá kosmísku hringi og *eðli* hinna fjöggra Frumefna: —

- (1) Logadrottnar með hina miklu " hreyfingarspennu " samsvara við Hring-Kosmos og frumeðli eldsins .

- (2) Formdrottinnar samsvara við Hring-Óreiðu og við frumjörð/vatnseðlið (Frumeðli Jarðar og Vatns).
- (3) Hugardrottinnar samsvara við Hring-Takmörkun og eðli Lofts. Einstaklingsmyndun getur náð ákveðnum takmörkum, og er þá snúið við til baka á hærri sameiningarboga. Takmörk mannlegs huga er öryggið fyrir mannkynið.

(6)

Það mun koma sá tími þegar plánetusviðin hafa enga sveima sem koma niður innþróunarbogann. Þegar það gerist munu aðstæður sem síðasti sveimurinn skyldi eftir smá saman leysast upp og ekkert mun gerast í geimnum. Þá mun smásaman koma inn „hringiða“ utan frá inná sviðið, eitthvað sem leitar þróunar, einskona ómennsk „vera“ sem mun ganga gegnum innþróun í einhverju mæli á tóma sviðinu. Þetta verður mjög einföld lífsgerð sem mun að lokum koma niður efnissviðið, aðeins reyndur nemi af innri sviðunum getur skilið hverskonar lífsform þetta er— einhverskonar nálgun á nýrri gerð af frumefni er eins góð líking eins og annað. Það mun að endingu hafa tengsl við Guðlegan neista sem hefur mun meiri takmarkanir en Guðlegur neisti manns. Þessu efni er mjög erfitt að koma í orð, jafnvel með grófri nálgun, það er samt sem áður áhugavert þó fjarlægt sé.

(7)

Lífssveimarnir 4-7 eru uppruni alls mannkyns, í göngu þeirra niður sviðin hafa þeir skapað hinar miklu frumgerðir manna og grunn mannlegrar eðlishvatar. Þeir standa fyrir hinni miklu Hópsál, sameinuðu ástandi, sem maðurinn sem einstaklingur á uppruni sinn í. Þeir hafa myndað þann þátt í lögmálum sólkerfisins sem birtist í „guðsforminu.“ Maðurinn gat ekki skilið sig úr Hópsálinni fyrr en þessum

lögmaþum var komið á, þessi skilnaður samsvarar því er Plánetur verur gátu náð fullmyndun líkamanna sinna—allra sjö.

Það er þessi hópstaða í manningum sem myndar „sameinað vitundarleysi“ mannkynsins, en frumgerðirnar eða fyrirmyndirnar eru á *þróunarboganum* (öfugt við innþróunarbogann) og maðurinn tengist fyrst í draumi og sýn.

Kynþáttaskipting kom því eftir hópstöðuna, skilnaðinum sem varð byrjunin á aðskilnaði. Samfélagslíf í æðsta skilningi er verðug fyrirmynd er leitast við að hafa samvinnu í stað aðskilnaðar. Þessir hópsveimar mótuðu smásaman það sem má kalla frummótun mannsins—jafnvel um miðjan fjórða hópsveiminn var það á „fósturvísis“ stigi.

Það er sérstaklega áhugavert að jafnvel strax á þessum stigi sveimanna verður til það sem við köllum „kynstofna“ gerðirnar. Á þessum frumstigum er að mótast margt er varðar þróun og framgang mannsins, jafnhliða þroskuðust frumgerðirnar smásaman, það sem við getum kallað „Fósturfræði plánetunnar.“

Mannlegt form eins og við þekkjum það varð endanlega til um miðbik sjöunda sveimsins og mótun frumgerða voru þá fyrir hendi sem svöruðu hugmyndum Plánetuverunnar, sem voru viðbót og af annarri gerð en lógóísku hugmyndirnar, en voru þó ekki í andstöðu við þær.

(8)

Þær þrjár „athafnir“ sem rætt er um í III. Kafla. „Hreyfing“, „Ljós“, og „Hljóð“ má jafna við hina þrjá háu þætti (3 Sephiroth af 10) í „Tré lífsins.“ Tala þessara þátta er tengd tölu samsvarandi atóma (þ.e. tölu hliða). Sem dæmi er hin ótrúlega einföldun þriggja hliða atóms og notkun tölunnar þrjár í tákni Binah (þriðji af tíu Sephiroth í Kabbala) auðsýnilega tengd. Hin fjögur tré í Tarot spilum hafa sama grunn. Bæði, „Tré lífsins“ og Tarot munu reynast vera í fullu samræmi við „Kosmísku kenninguna,“ fyrir leitandann sem hugleiðir efnið gaumgæfilega.

(9)

„Guðlegu neistarnir“ og hin mikla vera, Logos sólkerfisins, hafa sameiginlegan uppruna í sínu Frumatómi (Kosmíska) sem átti upptök sín úr því Mikla Óbirta. Áður en þessi Frumatóm guðlegu neistanna komust undir lógóísk áhrif, var hægt að kalla þau „Fræ-atóm.“ *

Það er samhengi og framhald í þróun frá myndun Frumatómsins eins og því er lýst í fyrri köflum og til guðlegs neista hvers og eins okkar. Alveg eins og hin mikla Vera þróaðist frá tíu-hliða atómi, eða kosmísku ferðaatómi (sem þróaðist frá Frumatómi), hafa guðlegir neistar þróast frá ákveðnum en ekki eins flóknum atómum sem ferðaatómið, hin mikla vera, vakti og dró að sér með þeim hugmyndum sem hún hafði skapað og myndað með heimi sínum.

Munurinn á Logósi og guðlega neistanum hér, er stigmunur en ekki tegundar, því hin mikla vera hefur reynslu allra geislanna en guðlegi neistinn aðeins reynslu eins geisla—báðir hafa reynslu allra sviða.

Ákveðin atóm sem voru „færð yfir“ frá Kosmosi til sólkerfis með athöfnum hinnar miklu Veru urðu ferðaatóm sólkerfisins.

Þau eru ekki eins flókin eins og hin mikla Vera, en of flókin til að setjast að á birtingarsviðunum og snéru því inn að miðjunni. Þessi atóm sem voru „færð yfir“ af Logosnum og urði guðlegir neistar eru þeir sem sem á ferðalagi sínu að miðjunni, hafa sinn „ferill í geimnum“ innblásinn af lógóískum myndum og áhrifum. Eftir það eru þessir guðlegu neistar mótaðir af lógóískri vitund til loka hringrásarinnar og þá eru þeir „lausir“ frá þessum áhrifum og snúa aftur til síns upprunalega kjarna sem Fræ-atóm.

Það eru því tvær leiðir til að skoða hinn guðlegan neista. Þú getur skoðað hann frá kosmísku sjónarhorni eða frá lógóískri sólkerfisþróun, en í raun á hinn guðlegi neisti uppruna sinn í hinu Óbirta, þaðan sem tilvera hans og orka kemur.

Guðlegi neistinn kemur ekki frá Sólarlogosi, en er mótaður af þróun hans þar til þróun sólkerfisins er lokið. Þegar það gerist, þarf einstaklingsvitundin, sem er árangur af sérstökur þróunarferli í umdæmi Sólarlogosins, ekki lengur að vera í því umdæmi og er fær um að skilja sína sönnu eigin tilveru. Þá er eins og „ytri“ þróun guðlega neistans hverfi og það verður aftur á ný hreint fræ-atóm sem einstaklingsvitundin á þaðan af sitt heima. Á því stigi þegar guðlegi neistinn er „laus“ frá *takmarkandi* áhrifum sólkerfisþróunarinnar, rís einstaklingsvitundin uppá stig fullkomins frelsi, tilveru án tíma og rúms—hreinar vitundar.

Hin mikla ábyrgð sem hvílir þá á einstaklingsvitundinni á „hægri handar brautinni“ kemur frá tengslum sem hann hefur náð við hreina og ótakmarkaða „orku.“ Hún er aðeins háð skilningsstigi sínu á þessi tengsl þegar hún fer í þennan fasa skapandi athafna, með öllu sanni, guð.

Hærri vígslur tengjast sambandsstigum einstaklingsvitundarinnar við *innri* þátt guðlega neistans (fræ-atómið) og skilning á þeim tengslum. Hring sólárþróunarinnar er stjórnað af „Karmadrottnunum“ og það felur í sér að vinna úr „ferlunum í rýminu“ sem skilið var eftir af „karma“. Þegar unnið hefur verið úr því og „ferlarnir í rýminu“ (þ.e. fræ-atómin) hafa náð lógóíska innblæstrinum heldur sólárþróunin áfram. Þar til henni er lokið getur einstaklingsvitundin ekki náð í gegn hreinum krafti án þess að eitthvað af þeim krafti sé beint til eigin þarfa.

Það er að sjálfsgöðu mikið bil á milli fyrri og seinni fasa, en almennt talað snúa hinir fyrri því að koma einstaklingsvitundinni (eftir undirbúningsvinnu við persónuvitundina) í samband við sína sönnu verund—fræ-atómið— þar sem seinni fasarnir er hin sönnu skapandi athafnir þeirra sem hafa náð því í samvinnu við meðbræður sína. Í undirbúningsvinnunni verður persónubirtingum alveg að ljúka áður en þessir seinni fasar taka við.

* Þetta „Fræ-atóm“ vísar í Kosmosinn og er annað en „Fræ-atóm“ sem nefnt er í lok XII kafla og mismunurinn er **augljós**.

(10)

Hin „ólíkamlegu“ atóm og guðlegir neistar hafa sameiginlegan uppruna í hinu mikla Óbirta. Bæði hafa verið „færð yfir“ af hinni miklu Veru, sem er Sólarlogosinn og úr samanlögðum hugmyndum þeirra um sína eigin mynd myndaði logosinn sólkerfi sitt. Allt sem hefur „lifað“ í sólkerfinu dregur það líf frá eigin fræ-atómi. Það er markmið sólkerfisþróunarinnar að sameina að lokum atóm sólkerfisins fræ-atómum sínum í Kosmosinum.

Það hefur verið staðhæft að munurinn á ferðaatómi sólkerfisins og sólarlogosinum sé stigsmunur, eins er aðeins stigmunur en ekki gerðar á ferðaatómi og ólíkamlegu atómi.

Aðeins þroskaðri kosmísk atóm sem færð voru yfir af hinni miklu Veru urðu ferðaatóm í sólkerfi hennar í upphafi sólkerfisþróunar og náðu lógóískum innblæstri á ferð sem „ferlar í rýminu.“

II HLUTI

Þessir hópsveimar—þó ekki fyrstu þrír hópsveimarnir, sem eru öðruvísi,—tengjast mannlegri þróun og þroski þeirra er misjafn vegna mismunandi þátta sem þeir hafa í uppleggi sínu.

Ódýrslegu atómin eru minna þróuð en ferðaatómin og meðtaka lógóískan innblástur í sólkerfisþróuninni í samræmi við þróunarstig sín og það að vera í eða hluti sólkerfisins, (hugmyndir þeirra notaðar til að skapa það) eru þau stöðugt böðuð í lógóískum áhrifum og meðtaka þau smásaman. Á þennan hátt verður til

yfirsálar plantna og dýralífs, en þær eiga uppruna sinn frá ódýrslegu atómunum sem smásaman verða fyrir lógóískum innblæstri.

(11)

„Grunnhljómur“ mannveru verður til af þróun guðlegs neista. Lógóískur innblástur verður betur skilinn sem tíðni hljóðs fremur en myndræn hugmynd. Hugmyndin um frum- eða grunnhljóminn var að baki fornu fræðslunni um tölur og tölugildi. Hljóð felur í sér takt og tíðni. Sá „þáttur“ þrenningar Logosins sem þekktur er sem kærleikspátturinn er að verki sem þessi innblástur. Bestu kirkjukenningarnar eru innblásnar af þessum þætti.

(12)

Fyrstu þrjú hópsveimarnir í birtingu voru hver undir áhrifum eins af Frumþáttum logosarins er kom frá einum Frumhringanna. Þessir frumsveimar eru ólíkir seinni sveimunum og á öðru þróunarstigi. Þessir síðari sveimar þróuðust undir áhrifum logosarins og hinna þriggja fyrstu sveima, Loga,- Forms-og Hugardrottna. Þeir eru því undir áhrifum hina þriggja kosmísku hringja, (eins og frumsveimarnir þrjú), en eru einnig, frá því að logosinn brást við hinum tólf kosmísku geislum, markaðir af áhrifum geislanna sem voru ráðandi þegar þeir fengu lógóískan innblástur að koma í birtingu.

Þess vegna eru hinir miklu þróunarfasar, milli nýrra sveima, undir áhrifum hinna tólf kosmísku geisla. Þetta hefur tilvísun í „hús“ kosmíska stjörnumerkjahringsins og í möndulhalla miðbaugs.

Aflgjafar þessara þróunarfasa og sérkenna eru geisladrottarnir, þeir standa svo að segja milli stjörnumerkjahringsins og fasanna og endurvarpa áhrifum þess sem einskonar kosmískur milliliður. Þannig vinna þessi áhrif á plánetuverur.

(13)

Tveir þessara fornu guða koma auðveldlega uppí hugann þar sem þeir samsvara auðveldlega innra sjálfinu, flest allir aðrir guðir stóðu fyrir kosmíska eða sólkerfis þætti. Þessir tveir guðir voru Horus og Eros. Sá fyrri stóð fyrir guðlega neistanum, sá síðari fyrir fræ-atóminu. Fyrir raunhæfar ástæður er hægt að segja að þeir standi fyrir innri og ytri þætti fræ-atómsins hvor fyrir sig.

Þessi háleiti Eros er fjarri almennum hugmyndum sem samsvara hann sem ástarguðinn. Hann stendur hér fyrir kjarna mannsins sem er Eros og Anteros sem sprettur úr Kosmíska egginu eins og heimspekileg hugmynd af þeim Eros sem var einn af elstu grísku guðunum. Eros, þessi kosmíski, var fyrsta aflið sem kom á reglu úr óreglu (óreiðunni), var í forsæti guðanna og ræður hugi manna og guða, hann var einn guða Samothraki launhelganna.

(14)

Í dulspekinni er stjarnan Síriús talin hafa mikil áhrif á sólkerfisþróunina. Stjarnfræðilega er staðsetning Síriúsar langt frá sólkerfinu, en frá kosmískri viðmiðun „skilyrðir“ Síriús og margar aðrar stjörnur Sólarlogosinn og þar sem hann sjálfur skilyrðir og er skilyrtur af sólkerfi sínu eru áhrifin af Síriusi og öðrum stjörnum umbreytt þannig áður en þau eru látin berast úti sólkerfið. Í hreinum dulfræðilegum skilningi geta stjörnur almennt og Síriús sérstaklega (vegna sérstakra áhrifa) haft áhrif á sólkerfisþróunina—sérstaklega hefur Síriús markað spor sín í hana. Einstaklingur, verður hinsvegar að hafa lokið hringferð í sólkerfisþróun áður en hann getur reynt hin „hreinu“ áhrif Síriúsar eða annarra stjarna.

(15)

Hefðbundin vísindi rannsaka efni jarðarinnar og samsetningu þess, en „djúp“ innri jarðar, myndun plánetuverunnar, er það sem er einna mikilvægast að skoða í dulspeki.

Það er hjálplegt að hugsa um jörðina sem plánetu eða hnött í sólkerfinu fremur en sem „heiminn“ og þróunina á plánetunni sem margar siðmenningar hafa skapað, allt til þeirrar sem við tilheyrum. Það sem hefur stutt og nært þessar siðmenningar er Plánetuveran. Þessi ógnarmikli kraftur er stundum persónugerður sem „Móðir Jörð,“ en hvað sem það er kallað ættu allir að vera meðvitaðir um það ógnarafl sem um ræðir og hvernig allir eru háðir því. Þeir Erkienglar sem tengjast Plánetuverunni standa fyrir hærri þáttum hennar sem svarar til „vitsmunapættinum“ í mannum. Nöfn þessara Erkiengla sem venjulega eru notuð má finna í meginritum, svo sem í *The Mystical Qabalah*.

(16)

Hver pláneta hefur í sér meginþætti sólkerfisins (og einnig atóm) svo að hópsál plánetulífsins kemur í gegnum þætti sem eru sambærilegir við hina þrjá meginþætti Logosins. Það er eitthvað af „kærleiks-“, „visku-“ og „afls-“ þáttum í hverri plánetu. Plánetur hafa sinn „Leiðtoga“ sem leiðir í gegn ákveðna meginþætti inní aðstæður lífsins, eins hafa fræðarar leiðbeint mannkyninu með sama hætti. Þessir plánetuþættir snertu ákveðin hluta mannkynsins því þeir snertu lífsveimanna þegar þeir komu niður. Þannig voru ríkjandi þættir tiltekinna plánetna í tengslum við manninn, eins og hann var þá, og þannig meðtóku ákveðnir sveimar skilyrðin.

Þessar miklu „spennur á plánetuefnin“ hafa haft mikil áhrif á þeirra eigin svið og á jörðina, því hún var svo að segja, að byrja ferð sína í gegnum ýmis áhrif og efni frá mismunandi plánetum og móta þann tóma og ósamhæfða massa sem

varð jörðin, þessar spennur hafa skilið eftir mark sitt á samsetningu og innsta náttúrulegli hennar og hafa á stundum átt þátt í truflunum af einum eða öðrum orsökum—jarðskjálftum til dæmis, því það eru enn tengsl milli ákveðinna efna í jörðunni og samsvarandi efnis í öðrum plánetum og þau efni kveikja í hvort öðru og viðbrögð koma fram í báðum. Þetta er grunnur að nákvæmari hliðum stjörnuspekinnar, en er of flókinn og fjarlægur í dag fyrir næga skoðun eða grunn fyrir greiningu.

Í árdaga vissu þeir þroskuðustu í prestastétt um „spennu“ stjarna og plánetna og segulkrafta jarðarinnar og á þeirri þekkingu byggðu þeir kerfi, sem vissulega eru enn til staðar, þó grunnvöllur þess sé gleymdur. Það er fólk á jörðunni sem vegna andlegra eiginleika þess verður fyrir truflunum við slíkar spennur, er til dæmis næmara fyrir jarðhræringum eða andrúmsloftsþrýstingi en flestir aðrir. Slíkt fólk hefur í samsetningu sinni þá spennu sem samsvarar þeirri sérstöku plánetu sem truflar jörðina. Áhrif frumefna „Vatns,“ „Elds,“ „Lofts“ og „Jarðar“ frá ákveðnum plánetum móta aðstæður á jörðunni með áhrifum á áru hennar.

Að baki þessu liggur meginþemað, að það sé eining alls. Jörðin er ekki einstök, við ættum að íhuga hvað hún raunverulega er—einn hluti sólkerfisins sem hefur gengið í gegnum stig og aðstæður sem smásaman hefur þétt hana í það sem við köllum „jörðin,“ en hefur gengið niður frá Tunglinu, Venusi, Satúrnusi og öðrum plánetum.

Plánetuverur má sjá sem hópsálir plánetna og hægt að mynda þær með ímyndaraflinu í ákveðið form—sem vissulega var gert í fyrndinni. Sumar þessara Plánetuvera, er snertu huga og einkenni mannsins, þróuðust síðar með sýn og ímyndarafli í form, sem öfl sem þekkt eru í goðafræði. Það eru því sterk tengsl

milli Plánetuvera og samsvarandi guðsforms eins og það er rannsakað af sumum í dag.

Við þróunarlok plánetu umbreytist hún og ólíkar plánetur verða virkar í þeirri þróun sem tekur við svo að stjörnuspekin í dag yrði þá ónothæf.

Það er margt hægt að læra um Lífs-sveima og hvernig þeir koma niður í birtingu og snertir mannkynið enn í dag. Alla forna atburðir og þróun verður að taka inni mat á aðstæðum og þróun mannsins. Á ýmsum sögulegum tímabilum höfðu ákveðin plánetuöfl,—því plánetuöfl er nákvæmari lýsing en „Plánetur“—hafa áhrif á jörðina, hver í samræmi við náttúru sína. Þegar þessi öfl birtast aftur bera þau með sér skilyrði sem svara til náttúruæðlis þeirra og breiða yfir jörðina. Þó við höfum notað skilgreininguna „Plánetuöfl“ er einnig átt við ákveðna stjörnukrafta sem vinna gegnum sólkerfisumdæmið, svo sem stjörnumerki Dýrahringsins.

En efnið er of umfangsmikið til að fjalla um í smáatriðum hér. Höfum hins vegar í huga Tvíburamerkið, því öflin sem standa að baki því merki höfðu áhrif á Atlantis og munu hafa áhrif á jörðina síðar á núverandi tímabili. Stjörnurnar eru í svipaðri stöðu innbyrðis sem höfðu áhrif á síðustu daga Atlantis, ákveðin meiri-háttar plánetuöfl og merki hafa áhrif á mannkynið að nýju og þó að samsetningin sé öðruvísi eru innri skilyrðin svipuð, en þó heimurinn sökkvi ekki í haf, verður hann fullur af árekstrum og átökum af ýmsum toga.

(17)

Við skulum skoða Annan hópsveiminn, lífsbylgju þá miklu drottna Logosarins sem við köllum „Formdrottna.“ Það má líka kalla þá „Byggjendur“ því í gegnum þá þróast öll form og lögun. Lögunin sem sveipar eða ummyndar lífsvitundir er mótuð af byggjendunum til að geyma það líf í nægilegan tíma til að bregðast við spennu sviðsins sem það er á. Eftir að lífið dregur sig úr

forminu í aðrar aðstæður leysist formið uppí frumefni sviðsins. Þetta er ein elsta hugmyndin um „dauða“ svo að Formdrottanna má einnig kalla „Guði dauðans.“

Þar sem dauði á sér stað í miklu mæli, sérstaklega dauði á hópum eins og í stríði, koma Formdrottarnir náið að, því er öll plánetan er í upplausn og plánetuöflin þarfnast endurbyggingar. Formdrottarnir vinna meira með hóp-sálum en með einstaklingum, en ef mikill fræðari er að leiðbeina mannkyni (sérstaklega ef fræðslan varðar þróun mannþróunina) vinna Formdrottarnir að því að aðlaga „plánetuefnið“ að nýrri og hærri lífspáttum til að koma þróuninni í gegn. Þegar Kristur notaði líkama Jesús, sem hafði mikil áhrif á jörðina og ákveðnar en óútreiknanlegar breytingar urðu á raunverulegum línunum jarðarinnar, þær eru kannski ekki skoðunarhæfar fyrir vísindin en lógóísk öfl breyttu um stefnu svo að segja og innri kraftar að baki hinni ytri birtingu jarðarinnar—eteríska uppbyggingin—byrjaði að breytast. Form er ekki skilgreint af útlínunum heldur er það í raun heildarmótunin og það uppfylli þörf lífsins fyrir sérstaka lögun, lögunin sést alls ekki öll í einu heldur vex og þróast í þróunarbraut, eins og lífið gerir.

Raunverulegar útlínur eða samsetningar kosmískra forma, eins stjarna, plánetna og meginlanda eru öll af áhrifum Formadrottna. Formmenn voru meðvitaðir um þessar upphafsverur (Formadrottanna) og afl þeirra, þeir þekktu þá sem hin miklu Títanísku öfl sem tengdust eldi og málmum og sýndu þeim virðingu í elstu launsögnunum.

Þessir drottinnar er að baki hinum miklu efnabrunum (og alkemísku). Þeir mynda lögun með blöndun og sameiningu krafta frumefnanna og krafta málma og steinefna jarðarinnar—mynda samsetningar af öllum tegundum sérstaklega plánetumyndun, því það eru þeir sem móta pláneturnar. Þú tekur eftir því að stór og umfangsmikil form eru ávallt einföldust—hið mikla kúluform er einfaldast en

smærri gerðir verða flóknari, eins og samanburður á hinum stóru fornsögulegu dýrum í samanburði við flóruna í dag sýnir. „Ytri“ bygging plánetu er raunverulega einföld.

Formdrottna má einnig kalla „Taktrottna“ (alveg eins og Logadrottna má kalla „Tíðnidrottna“) vegna takts þeirra að ganga fram og hörfa, í að byggja sólkerfið. Það var byrjunin á takti í sólkerfinu og myndaði hin mikla takt „dauða“ og „fæðingu.“ Þess vegna má kalla þessa drottna „Drottna dauðans“ og þeir eru nátengdir við Hring-Óreiðuna, þeir búa yfir hinum mikla viðbragðskrafti sem mun að lokum brjóta upp formið og leysa orkuna úr fjötrum. Þeir eru að baki myndun steinaríkisins, því það þróast eftir niðurbrot forma jarðarinnar og líf plánetunnar er innan steinefnanna á ákveðin hátt.

Allar fornsagnir um hin miklu öfl undirheima—sláttkraft Hamars og Steðja sem móta hina miklu orkustrauma, Járnsmiðsgoðin sem stýra smiðum og lægri frumöflum eru þar þjónar Formadrottanna. Með réttum siðum og þulum byggja frumöflin ákveðin form á tilfinningasviðinu sem heldur þeim saman með orkuspennu þar til aðrir kraftar taka við, taktur eða endurtekning er mikilvæg við stöðuga byggingu forma sem að lokum verða eins „föst“ eins og mögulegt er á því sviði. Á eins árangursríkan hátt og „tengdur“ dulspekingur notfærir sér þjónustu og samvinnu þessara byggjenda, er svo einnig á mun stærri skala, er Logosinn nýtir afl Formdrottanna til að byggja, ekki aðeins jörðina, heldur einnig aðrar plánetur sólkerfisins.

Allt sólkerfið er tengt saman og endurkast eiginleika annarra plánetna sjást innan steinaríkis jarðarinnar—ákveðnir gimsteinar til dæmis eru nátengdir öðrum plánetum og þessi tenging er ekki byggð á hjátrú. Með sama hætti hafa ákveðnir

málmur samsetningu sem tengir þá við ákveðnar grunnútlínur ákveðinna plánetna sem er ekki aðeins samlíking við þær heldur ákveðnar raunverulegar tengingar.

Ímyndarleg mynd af þessum Formadrottnum er hægt að sjá fyrir sér sem risastórt hringleikahús niður í myrkri jarðarinnar fyllt af rauðum glampa frá djúp-
kjarna jarðarinnar. Gegnum myrkrið heyrum við hamarsláttinn á steðjann—mjög
dauf í byrjun vegna fjarlægðarinnar. Ímyndum okkur að þessi hljóð nálgist smá-
saman með með öflugum, hörðum, einföldum takti. Sem hljóðið og takturinn
hækkar taka útlínur að risaformi smásaman að myndast—mikið og dimmt form
og aðeins skýrar útlínur að hluta því það er of mikið og of máttugt til að til að geta
komist fyrir í geimnum eins og við þekkjum hann, en finnum eterísku spennuna
„handan“ hins dimma forms.

Að baki verki sem unnið er af Formadrottnunum er mikil þolinmæði sem tekur
milljónir ára uns verkið sem stefnt var að geti orðið fullkomið. Í hver sinn sem
hinn mikli verkmaður snýr aftur að verki fylgir nýr kraftur frá Logosinum og því
sviði sem lokið var við síðast og þessi nýi kraftur gefur örlítið breytt afl til
verksins. Áfram slær og slær og slær hin mikli hamar gegnum tímann—byggir,
brýtur niður, byggir á ný, svo er hinum miklu verkstjórum Logosarins treyst fyrir
þessu verki.

Þessir drottnar þjóna þeim þætti Logosarins sem er að baki dauða, endurnýjun
og endurbyggingu. Við getum vakið Formdrottnanna til að hjálpa okkur til að
öðlast frelsi frá forminu er tíminn nálgast. Sá sem veit og skilur dauða hefur þegar
sigrað hann—hann er nemi Formdrottnanna. Við ættum að hugsa til hina miklu
byggjenda sem hafa skapað okkur og plánetusviðin og eru að baki lögmálum
formsins, hvort sem er á astral- eða efnissviðinu, sem við getum átt samvinnu við
sem fulltrúar hins guðlega.

Í *The Mystical Qabalah* eru ítrekaðar tilvitnanir í Erkienglanna í hinum Tíu Helgu Boðberum. Þeir eru „Vitsmunir“ sviðanna og eru af Fyrsta sveimi—Loga-drottnum. Þessi vitsmunir vinna með orku frumgerða sviðanna og undir stjórn þeirra eru „Englar sviðanna“ sem framkvæma óskir Erkienglanna í samræmi við náttúruleðli þeirra.

Svið Malkuth er jarðneska sviðið og andleg eigindi sem eru þegar innan þetta efnisins — í raun „Andi atómsins“—og það er undir leiðsögn Drottna hinna fjögurra frumefna sem við köllum Sandalphon. Þessi erkiengill er sá sem þarf að leita til, af þeim sérstaklega sem eiga erfitt með að ná tökum á efnissviðinu, því hann er sá er hefur umsjón með „sálarþætti“ efnislegra hluta. Ef þú gætir séð með efnisaugum þínum nákvæma innri byggingu stóls eða borðs mundir þú taka eftir mjög hægri tíðni og hreyfingu óteljandi lítilla „mólekúla“ sem halda þetta efninu saman. Sandalphon er yfirdrottinn allra slíkra athafna. Þeir sem til þess eru hæfir geta séð fyrir sér mikið englaform í hinum kabbalísku litum Malkuth—fölgulum, olivugrænum, rauðbrúnum og svörtum, tíðni hans er hæg og svolítið þung því hún tilheyrir efnisþetta sviðinu og tengingunni við hið eteríska sem er rétt handan þess.

Svið Yesod snertir meðal annars hin dýpri og fjarlægari eterísku efni—Akasha eins og það er stundum kallað —og hér er erkiengillinn þekktur sem Gabriel, sem ræður mörgum finni sviðum í náttúrunni og mannum. Hann er drottinn drauma og hinna finni tíðni sem er af sérstakri gerð og getur snert hina skyggnu eiginleika mannsins. Í kristni er hann tengdur boðuninni, að hluta vegna þess að hann er „Hin leyndi boðari“—stjórnandi sérstakra skilaboða sem geta náð til mannlegs hugar frá fjarlægum sviðum, hann er í raun Engill boðunarinnar fyrir aðra en Maríu.

Þannig er hann einnig tengdur svefninum—sem í því ástandi þar sem hinn þétti líkami er óvirkur og hinir finni líkamar sleppa frá honum yfir á önnur svið. Það er stór hluti af vinnu hans að örva það sem er hluti „Tunglvitundar“ í mannum, hann leitast við að binda sálina segulkröftum eins og mikil vatnsorka gerir og því eru áhrif hans róandi á efnislega orku — hann dregur vitundina frá henni. Það má sjá hann fyrir sér sem mikið eggjalað silfurlitað form með örlitlu liljubláu og fjólu-bláu í vængendum og mikinn vatnsnið sem sýnir hans sérstöku tíðni.

Svið Tiphareth er Raphael erkiengils. Hann ræður lækandi og uppbyggjandi orku sólskins— hann lætur sig sérstaklega varða nútíma aðferðir við hitageislun, innrauðum og útfjólubláum geislum, þessar aðferðir eru þó á bernskustigi út frá dulspekilegu sjónarmiði.

Að lokum er það svið Kether þar sem erkiengill Metatron ræður. Hann er sagður vera ábyrgur fyrir táknum Tré Lífsins sem gefin hafa verið mannum. Hann vinnur í hinum mikla heimi kosmískra frumgerða og áhrif hans eru mjög sérstök. Það eru þau er koma sem blindandi leiftur innsæis sjaldgæfs andlegs sannleika.

Við höfum fjallað um boðberanna á miðsúlunni, um tákn Tré lífsins og súlurnar. Við skulum nú fjalla um boðberanna á hliðarsúlunum tveim.

Á sviði Chokmah er Ratziel erkiengill. Hann kom í gegn skapandi kröftum í fyrstu þróuninni. Það er erfitt að gefa mannlegum huga mynd af slíkum verum svo sem Metatron (af Kether) eða Ratziel, því þeir eru handan formsins eins og við þekkjum það og ekki er hægt að „smækka“ þær í einhver tákn sem eru nægileg nema með „Sæmdarsúlunum þremur“ án nokkurrar mótaðra útlína.

Erkiengill sviðs Binah—Tzaphkiel—hefur verið að baki mótun allra dulspeki-reglna sem hafa verið sendar niður í formið æ ofan í æ með fullnum innri sviðanna.

Hann er „erkiengill musteris“ og má sjá sem mikil skínandi viðvera með ákveðinni lifandi dimmu og dásamlegri rósrauðri glóð í miðjunni.

Erkiengill sviðs Chesed—Tzadkiel—hefur mikil áhrif og gefur vissu fyrir góðvild og ytri ró um öryggi og áreiðanleika. Hann getur verið mikil hjálp fyrir þá sem eru pirraðir og skapmiklir.

Erkiengill sviðs Geburah—Khamael—er verndari þeirra veiku og sem hafa verið beittir óréttlæti, hann er einnig hin refsandi engill sem refsar lögmálsbrjótum.

Erkiengill sviðs Netzach—Haniel—er erkiengill samræmis og fegurðar, sérstaklega í samskiptum hvort sem er innan sviða, plánetna, plantna eða dýra og mannlegs lífs, hann er frumgerð samúðar. Hægt er að sjá hann fyrir sér sem skínandi með grænum og gullnum loga með róslitað ljós yfir höfði hans.

Erkiengill sviðs Hod er Michael. Hod er svið „galdra“ og Michael er erkiengill þess vegna þess að hann hefur stjórn á ýmsum illum áhrifum sem gætu flúið inní mannanna heim. Hann er mjög mikilvægur verndari „galdraformúla“— sérstaklega gagnvart óreyndum notendum. Gyðingar til forna listuðu upp heilu englakóranna með nöfnum til viðbótar þeim miklu sem hér hafa verið nefndir en til að fjalla um þá þarf mun meiri tíma, en þú hefur hér nokkrar vísbendingar um þessa tíu sem eru svo miklir að þeir eru—hver á sínu sviði—ábyrgir fyrir þessum miklu boðum guðs. Margir sem „lesa tréð“ hneigjast til að komast í samband við boðbera þessara guðskrafta (og nota guðform ýmissa átrúnaða) þar sem í raun er betra að nota erkienglaformið og orkuna til að ná fram tiltekinni orku sviðanna.

(19)

Fræðslan um geisladrottanna—sérstaklega innhald XX kafla—er mjög mikilvæg og ætti því að hugleiða gaumgæfilega. Fræðslan hefur verið gefin í mjög

knöppu formi—aðallega hve torskilið efnið er, og hve erfitt er að koma því í hugform sem tjáir það nægilega vel á tungumáli. Góð leið til að ná skilningi er að hugsa til fræðara og frelsara mannkynsins sem hafa verndað hina ýmsu þróunarfasa í öllum aðstæðum—bæði jarðneskum sem kosmískum.

Hugsið um hin öfluggu áhrif og „skilyrði“ sem streyma með þeim miklu straumum frá Dýrahringnum—hinum stærri hring geislanna og hinum betur þekkta minni Dýrahring.

Í þessum miklu straumum vinnur endurlausnarorka Logosarins, eða, svo við notum kosmískara orðfæri, mikil kosmísk orka blandast á sérstakan hátt við sérstök tilefni sem má kalla miðjubátt Logosins til að getað bætt áhrifin á þróunina. Þegar mismunandi gerðir þessarar miklu orku snerta þróunina gefur hún af sér ákveðin áhrif til hvers og eins—hún verkar eins og næring fyrir hvern guðlegan neista. Þannig hefur það ávallt verið í öllum þróunarskeiðum okkar.

Sú vera sem við vitum mest um er stundum nefnd „Drottinn fjólubláa geislans.“ Hann er, svo að segja, „hóphugur“ þess geisla sem er í ofurfasa og leiðir þróun okkar til loka.

Það ógnarafl sem ég er að ræða um—„hið vígða afl“ fjólubláa geislans—hefur verið beint að nokkru marki að miklum fræðurum og leiðtogum á ýmsum tíma-skeiðum þegar þeir hafa komið í mannanna heim, en drottinn fjólubláa geislans er að sjálfsögðu einstakur.

Þetta margbrotna efni er svo flókið að næsta ómögulegt er að gefa skýra grein fyrir því einungis í orðum. Til viðbótar orðum þarf að koma djúp íhugun og einbeiting fremur en vitsmunaleg skoðun til að ná einhverjum grunnskilningi, sem mun halda áfram að vaxa. Hefðbundin nöfn og eiginleikar sem geisladrottnunum hafa verið gefin er mjög mikilvæg, ekki aðeins vegna þess að þau gefa einhverja

hugmynd um þær verur sem fókusera þennan kraft niður í þennan heim, heldur vegna þess að þær geta komið þér í samband við kosmíska orku, eru boðberar hennar voru hér á jörðu og ofar geislaorkunni. Það er að sjálfsögðu munur á „kosmískum Kristi“ og orku hans sem beint er í gegnum einstakling, og er að sá seinni er komin af þeirri fyrri og getur ekki birst án þess.

Kraftar geisladrottna eru mjög sterkir og djúpir. Það getur verið mjög gagnlegt að tengjast þeim huglægt við þann óhlutbundna þátt einstakling sem kallaður er „hærra sjálf“, einstaklingsvitundina eða sál.

Það er mögulegt með nægilegum undirbúningi og aðstæðum að hafa samband við þennan mikla kraft með siðapulum og þá þarf að gæta mikillar varúðar þar sem þessi kraftur hefur í sér eyðingaráhrif, „að brenna upp sorpið“ ef þeir eru færðir of nærri jarðarsviðinu. Venjulega bregst hann verksíðum—að nota tákn Tré lífsins í kabbalisma—frá hæsta þríhyrningnum gegnum Tiphareth en ekki „neðar“ þeim boðbera, en stundum getur það virkað inná astral og etersviðin. Hópur fólks er notaður til að birta áhrifin þar sem allir í hópnum njóta þeirra þar sem engin einn getur tengst slíkum krafti án afleiðinga. Hin mikli „geisli“ hefur þau áhrif að knýja „hærra sjálfið“ til að tengjast persónuleikanum og þeir sem hafa þróað slík tengsl munu finna svo sterk áhrif að það gæti jafnvel verið þeim ofviða. Þegar þessi „geisli“ er tekin gegnum persónuna móttækur hún hana með sama hætti og reynslu, hún tekur á móti reynslu hærra sjálfsins eins og hærra sjálfið safnar saman reynslu persónunnar eftir efnislegan dauða.

Þennan kraft kosmíks Krists má hugsa sér á hærri sviðum sem „sól að baki sólar“ þar sem geislinn sameinast Logosnum svo að segja. Nú hefur sá tími runnið upp að þessi mikli kraftur verður ekki lengur beint gegnum einstaklinga heldur hópa—í auknum mæli þar til hann tekur yfir allan heiminn. „Líkami“ innra svið

sem er notaður af kraftinum má hugsa sem hæsta dularþátt Horusar. Engu að síður vinna þær einstaklingsvitundir sem einu sinni birtu þennan kraft á jörðunni enn á fjarlægum sviðum og viðhalda honum í alheiminum.

Það er líklegt að stundum valdi það ruglingi þegar „geisli“ er tengdur sérstökum lit. Geisli kosmísks Krists er yfirsál Hugardrottinna. Hann vinnur í gegnum möndulhalla merkja Dýrahingsins og hefur í sér allt litróf eða setlög litanna þar sem lag hans er hinn svokallaði „Fjólublái.“ Græni geisli eða græna lagið í sama mikla geisla vinnur í gegnum kraft sem lýst er í goðsögunum um Osiris, Orpheus og Dionysos. Það er geisli hugans og leiðir í innsta hvel „leyndardómanna.“

(20)

Hollusta mannsins er við hið eina,—Einingu. „Hollusta“ er varla rétt orð til að nota þar sem hið eina er lögmál—engin önnur tilvera er möguleg, í henni lifum við, hrærumst og eigum okkar tilveru. Það er þó nauðsynlegt að skilja að það eina—Logosinn,—er í raun verðandi birting hins óbirta. Það er Eining, ekki vegna þess að það er samþjappað eða takmarkað, heldur vegna þess að það er óbreytanlegt.

Kjarni hvernar ódauðlegrar sálar er „orkukjarni“ í hinu óbirta. Logosinn gefur skipulagt efni í birtingu allra sviða til að byggja upp birtingarform hvers sviðs. Af þeim sökum er tilvera okkar skilyrt, lógóískt eðli er lögmál tilverunnar og undir þau verðum við að gangast ef við viljum lifa í samræmi við birtingu hans. Kjarni hvernar lifandi sálar á ekki uppruna sinn í Logosnum, heldur úr hinu óbirta. Hins vegar verður maðurinn er birtist á sviðum Sólarlogosarins og að vinna í og gegnum þær aðstæður,* þar sem lógóískt eðli eru lögmálin. Sólarlogosinn er guð sólkerfisins og gefur því lögmál sín, þessi Logos sem vinnur gegnum Plánetuverurnar

og erkienglaleiðsögn þeirra er uppruni þeirrar orkuskiptingar sem birtir sig innan sólarþokunar. Í stuttu máli, Sólarlogosinn skilyrðir og nærir kerfisbirtinguna sína. Hin mikla Óbirta er óskilyrt.

(21)

Það eru þrjú titlar sem geta verið ruglingslegir nema skýr hugmynd sé til staðar um þá. Þeir eru (1) Plánetusál (Planetary Entity), (2) Plánetuvitsmunir eða erkienglavitsmunir (the Planetary Intelligence or the Archangelic Intelligence), (3) Plánetuveran (the Planetary Being).

Plánetusálin er logóísk hugmynd um „plánetu“ eins og hún verðir í andlegum skilningi við lok þróunar. Þessi hugmynd hefur margvíslegar lýsingar, svo sem „Konungsríkið“, „Nýja Jerúsalem“ osfv.

Plánetuvitsmunir eða erkienglavitsmunir er erkiengilinn sem hafa verið settur til að „gæta“ plánetunnar á þróunarskeiði hennar, sá er einn af fyrsta sveimi. Sá er settur var til að gæta jarðarinnar er þekktur á Vesturlöndum undir nafninu Sandalphon. Hann er sagður hafa fyrst komið í nána stjórnun á jörðinni á Lemuríu tímabilinu þegar eldur var á sérstakan hátt kynntur á jörðinni. Þessi erkiengill, mikill sem hann er, hafí ekki náð sama stigi og plánetuvitsmunir Venusar eða Merkúrs, frá núverandi sjónarhorni, hinsvegar er mikilfengleiki hans slíkur að þessi stigsmunur er aðeins fræðilegur fyrir okkur. Hann er einnig að þróast og leita, svo að segja, til annarra meiri krafta—og að þessari hugmynd er ýjað að í ákveðnum dulspékikenningum sem snúa að táknmerkingum giftingar. Öðru hvoru hafa miklar verur frá öðrum og þróaðri „plánetum“ verið í tengslum við verk Sandalphon á plánetunni, sérstaklega frá Venusi.

Plánetuveran er mikið frumafl sem er samsett vitund (orðið notað í víðri merkingu) allra barna hennar—sem eru allar lifandi verur sem lifa á jörðu, menn,

skepnur, fuglar, skriðdýr, skordýr, fiskar, ofl. Í hinu mikla frumafli, Plánetuverunni, eru þau öll, eða ættu að vera, eitt, enda eru þau það, eða ættu að vera, sem eitt í samskiptum hvort við annað, það er vegna þess að samskiptin hafa rofnað, brotnað og verið svikin sem svo hefur leitt til þess að svo margt illt hefur átt sér stað. Það má gera ráð fyrir að þegar „konungsríkið kemur,“ þegar lógóíska hugmyndin um þessa plánetu hefur sannarlega ræst, þá muni allar jarðarverur vera eitt á ákveðnu stigi.

Allir ættu að muna að þroskaðar og þroskandi mannverur eru í mikilli skuld við jörðina, sem er í raun móðir þeirra, foreldri þeirra, þeir eru skapaðir af efni hennar og lifa á efni hennar og allt sem þeir framkvæma hér á jörð, allt sem þeir uppgötva í vísindum, allt sem þeir skapa í listum og framkvæmdum er einnig hluti hennar. En hún þroskast ekki eins hratt og börnin hennar og það er skylda þeirra að styðja við þróun hennar. Hvað svo sem þú gerir láttu það ekki vera eingöngu vegna áhuga þíns eða þér til hagsbót, heldur einnig hennar hagar og áhugi fyrir tilveru plánetunnar. Því meira sem þú gerir sem er vitundarlega sameiginlegt með þessu mikla frumafli því meira munu þeir hlutir blómstra, ekki aðeins í henni heldur einnig í þér. Það eru engir hlutir á jörðu né nokkur hugsun um jörðina sem ekki snerta Plánetuveruna— hversu mikil eða háleit, eða (því miður) ill eða grunn. Þú hefur mikla ábyrgð, ekki aðeins gagnvart þér sjálfum eða öðrum heldur einnig við hina miklu hópsál jarðarinnar, hina miklu móðir allra.

Því meir sem þú ert í tengslum við hana því meiri forréttindi öðlast þú að ná sambandi við leiðsagnarvitsmuni hennar og þeir munu leiðbeina þér einnig, ekki aðeins í efni jarðarlífsins heldur einnig til að nota slíka hluti til að hjálpa við að skapa framtíðarleið til þess tíma er Plánetuveran og Plánetusálin verða eitt.

Hjálpumst við að sameina þau tvö—logóísku hugmyndina um jörðina (sem jafnvel þú getur ekki séð fyrir þér þó þú getir ímyndað þér að einhverju leyti) og Plánetuveruna og látum þann tilgang sameinast um óskir þínar til handa þróuninni og ýtrustu viðleitni þína til að aðstoða móðir jörð. Eins og allur þroski ykkar gegnum aldirnar fylgir hin mikla móðir og þroski þess með ykkur. Þegar þú villist af réttri braut, leiðir þú hana einnig þangað og það er skelfilega rangt því það heftir þroska Plánetuverunnar.

Verið einnig umhyggjusöm um öll önnur líf hennar—fugla, skepnur, skordýr, frumöflin og öll önnur lífsform því að við þau áttu tengsl.

Það hefur verið mikil hjátrú og tilfinningasemi tengd þessu háleita einingarlögmáli, en hafið vel í huga hin mikla sannleik um sameiningartengsl allra þegar þú varpar ljósi á hjátrúna.

Verið meðvituð um gríðarlegan aldur Plánetuverunnar, sem hver ykkar er hluti af og gegnum hana færð þú jarðlífið, það má líkja henni við gríðarstórt býflugnabú með milljónir hólfskiptingu, þar sem hver hefur sitt hólf til að búa til hunang.

Verum einnig meðvituð um að erkienglavitsmunirnir skapa gífurlega vernd, kærleika og hollustu við og fyrir hverja og eina sköpunarveru á jörðunni, því hver þeirra er hluti jarðarinnar og með því að getað verndað hver aðra hvort eð er óbeint gegnum Plánetuveruna eða beint, ef þú hefur öðlast rétt, viðhaldið honum til að hafa beint samband hana.

Það sem er sagt hér, hversu ímyndafullt það kann að virðast, er mjög raunverulegt og er þess virði að íhuga mjög vel.

